allt

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir:

Skrifar lokaritgerð um Blythe-dúkkuna

• nám

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

4x4:

Fjórhjóladrifsbílar af öllum stærðum

Fylgir Fréttablaðinu dag ▶

SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

16. febrúar 2005 – 45. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 visir

MIÐVIKUDAGUR

MILLJÓNAHÆKKANIR Í HVERJUM MÁNUÐI Formaður Félags fasteignasala þvertekur fyrir að fasteignasalar sjálfir haldi íbúðaverði eins háu og þeim er mögulegt. Dæmi er um að íbúðir hafi hækkað um fjórar milljónir á þremur mánuðum. **Sjá síðu 2**

ÞJÓÐIN SYRGIR LÁTINN LEIÐTOGA Ekki er vitað með vissu hverjir réðu Rafik Hariri bana í Beirút í fyrradag en ekki er útilokað að sýrlensk stjórnvöld eða skjólstæðingar þeirra beri þar ábyrgð. Þjóðarsorg ríkir í Líbanon. **Sjá síðu 4**

SELJA MÁ SÍMANN OG LANDSVIRKJUN Stjórnvöld ættu að stefna að enn frekari tekjuafgangi á fjárlögum með því að draga úr framúrkeyrslu og útgjöldum, samkvæmt tillögum OECD. Minnka ætti húsnæðistengdar skattaívilnanir. Þá þyrfti að draga úr brottfalli nemenda á framhaldsskólastigi, selja Símann sem fyrst og einkavæða Landsvirkjun. **Sjá síðu 6**

VEÐRIÐ Í DAG



ÉLJAGANGUR UM SUNNAN- OG VESTANVERT LANDIÐ OG SUMS STAÐAR Á NORÐURLANDI Bjart með köflum austan til. Frost 0-5 stig. **Sjá síðu 4**

DAGURINN Í DAG

ELDSTÖÐVAKERFIN Í NÝJU LJÓSI Sveinn P. Jakobsson, jarðfræðingur NÍ, flytur fræðsluerindi: „Íslensku eldstöðvakerfin í nýju ljósi“, á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins á Hlemmi. Fyrirlesturinn hefst klukkan korter yfir tólf.

Kvikmyndir	30	Myndlist	29
Tónlist	29	Íþróttir	26
Leikhús	29	Sjónvarp	32

Meðallestur dagblaða



Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallups nóvember 2004

Óviðkomandi með öryggiskóða

Dæmi eru um að fyrrverandi öryggisverðir Securitas hafi öryggiskóða að fyrirtækjum og heimilum. Forstjóri Securitas segir fyrirtækið ábyrgjast fullkomlega þá þjónustu sem það veitir.

ÖRYGGISFYRIRTÆKI Sumir fyrrverandi öryggisverðir Securitas hafa gilda öryggiskóða að fyrirtækjum og heimilum sem keypt hafa þjónustu af fyrirtækinu. Fyrrverandi öryggisvörður afhenti blaðamanni Fréttablaðsins miða með númeri sem veitti fullan aðgang að því húsi sem blaðið hefur aðsetur í. Kóðanum var hins vegar breytt eftir samtal blaðamanns við forstjóra Securitas í gær.

Fréttablaðið hafði samband við nokkra fyrrverandi og núverandi starfsmenn Securitas sem segja of sjaldan skipt um öryggiskóða hjá fyrirtækjum miðað við hversu hröð starfsmannaveltan sé. Einn lýsti tíðum starfsmannaskiptum þannig að hann hefði aðeins þekkt lítinn hluta starfsfólksins þegar hann kom úr sumarfríi.

Guðmundur Arason, forstjóri Securitas, segir starfsmannaveltu fyrirtækisins vera minni en í mörgum samsvarandi fyrirtækjum í Evrópu og Ameríku. Þrátt fyrir það séu viðhafðar sömu reglur til að lágmarka áhættu sem felist í því að starfsmenn misnoti aðstöðu sína. Hann segir ekki hægt að upplýsa um allar fyrirbyggjandi aðferðir sem notaðar séu þar sem þær snerti öryggismál viðskiptavina fyrirtækisins. „Með vel skilgreindum vinnuaðferðum okkar og reynslu ábyrgjumst við eitt hundrað prósent þá þjónustu sem við veitum,“ segir Guðmundur.

BÓK MEÐ ÖRYGGISKÓÐUM Bókin er í eigu fyrrum öryggisvarðar Securitas.

Viðmælendur blaðsins sögðu suma fyrrum öryggisvarðanna enn eiga einkennisklæðnað sinn. Til að mynda hafi maður sem áður hafði starfað sem öryggisvörður verið fenginn til að hlaupa í skarðið vegna forfalla og hafi hann getað mætt í fullum skrúða til vinnu. **- hrs**

MYND/AP

TÍÐINDA BEÐIÐ AF SAMSTARFSMÖNNUM Námuverkamenn sem sluppu lifandi úr námunni þegar sprengingin varð biðu frétta af samstarfsmönnum sínum, sumir úrvinda og fengu sér jafnvel stuttan dúr þegar biðin lengdist.

Þingflokkur Framsóknarflokksins:

Þingflokkur tekur Kristin í sátt

STJÓRNMÁL Sættir náðust í gærkvöldi milli Kristins H. Gunnarssonar og þingflokks Framsóknarflokksins er Kristni voru boðin að nýju sæti í sjávarútvegsnefnd og umhverfisnefnd, sem hann sat í áður en honum var vikið úr nefndum í haust.

Ástæðan fyrir útilokun Kristins úr nefndum var þá sögð samstarfserfiðleikar milli hans og annarra í þingflokknum.

„Samþykkt var að ég færi aftur í sjávarútvegsnefnd og umhverfisnefnd þegar í stað. Þetta eru ekki allar nefndirnar sem ég var í áður, enda er erfitt að róta öllu til þegar svona langt er liðið á þinghaldið, en þetta verður allt stokkað aftur upp í haust.“

Kristinn verður í dag varaformaður í sjávarútvegsnefnd og umhverfisnefnd. „Ég er mjög ánægður með niðurstöðuna og tel að hún hafi verið skynsamleg. Okkur var ljóst að það varð að leysa málið. Staða flokksins er erfið. Það er nauðsynlegt að sýna stuðningsmönnum og kjósendum flokksins að þeir hafi áhrif.“ **- sda**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ Lekið hefur á áhorfendur.

Þjóðleikhúsið:

Allt á floti

LEIKHÚS „Það er misjafnt hvar lekur mest, það ræðst af veðri og vindum,“ segir Ásdís Þórhallsdóttir, umsjónarmaður Smíðaverkstæðis Þjóðleikhússins, en leikmyndir þar eru á floti.

„Við setjum fötur undir lekana og bíðum þess að stytti upp. Húsið er hriplekt.“ Ásdís segir að í verstu tilfellum hafi lekið á áhorfendur og reynst hafi nauðsynlegt að sópa vatnselg frá húsinu. **- bs**

Námuslys í Kína:

203 létust

KÍNA, AP Rúmlega tvö hundruð námuverkamenn fórust í mikilli gassprengingu í kínverskri kolanámu. Ekki er vitað hvað olli sprengingunni, sem varð 250 metra ofan í námunni.

Auk hinna látnu slösuðust tugir manna og í það minnsta tólf eru enn fastir neðanjarðar. Námuslys eru algeng í Kína en á síðasta ári létust ríflega sex þúsund manns í námuslysum. Slysið í fyrrakvöld er hið mannskæðasta frá árinu 1942, þegar 1.549 verkamenn týndu lífi í námuslysi í Mansjúríu, sem þá var hernumin af Japönum.

Stjórnvöld í Kína hafa fyrirskipað rannsókn á slysinu, sem þau tilkynntu þó ekki um fyrr en sólarhring eftir að það varð, og hétu því að gera allt sem hægt væri til að bjarga þeim sem saknað er. Talsmaður námufyrirtækisins sagðist of upptekinn til að ræða við fjölmiðla. ■

Fluttu inn fíkniefni:

Sjö ákærð

DÓMSMÁL Fimm menn og tvær konur hafa verið ákærð fyrir þátt sinn í innflutningi á eitt þúsund e-töflum og tæplega 132 grömmum af kókaíni. Flestir hafa játað. Sá elsti í hópnum er fæddur árið 1963 en sá yngsti árið 1983.

Fíkniefnin voru keypt í Hollandi. Tveir mannanna önnuðust kaupin, sem tveir aðrir fjármögnuðu. Sá elsti er sakaður um að hafa lagt á ráðin ásamt öðrum um innflutninginn. Efnin voru send til Íslands á hans nafni. Önnur kvennanna fór á pósthús til að sækja þau og fór með þau á heimili sitt. Hin konan er sökuð um peningaþvætti þar sem hún hafi tekið við peningum sem hún vissi að væru ávinningur af fíkniefnabroti. Hún neitar sök. **- hrs**

SPURNING DAGSINS

Jón, liggur þér á?

„Mér liggur alltaf á og helst vil ég fara hraðar í hvert skipti en ég má."

Jón Gunnarsson, þingmaður úr Vogum, hefur lagt fyrirspurn fyrir Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra um hvort eðlilegt sé að hækka leyfilegan hámarkshraða á Reykjanesbraut eftir að hún verður tvöfölduð.

Þykkvibær:

Stofa í rúst eftir vörubíl

UMFERÐARÓHAPP Vörubíll hafnaði á stofugólfi Miðkots 3 í Þykkvabæ í vikunni eftir að ökumaðurinn missti stjórn á bifreiðinni vegna hálku.
Bílstjórinn, sem var ekki í bílbelti, skrámaðist á andliti og kenndi sér meiðsla í mjöðm og baki.

Húsið, sem er aðallega notað sem sumarbústaður, var mannlaust þegar óhappið átti sér stað en hafði verið í notkun um helgina.

Tildrög slyssins voru þau að bílstjórinn, sem var að aka niður Þykkvabæjarveginn, missti stjórn á bifreiðinni í hálku er hann nálgaðist húsaþyrpinguna. Vörubíllinn stöðvaðist á sökkli hússins en talið er að annars hefði hann farið í gegnum húsið.

Eiganda hússins brá í brún við aðkomuna, sem var að hans sögn eins og bílskúrshurð hefði verið bætt við á hlið hússins. Öll húsgögn sem voru í stofunni eru talin ónýt.

- me

FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLVI SIGHVATSSON

ÓK INN Í HÚS
Vörubíllinn hefði lent í eldhúsinu ef sökkullinn hefði ekki stöðvað bílinn

Á RÍKISSTJÓRNARFUNDI
Ísrael er á krossgötum friðar eftir vopnahléð við Palestínumenn.

Ariel Sharon:

Erum stödd á krossgötum

JERÚSALEM, AP Ísraelar þurftu að stíga sársaukafull skref til að vinna að friði, sagði Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, á fundi í Jerúsalem með Samtökum erlendra fréttamanna. Hann vísaði til ákvörðunar sinnar um að leggja niður byggðir landtökumanna á Gaza og hluta Vesturbakkans.

Sharon sagði að Ísrael væri á krossgötum eftir friðarráðstefnuna með Palestínumönnum í síðustu viku. Hann sagði ráðstefnuna sýna að koma mætti friði á ef endi yrði bundinn á ofbeldisverkin sem hafa verið í algleymingi í Mið-Austurlöndum.

GUÐRÚN EBBA ÓLAFSDÓTTIR
Borgarfulltrúinn vill efla starf sjálfstæðra skóla til að auka val forráðamanna barna.

Grunnskólar Reykjavíkur:

Sjálfstæðið hefur aukist

REYKJAVÍKURBORG Í stjórnsýslu- og rekstrarúttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um fræðslumál kemur fram að stofnanir borgarinnar, þar á meðal grunnskólarnir, hafa fengið aukið sjálfstæði og og rekstrarábyrgð. Þá kemur einnig fram að skólastjórnendur telja sig hafa nægjanlegt fjárhagslegt og faglegt svigrúm við stjórnun og rekstur skóla.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, setti á fundi borgarstjórnar í gær spurningarmerki við sjálfstæði skóla í borginni. Hún benti á að ein skólastjórn væri yfir öllum skólum, þeir gætu ekki valið hvenær skólastarf hæfist eða lyki og verið væri að vinna gegn starfi sjálfstæðra skóla. Hún gladdist þó yfir auknu fjárhagslegu og faglegu svigrúmi skólanna. **- ss**

Milljónahækkanir í hverjum mánuði

Formaður félags fasteignasala þvertekur fyrir að fasteignasalar sjálfir haldi íbúðaverði eins háu og þeim er mögulegt. Dæmi eru um að íbúðir hafi hækkað um fjórar milljónir á þremur mánuðum.

FASTEIGNAVERÐ Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum að fasteignaverð á suðvesturhorni landsins hefur margfaldast undanfarin ár og sér ekki enn fyrir endann á þróuninni. Mörgum þykir undarlegt hversu mjög verð heldur áfram að hækka og eru ýmsir á þeirri skoðun að fasteignasalar geri sitt ítrasta til að halda verði í hámarki enda hærri söluþóknun í boði fyrir vikið.

Þeim dæmum fer fjölgandi sem berast inn á borð Fréttablaðsins þar sem ýmsir setja spurningarmerki við verðmyndun á fasteignamarkaðnum. Eðlilegt er að verð hækki þegar eftirspurn er meiri en framboð eins og verið hefur, en engu að síður eru til dæmi um verðhækkanir á sömu eignum um milljónir króna á örfáum mánuðum.

Á Vatnsendasvæðinu er verið að selja ýmsar eignir, þar á meðal tvílyft parhús sem eðli málsins samkvæmt eru eins að allri gerð og lögun. Ein hæðin á slíku húsi var seld fyrir þremur mánuðum síðan ásamt bílskúr fyrir 24 milljónir króna og nýverið var næsta hæð við hliðina auglýst til sölu ásamt sams konar bílskúr fyrir rúmar 28 milljónir króna. Það er hækkun um tæplega 1,4 milljónir á mánuði.

Kjallaraíbúð í vesturbæ Reykjavíkur var til sölu fyrir tæpar átta milljónir fyrir ári síðan. Stutt er síðan sama íbúð var aftur auglýst til sölu en eigendinn fór fram á 12,8 milljónir. Ekkert hafði verið unnið að endurbótum á umræddri íbúð í millitíðinni.

Grétar Jónasson, formaður Félags fasteignasala, segist kannast við þá umræðu að fasteignasalar geri sitt besta til að halda íbúðaverði í hámarki en segist fullviss um að meirihluti þeirra stundi slíkt ekki. „Auðvitað er auðvelt að halda slíku fram en staðreyndin er sú að þrátt fyrir að þóknun viðkomandi stofu eða sölumanns hækki í hlutfalli við söluverð er það ekki há upphæð og mér er til efs að til séu menn sem elta slíkt. Svo má ekki gleyma því að ábyrgð fasteignasala er mikil og ef kaupanda þykir eftir á að hyggja kaupverð óeðlilega hátt eru lög og reglur hans megin og hann getur stefnt fasteignasalanum. Þessi viðurlög eru hörð gagnvart öllum sem fasteignasölu stunda og velflestir ef ekki allir sem það gera vita vel af þeim lögum og reglum sem gilda um stéttina."

albert@frettabladid.is

GRÉTAR JÓNASSON
Formaður Félags fasteignasala vill ekki meina að fasteignasalar sjálfir reyni að halda íbúðaverði uppi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fasteignaheildsalar fylgjast með tækifærunum á húsnæðismarkaði:

Kaupa heilu blokkirnar og selja aftur

HÚSNÆÐISMÁL Ný stétt fasteignaheildsala hefur myndast upp á síðkastið. Fjárfestar hafa komið auga á aukin tækifæri á húsnæðismarkaði og séð sér hag í því að kaupa húsnæði og selja á tímapunkti þar sem þeir telja sig fá mest fyrir sinn snúð.

Byggingameistarinn slær þá af verðinu, fær hagkvæma fjármögnun og losnar við allt amstrið sem fylgir sölunni. Fjárfestirinn fær gróðann í eigin vasa.

Agnar Agnarsson fasteignasali hefur sérhæft sig í viðskiptum við fasteignaheildsala. Hann segir að í mörgum tilfellum kaupi fjárfestarnir heilu blokkirnar af byggingameisturum. Allir sjái sér hag í þessu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

AGNAR AGNARSSON FASTEIGNASALI
Hefur átt mikil viðskipti við fasteignaheildsalana. Hann segir þá venjulega fjárfesta sem hafi séð tækifæri á íbúðamarkaðnum.

„Fjárfestar semja við byggingameistara um að byggja heilu blokkirnar og kaupa af þeim aftur. Þeir fá íbúðirnar afhentar tilbúnar án gólfefna. Byggingameistarinn slær af verðinu því að það er hagræði fyrir hann að losna við alla söluvinnuna. Hann fær hagkvæmari fjármögnun og er laus við allt amstrið. Það er ekkert verið að grauta í breytingum, sem oft tefja verkið og gera íbúðirnar dýrari," segir Agnar.

- ghs

HLÝTT Á ÚRSKURÐINN
Christopher Pittman var fundinn sekur um morðið á ömmu sinni og afa.

Fimmtán ára piltur:

Dæmdur í 30 ára fangelsi

BANDARÍKIN, AP Fimmtán ára drengur var í gær fundinn sekur um að hafa myrt afa sinn og ömmu og á 30 ára fangelsisvist yfir höfði sér. Drengurinn, sem var á þunglyndislyfinu Zoloft, bar því við að aukaverkanir lyfsins hefðu leitt til þess að hann myrti móðurforeldra sína.

Verjendur piltsins báðu kviðdóminn um að senda skilaboð út í þjóðfélagið um að sökin á morðunum lægi hjá lyfinu og aukaverkunum þess en ekki piltinum. Þeir sögðu neikvæð áhrif þunglyndislyfsins vera mun meiri á börn en fullorðna og að það hefði skert dómgreind piltsins. Kviðdómurinn tók ekki undir það.

Ölvunarakstur:

Drukkin af munnskoli

BANDARÍKIN, AP Bandarísk kona var dæmd til tveggja ára skilorðsbundinnar fangelsisvistar fyrir að keyra undir áhrifum áfengis. Konan viðurkenndi að hafa verið undir áhrifum og sagði það vegna þess að hún hefði drukkið þrjú glös af munnskoli sem inniheldur áfengi. Áfengismagn munnskolsins sem konan neytti, Listerine, er 26,9 prósent.

Lögreglumenn höfðu afskipti af henni eftir að hún keyrði aftan á annan bíl á rauðu ljósi í síðasta mánuði. Áfengismagnið í blóði hennar reyndist þrisvar sinnum meira en leyfilegt er.

Forsætisráðherraval:

Læknir líklegastur

ÍRAK, AP Ibrahim al-Jaafari, læknir sem hefur unnið stærstan hluta starfsævi sinnar í London, þykir líklegastur til að verða næsti forsætisráðherra Íraks. Adel Abdul Mahdi, sem þótti einnig líklegur til að taka við embætti forsætisráðherra, dró sig í hlé í gær.

IBRAHIM AL-JAAFARI
Segist reiðubúinn að taka við starfi forsætisráðherra.

Báðir eru þeir úr Sameinaða íraska bandalaginu, sem hlaut nær helming atkvæða í kosningum til stjórnlagaþings Íraks og hlaut meirihluta sæta.

Ahmad Chalabi, sem var lengi óskakostur bandaríska varnarmálaráðuneytisins en féll síðar í ónáð, er einnig sagður koma til greina.

Eyðum tortryggni!

Landssíminn verður seldur á næstunni. Mistökin eru þau að Grunnnetið fylgir með.

Nýr eigandi eignast markaðsráðandi fyrirtæki.
Sama fyrirtæki stýrir aðgangi keppinauta sinna að Grunnnetinu.

Reynslan sýnir að:

1. Smærri fjarskiptafyrirtæki hafa verið beitt viðskiptahindrunum
2. Opinbert eftirlit hefur ekki komið í veg fyrir mismunun

Sala Grunnnetsins vinnur því gegn hagsmunum neytenda.

Alþingismenn og sveitastjórnir verða að setja sig inn í málið.

„Ætli þeir geri það?"

og vodafone™

Tryggjum frjálsa samkeppni
í fjarskiptum á Íslandi

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 15.02.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	62,28	62,58
Sterlingspund	GBP	117,56	118,14
Evra	EUR	80,80	81,26
Dönsk króna	DKK	10,86	10,92
Norsk króna	NOK	9,64	9,69
Sænsk króna	SEK	8,91	8,96
Japanskt jen	JPY	0,59	0,60
SDR	XDR	94,35	94,91

Gengisvísitala krónunnar
111,22 -0,01%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Íslenskur sjómaður bjargaðist við strendur Sómalíu:

Með flugi til Dubai á morgun

SÓMALÍA Íslenska sjómanninum Andrési Þorsteinssyni, sem skráður er til heimilis á Álftanesi en búsettur er í Brasilíu, er haldið í hafnarbænum Boosaaso í Norður-Sómalíu ásamt tveimur Norðmönnum, skipstjóra og háseta á fiskiskipinu Marie, sem gert er út frá Noregi.

Sjópróf verða haldin í dag eða á morgun og er búist við að þremenningarnir komist með flugi til Dubai á morgun. Íslendingurinn er búinn að hafa samband við fjölskyldu sína hér heima og líður honum vel.

Leki kom að vélarrúmi Marie, sem var á humarveiðum við norðurströnd Sómalíu, og sendi mannskapurinn út neyðarmerki sem norska björgunarmiðstöðin náði. Áhættusamt er að senda út neyðarmerki á þessu svæði því miklar líkur eru á því að vopnaðir sjóræningjar á smábátum verði fyrstir á svæðið. Það gerðist þó ekki.

Marie er bátur frá Úrúgvæ. Norðmennirnir og Íslendingurinn eru starfsmenn Ervik Havfiske útgerðarinnar. Samtals voru 16 sjómenn um borð. **- ghs**

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

BÁTUR SÖKK VIÐ SÓMALÍU
Íslenski sjómaðurinn og tveir Norðmenn sem voru um borð eru nú í Norður-Sómalíu. Þeir komast með flugi til Dubai á morgun. Hér má sjá Jan Egeland hjá Sameinuðu þjóðunum benda á kortið af Sómalíu.

Koma friðargæsluliðs:

Aðstæður kannaðar

SÓMALÍA, AP Afrískir og arabískir embættismenn skoðuðu þjálfunarbúðir fyrir lögreglumenn og ræddu við borgarstjórann í Mogadishu, höfuðborg Sómalíu, þegar þeir komu þangað til að kanna aðstæður áður en ákvörðun verður tekin um að senda friðargæsluliða til landsins, sem hefur búið við stjórnleysi í rúman áratug.

Ibrahim Omar Sabriyeh Shawey borgarstjóri sagði að Sómalar myndu fagna erlendum friðargæsluliðum. Þeir mættu þó ekki koma frá nágrannaríkjunum og allra síst Eþíópíu en stríði ríkjanna 1977 lauk með ósigri Sómala.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

VERKFALLSBÖRN
Ekki hefur verið kannað hvort verkfall grunnskólakennara í haust hafi valdið brottfalli nema. Slíkt þykir þó ólíklegt enda er slíkt ekki venja meðal grunnskólanema.

Fræðslustjóri Reykjavíkur:

Brottfall ekki rannsakað

MENNTAMÁL „Það hefur ekkert verið farið yfir slíkt á þessum tímapunkti og stendur ekki til að gera það sérstaklega," segir dr. Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Ekki hefur verið rannsakað hvort brottfall hafi orðið meðal þeirra grunnskólabarna sem lentu í löngu kennaraverkfalli í haust sem leið.

Gerður segir að venjan sé ekki sú að brottfall verði meðal grunnskólabarna en segir að 50 milljónir króna hafi verið eyrnamerktar til handa þeim sem illa urðu úti vegna verkfallsins. „Þar er kannski fyrst og fremst um þá að ræða sem koma frá svokölluðum brotnum heimilum eða eiga fáa að en hvernig þeim peningum hefur verið ráðstafað vitum við þó ekki á þessari stundu. Fjármagninu er ætlað að duga til vorsins og við ráðgerum engar sérstakar úttektir á þessum málum fyrr en næsta haust."

MIÐ-AUSTURLÖND

ÞURFA AÐ BJÓÐA BETUR Bretar, Frakkar og Þjóðverjar verða að bjóða Írönum meiri stuðning, bæði efnahagslega og tæknilega, ef þeir ætla sér að ná samningum um kjarnorkuáætlun Írana, sagði Kamel Kharrazi, utanríkisráðherra Íran. Viðræður við Írana um að þeir komi sér ekki upp búnaði til að auðga úraníum ganga illa.

Þjóðin syrgir látinn leiðtoga

Ekki er vitað með vissu hverjir réðu Rafik Hariri bana í Beirút í fyrradag en ekki er útilokað að sýrlensk stjórnvöld eða skjólstæðingar þeirra beri þar ábyrgð. Þjóðarsorg ríkir í Líbanon.

BEIRÚT, AP Þjóðarsorg ríkir í Líbanon eftir að fyrrverandi forsætisráðherra landsins lét lífið í sprengjuárás á mánudaginn við þrettánda mann. Enn er óvíst hverjir stóðu að baki tilræðinu en margir hallast að því að Sýrlendingar hafi haft hönd í bagga. Óttast er að tilræðið leiði af sér ólgu í landinu.

Þriggja daga þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í Líbanon eftir morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra landsins. Skólar, bankar og verslanir voru lokuð og fáir voru á ferli í höfuðborginni. Auk Hariri týndu þrettán manns lífi í árásinni og rúmlega 120 særðust. Her landsins er í viðbragðsstöðu.

Áður óþekkt samtökt lýstu í fyrradag morðunum á hendur sér í myndbandsupptöku sem sýnd var á Al-Jazeera sjónvarpsstöðinni en yfirlýsingunni er þó tekið með varúð. Meðal þeirra sem álíta að sýrlensk stjórnvöld beri ábyrgð á tilræðinu er Michel Aoun, fyrrverandi hershöfðingi sem stóð fyrir uppreisn í landinu snemma á tíunda áratugnum, en hann er nú í útlegð í Frakklandi. Bashir Assad, forseti Sýrlands, hefur hins vegar fordæmt árásina, rétt eins og stjórnmálamenn víða um heim, þar á meðal Bush Bandaríkjaforseti.

Hariri var sextíu ára að aldri og stórefnaður. Hann var forsætisráðherra Líbanon í alls tíu ár eftir að borgarastyrjöldinni þar lauk fyrir fimmtán árum. Hariri sagði hins vegar af sér embætti í fyrrahaust eftir deilur um afskipti Sýrlendinga af stjórn landsins.

Spenna hefur farið vaxandi í Líbanon undanfarna mánuði eftir að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun þar sem skorað var á sýrlensk stjórnvöld að hætta afskiptum af líbönskum innanríkismálum. Sýrlendingar halda úti 15.000 manna herliði í landinu og hafa mikil ítök í stjórnmálalífinu. Einhverjir stjórnmálaskýrendur telja að tilræðismennirnir vilji spilla friðnum fyrir botni Miðjarðarhafs eftir að Ísraelar og Palestínumenn sömdu um vopnahlé en sýrlensk stjórnvöld og ýmis samtök sem starfa í skjóli þeirra, til dæmis Hizbollah, eru sögð lítt hrifin af þróun mála þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HÖNDUM FÓRNAÐ
Mikil reiði ríkir í Líbanon í garð stjórnvalda í Beirút og Damaskus vegna sprengjuárásarinnar á mánudaginn. Víða var mótmælt í landinu í gær, til dæmis í hafnarborginni Sídon.

Slæmar aðstæður:

Uppreisn hjá föngum

ASERBAÍDSJAN, AP Á þriðja hundrað fangar í fangelsi í Bakú, höfuðborg Aserbaídsjan, gerðu uppreisn gegn slæmum aðstæðum í fangelsinu og kröfðust þess að fangelsisstjórarnum yrði vikið úr starfi.

Fangarnir brutu sér leið upp á þak fangelsisins til að leggja áherslu á kröfur sínar. Þeir meiddu enga fangaverði og settust niður að samningaviðræðum við embættismenn og mannréttindafrömuði. Natig Talybov fangelsismálastjóri sagði aðgerðir fanganna og kröfur ólöglegar en lagði áherslu á að finna friðsamlega lausn á deilunni. Hann hét því að beita ekki valdi.

Al-Kaída:

Getur enn gert árás

SÞ, AP Al-Kaída samtökin eru enn fær um að gera mannskæðar árásir, að því er fram kemur í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Þar segir enn fremur að aðeins sé tímaspursmál hvenær samtökunum takist að gera mannskæða árás.

OSAMA BIN LADEN
Leiðtogi Al-Kaída.

Skýrsluhöfundar segja að al-Kaída reyni að koma sér upp gjöreyðingarvopnum, svo sem efnavopnum og kjarnorkusprengjum. Hryðjuverkaárásir al-Kaída og samtaka sem njóta aðstoðar þeirra eru meðal helstu ógna sem steðja að heiminum í dag, að sögn skýrsluhöfunda, en einnig kemur fram að önnur af helstu ógnum sem heimurinn standi frammi fyrir sé frekari útbreiðsla gjöreyðingarvopna.

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið. Fólk undir 18 ára aldri verður ekki afhentur miði þar sem aldurstakamark er 18 ára.

Veðrið

LÆGIR SÍÐDEGIS
Hvöss vestlæg átt í fyrstu með alldimmum éljum sunnan og vestan til og sums staðar á Norðurlandi. Lægir síðdegis og dregur heldur úr ofankomu. Skaplegra verður veðrið fyrir austan, þar sem ætti að rofa til þegar kemur fram á morguninn og dagsinn. Vægt frost í dag en hlýnar heldur á morgun.

NÆSTA HELGI
Hæg breytileg átt báða dagana. Bjartviðri á laugardag og úrkomulaust en víða lítilsháttar slydduél á sunnudag, hlýnar og hiti þá 0-5 stig.

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Í dag um hádegi



Á morgun



Fremur stíf suðvestanátt sunnan til, annars hægari.

Föstudagur



Hæg norðlæg eða breytileg átt.

Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	0°C	alskýjað	París	4°C	léttskýjað	Torrevieja	13°C	skýjað
Ósló	-6°C	skýjað	Prag	1°C	snjóél	Róm	10°C	skýjað
Stokkhólmur	-2°C	alskýjað	Amsterdam	2°C	alskýjað	New York	11°C	rigning
London	6°C	léttskýjað	Varsjá	2°C	alskýjað	Miami	27°C	heiðskírt

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



Prófaðu Nicorette Freshmint

`{u¢¥w§§w2X¥w¦z {¡§2w¥2¡$§§2¡{}É§¦¡§¬yy{yÎ ¦2¦w 2&æy{wy§2w¥2s 2§¬yy|s2ô22&s 2w¥2 |Î}§>2
xw¥¦}§2¢y2zwx¨¥2s¡y©s¥s¡v{2 ¬¡§¨t¥sy @2Ċ2ªªª@¡{u¢¥w§§w@{¦2w¥2zæy§2s 2w¦s2 w{¥s2¨ 2
`{u¢¥w§§w2¬x{¡>2x¹2¦§¨ ¡{¡y2¢y2yÉ 2¥¹ 2¦2ts¥¹§§¨¡¡{2©{ 2¡æ¦§¨2¦y s¥w§§¨@2

nicorette®

Nicorette nik·t²nlyf eru f§anleg §n lyfseÎils og eru notuÎ Îegar reykingum er hÞtt eÎa Îegar dregiÎ er ¼r reykingum. Til aÎ n§ sem bestum §rangri skal §vallt fylgja leiÎbeiningum ² fylgiseÎli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir Îv² hve mikiÎ er reykt, hvort hÞtta § reykingum eÎa draga ¼r Îeim. ī v² ber aÎ kynna s®r upplÎsingar um notkun ² fylgiseÎli. Ċ fylgiseÎlinum eru upplÎsingar um: verkun og notkun, varı¼Îarreglur, mikilvÞgar upplÎsingar sem nauÎsynlegt er aÎ lesa §Îur en lyfin eru notuÎ, hugsanlegar aukaverkanir og aÎrar upplÎsingar. LeitiÎ til lÞknis eÎa lyfjafrÞÎings ef Î°rf er § frekari upplÎsingum um lyfin. ī eir sem fengiÎ hafa ofnÞmi fyrir nik·t²ni eÎa °Îrum innihaldsefnum lyfsins, nÎlegt hjarta§fall, ·st°Îuga versnandi hjarta°ng, alvarleg hjartsl§ttargl°p eÎa nÎlegt heilabl·Îfall eiga ekki aÎ nota Nicorette nik·t²nlyf. B°rn yngri en 15 §ra, Îungaîar konur og konur meÎ barn § brj·sti eiga ekki aÎ nota Nicorette nik·t²nlyf nema aÎ r§Îi lÞknis. LesiÎ allan fylgiseÎilinn vandlega §Îur en byrjaÎ er aÎ nota lyfiÎ. GeymiÎ fylgiseÎilinn. NauÎsynlegt getur veriÎ aÎ lesa hann s²Îar. Handhafi markaÎsleyfis: Pfizer ApS. UmboÎ § Ċslandi: Vistor hf., H°rgat¼ni 2, GarÎabÞ.

KJÖRKASSINN

Hefur þú unnið svart?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	49,4%
Nei	50,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að setja siðareglur fyrir alþingismenn?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

visir

Ósátt um vegatálma:

Deilt um brotthvarf frá Jeríkó

ÍSRAEL, AP Ísraelskir og palestínskir samningamenn deildu í gær um hvernig staðið skyldi að brottför Ísraelshers frá Jeríkó á Vesturbakkanum og hvað gera skyldi við vegatálma og hersveitir í nágrenni borgarinnar.

Jeríkó er ein fimm borga og bæja á Vesturbakkanum sem Ísraelar hafa heitið því að hverfa frá og láta Palestínumönnum eftir að stjórna og halda uppi öryggisgæslu í.

Deilurnar um brotthvarfið frá Jeríkó snúa einkum að tveimur kröfum Palestínumanna. Þeir vilja að Ísraelar fjarlægi alla vegatálma og eftirlitsstöðvar í nágrenni Jeríkó og að ísraelskar hersveitir hverfi einnig frá þorpi í nágrenni Jeríkó. Ísraelar eru ósáttir við þessar kröfur.

Samningar eru ekki hafnir um brotthvarf Ísraela frá fjórum öðrum borgum á Vesturbakkanum og því getur niðurstaðan í samningum um Jeríkó haft mikið að segja um hvernig staðið verður að brotthvarfi Ísraelshers annars staðar. ■

HALDIST Í HENDUR
Ísraelskur lögreglumaður tekur í hönd palestínskra pilta sem halda á mynd af Jasser Arafat.

ASÍA

529 LÁTNIR Fórnarlömbum mikilla vatns- og snjóflóða í Pakistan sem vitað er um hefur fjölgað um 79. Staðfest hefur verið að 529 manns létu lífið í óveðri í norðvesturhluta landsins. Mikil snjóalög í norðvesturlandamærahéraðinu hefta hjálparstarf á þessum slóðum.

BLÓÐI DRIFNAR KOSNINGAR Tveir féllu þegar lögreglumenn skutu á hóp manna sem reyndi að hleypa upp kosningum í Bihar í Indlandi. Einn kosningastarfsmaður lét lífið þegar tveimur fylkingum lenti saman við kjörstað og hófu skothríð. Þrettán særðust í sprengjuárásum sem talið er að maóískir uppreisnarmenn hafi staðið fyrir víða í ríkinu.

LANDMÆLINGAR Á HORNSTRÖNDUM
Forstjóri Landmælinga Íslands segir fjölgun barneigna starfsmanna á árinu bjarga því að ekki hafi komið til uppsagna þegar fé frá ríkinu var skorið niður um sextán milljónir.

Landmælingar Íslands:

16 milljóna sparnaður

FJÁRLÖG „Með gagnrýnni hugsun“ á fjárútlátum í rekstri Landmælinga Íslands hefur tekist að spara sextán milljónir, segir Magnús Guðmundsson forstjóri. Landmælingar fengu í ár fjórtán milljónir króna á fjárlögum, en þrjátíu árið á undan.

Magnús segir fimm starfsmenn taka fæðingarorlof á árinu sem spari launakostnað í bili. Aðrar sparnaðarleiðir en uppsagnir hafi verið valdar:

„Við sögðum til dæmis upp samningi við Teit Jónasson sem sá um rútuferðir fyrir starfsmenn,“ segir Magnús. Bílar fyrirtækisins flytji nú fólk til vinnu. **- gag**

VÍGAMAÐUR
Þessi meðlimur samtakanna Íslamskt jíhad hélt vopni sínu á lofti þegar líki Muhammed Al Azzazi, sem Ísraelar felldu fyrir nokkru, var skilað.

Ísraelskir hermenn:

Skutu tvo til bana

MIÐ-AUSTURLÖND, AP Ísraelskir hermenn skutu tvo vopnaða Palestínumenn til bana nærri byggð landtökumanna á Vesturbakkanum eftir að dimma tók í gærkvöldi. Talsmaður hersins sagði hermenn hafa orðið vara við Palestínumennina þar sem þeir nálguðust Bracha, landtökubyggð Ísraela.

Meðlimir Al Aqsa-hreyfingarinnar sögðu að Ísraelar hefðu skotið mennina að tilefnislausu, þeir hefðu verið að gæta yfirgefinnar byggingar í nágrenninu. Hótuðu Al Aqsa-liðar því að hefna falls mannanna. ■

MIÐ-AUSTURLÖND

KÚRDAR DÆMDIR Fimmtán Kúrdar voru dæmdir til allt að þriggja ára fangelsisvistar vegna þátttöku þeirra í mótmælum gegn sýrlenskum stjórnvöldum í fyrra. 25 manns létust í átökum í Dummarhéraði Sýrlands milli kúrdískra mótmælenda og öryggissveita stjórnvalda.

Selja má Símann og Landsvirkjun

OECD segir að stjórnvöld ættu að stefna að frekari tekjuafgangi á fjárlögum með því að draga úr framúrkeyrslu og útgjöldum og minnka skattaívilnanir í húsnæðiskerfinu. Þá ætti að selja Símann og einkavæða Landsvirkjun.

EFNAHAGSMÁL Helsta markmið íslenskra stjórnvalda í efnahagsmálum næstu árin er að draga úr óstöðugleika, að því er fram kemur í nýútkominni hagskýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um Ísland.

Síðasta uppsveiflutímabil, sem hófst 2003, hefur verið miklu öflugra en búist var við og ræðst það einna helst af verulegri eftirspurn á húsnæðismarkaði og jákvæðra áhrifa stóriðjuframkvæmda í tengslum við álframleiðslu.

Þörf er á frekari hækkun stýrivaxta Seðlabanka Íslands á árinu 2005 svo koma megi í veg fyrir víxlhækkun launa og verðbólgu. Þá er mælt með því að Seðlabankinn komi á reglulegum fundum um stýrivexti.

Stjórnvöld ættu jafnframt að stefna að enn stærri tekjuafgangi á fjárlögum en ráð er gert fyrir með því að herða eftirlit með endurtekinni framúrkeyrslu, koma á enn frekari aðhaldi í útgjöldum og draga úr skattaívilnunum á húsnæðismarkaði.

Í skýrslunni segir að nauðsynlegt sé að grípa til aðgerða til að treysta stöðugleika og nauðsynlegt er hvatt til áframhaldandi sveigjanleika í málefnum innflytjenda.

Þá segir að þær stóriðjufjárfestingar sem ráðist hefur verið í muni hafa veruleg áhrif á umhverfismál hér á landi. Umhverfismat tengt þeim hafi leitt í ljós að á síðari árum muni Íslendingar ef til vill þurfa að glíma við vandamál á borð við uppblástur og því sé þörf á auknu eftirliti með umhverfisáhrifum stóriðjuframkvæmda.

Þá telja sérfræðingarnir sem unnu skýrsluna að bregðast verði við því hversu hátt hlutfall nemenda á framhaldsskólastigi hætti námi án þess að útskrifast og sé stytting náms á framhaldsskólastigi jákvætt skref í þá átt.

Mælt er með því að sölu Símans verði flýtt sem mest megi og greiða þurfi aðgang nýrra aðila að fjarskiptamarkaðnum. Bent er á að orkufyrirtæki séu enn algjörlega í opinberri eigu þrátt fyrir breytingar á reglugerðum þar um. Koma megi á samkeppni með því að einfalda samsetningu eignarhalds á fyrirtækjum á orkumarkaði og íhuga ætti einkavæðingu Landsvirkjunar.

GEIR H. HAARDE FJÁRMÁLARÁÐHERRA
Í hagskýrslu OECD segir að greiða þurfi aðgang nýrra aðila að fjarskiptamarkaðnum. Jafnframt er bent á að orkufyrirtæki séu enn algjörlega í opinberri eigu þrátt fyrir breytingar á reglugerðum þar um. Koma megi á samkeppni með því að einfalda samsetningu eignarhalds á fyrirtækjum á orkumarkaði og íhuga eigi einkavæðingu Landsvirkjunar.

sda@frettabladid.is

ILLA LEIKIÐ FÓRNARLAMB
Á fjórða hundrað manns slösuðust í eldsvoðanum í Arg-moskunni.

Eldur í mosku:

Sextíu manns biðu bana

TEHERAN, AP Í það minnsta sextíu manns fórust í eldsvoða í mosku í Teheran í fyrrakvöld og 350 til viðbótar slösuðust. Öngþveiti greip um sig þegar eldurinn kom upp og létust margir þegar liggjandi fólk tróðst undir. Talið er að kviknað hafi í út frá olíuhitara sem var of nálægt tjaldi sem notað var til að skilja að karla og konur. Ali Khameini erkiklerkur og Mohammed Khatami, forseti Írans, hafa sent ættingjum hinna látnu samúðarkveðjur. ■

Vélstjórar:

Breyta ekki samningnum

KJARAMÁL Slitnað hefur upp úr viðræðum samninganefnda Vélstjórafélags Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna um breytingar á núverandi kjarasamningi vélstjóra.

Með viðræðunum átti að auðvelda framkvæmd hins nýja samnings LÍÚ og sjómanna, þar sem neikvætt þykir að vélstjórar og sjómenn á sama skipi hafi ólíka samninga. Ákvæði um hafnarfrí og uppgjör veiðiferða stangast á í samningunum, samkvæmt vef Vélstjórafélagsins. **- gag**

Fjármálaráðherra um hagskýrslu OECD:

Viðurkenning á efnahagsstefnunni

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde fjármálaráðherra segir að hagskýrsla OECD um Ísland sé mjög jákvæð og viðurkenning á efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar undanfarin ár.

„Vissulega er að finna í álitinu ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara og er hún góð áminning um að það verður alltaf að standa vaktina í ríkisfjármálum og efnahagsmálum,“ segir Geir.

Skýrsluhöfundar mæla meðal annars með því að Landsvirkjun verði seld og Síminn verði seldur hið fyrsta. „Einkavæðing í raforkugeiranum er ekki á dagskrá þó svo að hún gæti hugsanlega átt sér stað á næstu árum,“ segir Geir.

Spurður út í helstu ábendingar skýrsluhöfunda, svo sem að auka þurfi aðild í ríkisfjármálum með því að draga úr útgjöldum ríkisins og koma í veg fyrir framúrkeyrslu á fjármálum, segir hann það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar. „Þetta er hins vegar góð ábending til þeirra sem gera sífelldar kröfur til aukinna fjárútláta úr ríkissjóði,“ segir hann.

Aðspurður segir hann að ekkert í skýrslunni hafi komið sér á óvart og þar hafi ekki verið neitt ófyrirséð enda rími hún fyllilega við jákvæða umsögn um Ísland í skýrslu Standard og Poor sem fram kom í síðasta mánuði. **-sda**

Laugavegur:

Brynja fer hvergi

SKIPULAGSMÁL „Brynja verður ekki rifin, þótt annað hafi komið fram í vissum fjölmiðlum,“ segir Brynjólfur Björnsson, eigandi járnvöruverslunarinnar Brynju á Laugavegi.

Borgaryfirvöld hafa gefið heimild til að rífa fasteignina við Laugaveg 29 þar sem Brynja stendur, ásamt fleiri húsum við Laugaveg, en það er algjörlega háð vilja eigenda hvort það verður gert. Brynjólfur segir að margir hafi komið að máli við sig felmtri slegnir og óttast að búðin væri að hverfa af Laugaveginum. „Ég get fullvissað fólk um að við erum ekkert að fara. Við erum í góðu húsnæði sem okkur líður vel í og sjáum enga ástæðu til að flytja,“ segir Brynjólfur og bætir við að ekki standi til að selja fasteignina.

Húsið var reist árið 1909 en járnvöruverslunin hefur verið rekin þar síðan á haustmánuðum 1919. Verslunin hefur óneitanlega sett mikinn svip á Laugaveginn og þætti mörgum sjónarsviptir af henni ef húsið yrði rifið. **- bs**



allir anda léttar

ef þú byrjar flugið á bílnum

HÉR & NÚ / SÍA

Komdu á bílnum að Leifsstöð næst þegar þú ferð utan. Við setjum hann í örugga geymslu meðan þú ert erlendis, þrífum hann ef þú vilt og við heimkomu stígur þú upp í hann tandurhreinan. Enginn þarf að vakna um miðja nótt til að skutla þér. Enginn þarf að fá frí úr vinnu til að sækja þig.

Tryggðu þér Securitas öryggi

Njóttu góðrar ferðar.

SECURITAS

Innbrotakerfi • Aðgangsstýrikerfi • Öryggismyndavélar • Mönnuð gæsla • Öryggishnappur • Vöruverndarhlið • Slökkvitæki
Brunaviðvörunarkerfi • Sjálfvirk slökkvikerfi • Verðmætaflutningar • Farandgæsla • Hússtjórnarkerfi • Rýrnunareftirlit

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða fangelsi er ekki mannsæmandi að mati fangelsismálastjóra?*

2 *Hverjir hafa tryggt sér sigur í Reykjavíkurmeistaramóti karla í fótbolta?*

3 *Hvaða stofnun ætlar að kanna hvað valdi háu fasteignaverði?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Þingmenn flestra flokka:

Vilja siðareglur alþingismanna

ALÞINGI Fimm þingmenn allra flokka nema Sjálfstæðisflokksins hafa óskað eftir því að forsætisnefnd Alþingis móti siðareglur fyrir alþingismenn.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að rétt og eðlilegt sé að þingmenn setji sér siðareglur líkt og ýmsar aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu, sem og þingmenn annarra þjóðþinga. „Með því styrkja þeir þingræðið og trúnað við kjósendur sína og þjóðina í heild," segir þar.

Í Noregi, Danmörku og Svíþjóð eru til siðareglur fyrir þingmenn, sem og í breska þinginu og Evrópuþinginu.

Í bresku siðareglunum er að finna ákvæði um tilgang þeirra og skyldu þingmanna gagnvart almenningi, bæði í opinberum störfum og persónulegu framferði. „Sem dæmi um reglur sem lúta að því síðarnefnda má nefna óeigingirni, heiðarleika, hlutleysi og skyldu til að bera ábyrgð á gerðum sínum," segir í greinargerðinni.

FUNDUR Á ALÞINGI
Þingmenn hafa óskað eftir því að mótaðar verði siðareglur fyrir alþingismenn í því skyni að styrkja þingræðið og trúnað við þjóðina.

Dönsku reglurnar gera meðal annars ráð fyrir því að þingmenn og ráðherrar skýri frá störfum sínum utan þings auk þess að greina frá efnahagslegum eða fjárhagslegum stuðningi umfram það sem þingflokkurinn og þingið veitir og frá hverjum stuðningurinn er. Þá ber þeim að skýra frá dýrum gjöfum sem tengjast starfinu og frá ferðum og heimsóknum til útlanda er tengjast þingmennskunni og eru ekki að fullu greiddar af hinu opinbera. **- sda**

Augusto Pinochet:

Skatturinn í framtölin

CHILE, AP Skattayfirvöld í Chile hafa sett aukinn kraft í rannsókn sína á skattamálum Augusto Pinochet, fyrrum forseta landsins. Skattayfirvöld hyggjast fara í gegnum skattframtal Pinochet síðustu tuttugu árin til að rannsaka hvort hann hafi svikið undan skatti.

Pinochet er sakaður um að hafa falið andvirði hundraða milljóna króna á bankareikningum í Bandaríkjunum sem hann gaf ekki upp til skatts.

Rannsókn skattayfirvalda beinist nú, að sögn þarlends dagblaðs, að öllum forsetaferli hans og árunum eftir að hann lét af embætti. ■

Breskir íhaldsmenn:

Vilja HIV-prófa innflytjendur

BRETLAND Ef tillögur breskra íhaldsmanna ná fram að ganga munu allir innflytjendur sem koma til Bretlands frá löndum utan Evrópu verða rannsakaðir af læknum til að sjá hvort þeir séu smitaðir af HIV-veirunni, lifrarbólgu eða berklum. Berklasjúklingar yrðu sendir úr landi en mál annarra sjúklinga yrðu skoðuð sérstaklega.

MICHAEL HOWARD
Vill láta lækna rannsaka innflytjendur.

Michael Howard, leiðtogi íhaldsmanna, sagði í samtali við dagblaðið Independent að með þessu mætti koma í veg fyrir að heilbrigðiskerfið yrði misnotað. Talsmenn innflytjenda hafa gagnrýnt tillögurnar harðlega. ■

MYND/AP

HYATUN NAFIS KYSSIR SON SINN
Röð tilviljana réði því að snáðinn komst á ný í hendur móður sinnar eftir nær tveggja mánaða viðskilnað.

Ánægjulegir endurfundir:

Forsjónin sameinaði mæðgin á ný

BANDA ACEH, AP Örvæntingarfullri leit indónesískrar konu að tíu ára gömlum syni sínum sem týndist eftir hamfaraflóðin á annan dag jóla er loksins lokið. Tilviljun réði því að mæðginin sameinuðust á ný.

Iwan Nafis var staddur hjá ömmu sinni og afa þegar hörmungarnar dundu yfir. Hann komst lífs af og var farið með snáða í neyðarbúðir sem reistar höfðu verið í kjölfar flóðanna. Áfallið var hins vegar það mikið fyrir Iwan litla að hann gat ekki munað hvar foreldrar hans áttu heima né hvað þau hétu. Á sunnudaginn ákváðu starfsmenn búðanna að gera sér og börnunum glaðan dag og fóru í ökuferð um Banda Aceh og þegar þau óku grunlaus inn í götuna þar sem Iwan átti heima í rofaði til í huga hans. Í framhaldi af því var mögulegt að finna foreldra hans. Það varpar hins vegar skugga á endurfundina að tveggja systkina Iwans er ennþá saknað.

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna áætlar að allt að 8.000 börn frá Aceh-héraði hafi orðið viðskila við foreldra sína en svæðið varð hörmulega úti í hamförunum. ■

Aðbúnaður í fangelsinu á Akureyri:

Hreint og klárt lögbrot

FANGELSI Aðbúnaður fanga í fangelsinu á Akureyri er hreint og klárt lögbrot, segir Margrét Frímannsdóttir alþingismaður. Hún vísaði í viðtali við Fréttablaðið í lög um fangelsi og fangavist, sem kvæðu skýrt á um rétt fanga til að stunda vinnu, fá heilbrigðisþjónustu og tiltekinn aðbúnað, sem ekki væri til staðar í fangelsinu.

MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR
Óttast að starfsfólk í fangelsum gefist upp og hætti.

Eins og fram kom í blaðinu í gær er ekki aðstaða til að bjóða föngum þar upp á neina vinnu. Aðstaða til heimsókna er engin. Útivistarsvæðið er lítið svæði umgirt fangelsisveggjum. Yfir það er strekkt vírnet.

Margrét sagði að aðstæður fanga í Akureyrarfangelsinu hefðu verið gagnrýndar í nokkur ár, en lítið hefði gerst.

„Það sem er helst til bóta er að nú höfum við fengið fangelsismálastjóra, sem lætur sig málin varða," sagði Margrét, sem hefur lengi barist fyrir því að málefni fanga verði færð til betri vegar. „Hann talar um hlutina eins og þeir eru og berst fyrir úrbótum. En ég er alveg klár á því að ef engar útrbætur verða í fangelsinu á Akureyri eða í öðrum fangelsum, þar sem sárlega skortir aukna geðheilbrigðisþjónustu og betri aðbúnað fanga, þannig að það standist kröfur, þá höldum við ekki lengi í svo gott starfsfólk sem við höfum nú. Það er mjög alvarlegur hlutur."

Margrét sagði að úrbótum í fangelsismálum hefði lítið miðað á undanförnum árum. Hún sagði enn fremur að afeitrunardeildin sem fyrirhuguð væri í nýju fangelsi á Hólsheiði væri nokkuð sem aðstandendur fanga hefðu barist fyrir um langa hríð.

„Ef einstaklingurinn fær meðferð um leið og hann hefur afplánun lágmarkar það hættuna á því að það sé sífellt verið að reyna að smygla lyfjum eða dópi inn í fangelsin, eins og fréttir berast af öðru hvoru. Sú forgangsröðun sem núverandi fangelsismálastjóri, Valtýr Sigurðsson, hefur sett upp gjörbreytir að mínu mati viðhorfi og baráttu fyrir úrbótum í fangelsismálum. Hann talar á nákvæmlega sama hátt og aðstandendur fanga, svo og þeir fáu sem láta sig málefni fanga varða."

jss@frettabladid.is

Einkabankaþjónusta | Private Banking

Kynningarfundur í dag

Fjármögnun fasteigna erlendis

Landsbankinn heldur kynningarfund um fjárfestingu í fasteignum erlendis á Hótel Sögu, fundarsal A, **í dag, 16. febrúar kl. 16 – 18.**

Dagskrá:
- Ingólfur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Einkabankaþjónustu, greinir í stuttu máli frá breytingum á Einkabankaþjónustu Landsbankans.
- Þorvaldur Þorsteinsson, fjármálaráðgjafi, lýsir þjónustu bankans á sviði fjárfestinga í fasteignum erlendis.
- Kristján G. Valdimarsson, forstöðumaður skattaráðgjafar, gerir grein fyrir skattamálum sem tengjast fjárfestingum af þessu tagi.
- Tim Watts, yfirmaður fjárfestinga í íbúðarhúsnæði hjá Cordea Savills, fjallar um fasteignamarkaðinn í Englandi.
- Brynhildur Sverrisdóttir, sjálfstæður fjármálaráðgjafi, segir frá reynslu sinni af fasteignakaupum í Luxemborg, Frakklandi og Englandi.

Fundarstjóri er Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri.

Veitingar í boði.

Allir velkomnir
en vinsamlegast tilkynnið þátttöku í síma 410 7140 eða á landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS CAL 24448 02/2005

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

ÁRÍÐANDI!

EKKI GLEYMA AÐ SKOÐA BESTU RÚMIN ÁÐUR EN ÞÚ TEKUR ÁKVÖRÐUN

!

Komdu í Epal
í dag og njóttu ráðgjafar
sérfræðinga okkar við val á
vönduðum rúmum.

Wonderland
MADRASSEN

HÆGT AÐ ÞVO...

... OG SNÚA

MÝKRI UNDIR ÖXLUM

STYRKTIR KANTAR

epal

Epal hf. Skeifunni 6 Sími 568 7733 epal@epal.is www.epal.is

HERINN BURT FRÁ ÍRAK
Breskir andstæðingar stríðsins í Írak mótmæltu því fyrir framan þinghúsið í London í gær og kröfðust þess að breskir hermenn yrðu kallaðir heim frá Írak.

Fræðsluvika Samfés:

Geðveikir dagar út vikuna

FRÆÐSLUSTARF Geðveikir dagar, fræðsluvika um geðraskanir, hófust í félagsmiðstöðvum innan Samfés á mánudag. Markmið verkefnisins er að unglingar kynnist geðröskunum á hlutlausan og fræðandi hátt og leggi sitt af mörkum til þeirra sem þjást af slíkum veikindum.

Fræðsluvikunni lýkur á sunnudag en hún nær hámarki um helgina með sölu á armböndum til styrktar byggingarsjóði Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans. Armböndin eru græn á litinn og á þau er greypt orðið „Geðveikt!“ sem hefur öðlast jákvæða merkingu í málfari ungs fólks í dag. Dorrit Moussaieff forsetafrú veitti fyrsta armbandinu viðtöku í Hinu húsinu í gær.

Unglingar í félagsmiðstöðvum Samfés munu sjálfir selja armböndin og leggja þannig jafnöldrum sínum lið. Að öðru leyti er dagskrá vikunnar mismunandi eftir félagsmiðstöðvum en sem dæmi má nefna að skipulagðir hafa verið tónleikar, fræðslufyrirlestrar, kvikmyndasýningar, böll og fleira. - bs

DORRIT MOUSSAIEFF
Veitti fyrsta armbandinu viðtöku í gær en á það er letrað orðið „Geðveikt!“

Auglýsingar Orkunnar:

Ekki alltaf lægst

SAMKEPPNISMÁL Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti úrskurð Samkeppnisráðs um að Orkan mætti ekki auglýsa að hún byði jafnan lægsta eldsneytisverðið. Atlantsolía, Ego og Olíuverzlun kvörtuðu vegna auglýsinga Orkunnar til Samkeppnisráðs, sem taldi að Orkan gæti ekki sannað fullyrðingar sínar.

Forsvarsmenn Orkunnar áfrýjuðu málinu á þeim forsendum að þar sem þeir væru með lægsta verðið á sumum stöðum væru auglýsingarnar löglegar. Áfrýjunarnefndin var ósammála og og staðfesti úrskurð Samkeppnisráðs. - bs

Viðskiptakona ársins:

Heiðruð í annað sinn

VIÐSKIPTI Tíunda árið í röð hefur sænska viðskiptatímaritið Veckans Affärer tilnefnt 125 helstu viðskiptakonur ársins. Efst á listanum í ár er Annika Falkenberg, forstjóri fjárfestingarbankans SEB Group, en hún hefur þótt fara hratt upp metorðastigann.

Hún er viðskiptakona ársins í annað sinn en hún fékk þennan heiður fyrir nokkrum árum. Í öðru sæti nú er Louise Julian, forstjóri hjá EF Education, sem lenti í fyrsta sæti í fyrra, og í þriðja sæti er Marie Ehrling, framkvæmdastjóri hjá Telia Sonera.

Lítil breyting hefur orðið á tíu efstu konunum síðustu ár önnur en röðun í sæti. ■

LÖGREGLUFRÉTTIR

HRAÐAKSTUR Í KÓPAVOGI Á mánudagskvöld og aðfaranótt þriðjudags voru 30 ökumenn teknir fyrir of hraðan akstur í Kópavogi. Sá sem hraðast ók var á 130 kílómetra hraða og gerir lögreglan ráð fyrir ökuleyfissviptingu. Sektarmörk eru 14 km yfir hámarkshraða en mælingar voru gerðar víðs vegar um bæinn þar sem hámarkshraði er ýmist 30, 50 eða 70 kílómetrar á klukkustund.

Tvöhundruð og fimmtíu milljónir bíða eigenda

250 milljónir liggja nú hjá Íbúðalánasjóði og bíða þess að eigendur vitji þeirra. Þetta eru húsbréf sem búið er að draga út en eigendur hafa ekki innleyst, að sögn sviðsstjóra Íbúðalánasjóðs.

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Nokkrir einstaklingar eiga samtals 250 milljónir króna hjá Íbúðalánasjóði í óinnleystum húsbréfum. Það eru húsbréf sem búið er að draga út en eigendur hafa ekki innleyst, að sögn Halls Magnússonar sviðsstjóra hjá sjóðnum.

„Þetta er töluverð fjárhæð en var þó miklu hærri áður en við fórum í skuldabréfaskiptin í tengslum við breytingar á skuldabréfaútgáfu sjóðsins 1. júlí,“ sagði hann. „Þá voru þessar ósóttu fjárhæðir samtals 800 milljónir króna.“

Hallur sagði að á ofangreindum tímapunkti hefði húsbréfakerfið verið lagt niður og tekin upp bein peningalán í staðinn. Þá var boðið upp á að fólk gæti skipt á húsbréfum í ákveðnum flokkum yfir í hin nýju íbúðabréf. Þá hefðu margir skoðað bréfin sín með skipti í huga og séð að þeir áttu peninga hjá sjóðnum sem þeir höfðu ekki innleyst.

Spurður hvort 250 milljónirnar væru í ávöxtun hjá sjóðnum sagði Hallur svo ekki vera.

„Innlausnarverð húsbréfa ber hvorki vexti né verðbætur frá innlausnardegi. Þess vegna auglýsir Íbúðalánasjóður reglulega númer útdreginna bréfa að minnsta kosti 2 mánuðum fyrir innlausnardag ef um húsbréfaflokka er að ræða sem eingöngu eru í pappírsformi. Einnig eru auglýst reglulega númer áður útdreginna óinnleystra bréfa. Þá eru allar upplýsingar að finna á vef sjóðsins, ils.is. Loks hefur Íbúðalánasjóður hvatt eigendur húsbréfa til að setja þau í innheimtu hjá fjármálafyrirtækjum, sem fylgjast reglulega með útdrætti húsbréfa.“

Hallur sagði að síðasti flokkurinn og síðasta bréfið yrði væntanlega dregið árið 2041. Síðustu húsbréfaflokkarnir hefðu verið alfarið rafrænir, sem þýddi að tenging væri við bankareikning viðkomandi eiganda. Ef nú væri dregið úr húsbréfaflokkum 2001, að stærstum hluta 1998 og að hluta 1996, sem búið væri að rafvæða, þá rynnu fjármunirnir beint inn á skilgreindan reikning eiganda. Þannig myndi þessi uppsöfnun óinnleystra húsbréfa brátt heyra sögunni til.

jss@frettabladid.is

HÚSBRÉF
250 milljónir króna liggja hjá Íbúðalánasjóði í óinnleystum húsbréfum. Margur getur því verið ríkari en hann hyggur.

BREYTT KERFI
Þegar húsbréfakerfið var lagt niður og peningalán tekin upp fóru menn að huga að húsbréfum sínum, að sögn Halls Magnússonar sviðsstjóra. Þá minnkaði peningastabbinn um 550 milljónir.

DV

Einar Ágúst með 55 grömm af amfetamíni

DV með Dettifossskjölin undir höndum

EIN VIÐAMESTA FÍKNIEFNARANNSÓKN ÍSLANDSSÖGUNNAR ER Á LOKASTIGI

NEIKVÆÐ UMSÖGN
Umhverfisráð veitti neikvæða umsögn um beiðni hænsnabónda á Kjalarnesi.

Afgreiðsla umhverfisráðs um undanþágubeiðni:

Bóndi beri ekki skít á freðna jörð

LANDBÚNAÐUR Umhverfisráð hefur veitt neikvæða umsögn um beiðni hænsnabónda á Kjalarnesi um að fá að dreifa húsdýraáburði á freðna jörð. Umhverfisráðuneytið hafði sent ráðinu beiðni bóndans til umsagnar.

„Bóndinn taldi sig hafa sérstakar ástæður til að sækja um undanþágu,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður umhverfisráðs. „Þær þóttu ekki nægilega þungar á metunum til að við gætum mælt með beiðninni.“

Á fundi umhverfisráðs, lögðu fulltrúar sjálfstæðismanna fram bókun, þar sem þeir töldu margt mæla með því að heimila bóndanum að dreifa búfjáraburði á freðna jörð. Borgaryfirvöld ættu að hafa í huga að við sameiningu Kjalarness og Reykjavíkur hefði því verið heitið af hálfu borgarinnar að eftir sameiningu yrði hlúð að landbúnaði á Kjalarnesi og honum áfram tryggð ákjósanleg starfsskilyrði.

Fulltrúar R- listans lögðu einnig fram bókun þar sem sagði að umhverfisráð væri tilbúið að skoða hvort og hvenær tækifæri væri til að dreifa búfjáraburði utan þess tímabils sem tilgreint er í téðri reglugerð enda ekki útilokað að upp komi þær aðstæður að dreifing búfjáraburðar væri fýsilegur kostur. - jss

Hagþenkir:

Skrifar gegn fordómum

VIÐURKENNING „Það væri nú ansi skrítið ef ég væri ekki í sjöunda himni,“ segir Jóhanna Kristjónsdóttir rithöfundur, sem í gær hlaut viðurkenningu Hagþenkis, félags höfunda fræðirita og kennslugagna, fyrir framlag sitt til fræðimennsku á árinu 2004.

„Mér finnst þetta bæði mikill heiður og mikil viðurkenning, og til framdráttar því sem ég hef verið að gera og vona að ég geti haldið þessu áfram.“

JÓHANNA
Hlaut hina árlegu viðurkenningu Hagþenkis fyrir framúrskarandi fræðirit árið 2004.

Jóhanna hlaut viðurkenninguna fyrir að veita sýn inn í framandi menningarheim og eyða með því vanþekkingu og fordómum.

Þar segir einnig að Jóhanna hafi með bókum sínum um Austurlönd nær og þjóðir araba, menningu þeirra og trú, byggt brú til aukins skilnings þjóða í milli, meira umburðarlyndis, vináttu og friðar.

„Mér finnst gaman að því hvað fólk hér hefur verið móttækilegt og forvitið um þessi efni. Það sést bæði á því hvernig Arabíukonur gengu, aðsókninni á námskeiðin mín og þátttöku í ferðalögum á þessar slóðir.“ ■

Landnámsbærinn:

Kostar 620 milljónir

REYKJAVÍKURBORG Miklar umræður urðu á fundi borgarstjórnar í gær um landnámsbæinn í Aðalstræti og þann kostnað sem borgarsjóður ber af honum. Ólafur F. Magnússon hóf umræður um landnámsbæinn og sagði sérkennilegt að verið væri að búa til eftirlíkingu af gamalli götumynd á sama tíma og verið væri að leggja tiltölulega upprunalega götumynd Laugavegarins frá 19. öld í rúst. Hann sagði jafnframt að það samræmdist ekki reisn og virðingu minjanna að koma þeim fyrir í hótelkjallara. Undir hið síðarnefnda tóku nokkir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins; Kjartan Magnússon, Björn Bjarnason og Gísli Marteinn Baldursson.

Að auki bentu sjálfstæðismenn á að landnámsskálinn væri kominn 170 til 263 milljónum fram úr áætlunum, eftir því við hvaða áætlun væri miðað. Kostnaðurinn væri orðinn 620 milljónir.

Á móti vísaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir til þess að kostnaðaráætlun frá árinu 2002 hefði hljóðað upp á 530 milljónir. Síðan þá hefði verið fallið frá fornleifauppgrefti sem hefði kostað 50 milljónir en 25 milljónum hefði verið veitt aukalega í sýningarskála. Engin formleg kostnaðaráætlun upp á 505 milljónir hefur þó verið sett fram. - ss

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON
Þykir það skrýtið að endurbyggja Aðalstræti á meðan verið sé að leggja upprunalega götumynd Laugavegarins í rúst.

SPÁNN

SKRÝTIÐ VEÐURFAR Spænska veðurstofan hefur sent út aðvaranir til tíu héraða landsins þar sem varað er við frekari rigningum og jafnvel snjókomu víða um landið. Veðurfar hefur verið með einkennilegasta móti undanfarna daga og víða verið mun kaldara en mörg undanfarin ár.

HANDTÖKUR VEGNA BARNAKLÁMS Nítján menn voru handteknir um helgina í umfangsmikilli herferð lögreglu á Spáni gegn barnaklámi. Allir eru þeir sakaðir um að bjóða hverjum sem áhuga hefði upp á hvers kyns barnaklám í öllu hugsanlegu formi og hafa jafnvel milligöngu um að bjóða börn til leigu.

Mannræningjar:

Vilja konung í málamiðlun

MANNRÁN Mannræningjarnir sem rændu sænsk-íraska stjórnmálamanninum Minas Ibrahim al-Yousifi hafa óskað eftir því að Karl Gústaf Svíakonungur miðli málum.

Kom krafan fram í símtali sem mannræningjarnir áttu við fjölskyldu stjórnmálamannsins í Jönköping. Skrifstofa konungsembættisins hefur ekki staðfest að þessi krafa hafi komið fram né hvernig skuli brugðist við henni. - ghs

NORÐURLÖND

HNEYKSLI Í SÆNSKU ÍSHOKKÍ
Hneyksli kom upp í sænska íþróttaheiminum fyrir skemmstu. Þrír landsliðsmenn í íshokkí, sem höfðu leikið fyrir hönd Svíþjóðar í landsleik á móti Noregi, skruppu út á krá eftir leikinn. Þegar þeir komu heim á hótelherbergi var kona með þeim í för og hafa landsliðsmennirnir játað að hafa átt við hana mök. Þeir voru grunaðir um nauðgun en hafa verið hreinsaðir af þeim grun. Forysta sænska íshokkísambandsins og félagsliðanna hefur fordæmt hegðun landsliðsmannanna.

KÓNGAFÓLK Í HVÍTA HÚSIÐ
Haraldur V Noregskonungur og Sonja drottning halda í Hvíta húsið í Washington í næsta mánuði til að halda upp á stjórnmálatengsl ríkjanna í heila öld. George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur boðið þeim til hádegisverðar af því tilefni.

REYNIR VIÐ METLISTAVERK
Sænski listamaðurinn David Åberg freistar þess að mála stærsta málverk sem einn listamaður hefur gert. Hann vinnur nú að því að ljúka 4.000 fermetra málverki sínu sem hann nefndir „Hamingjusamt fólk“, en á því eru myndir af fólki alls staðar að úr heiminum.

Útafakstur:

Þrennt flutt á sjúkrahús

UMFERÐARSLYS Þrennt var flutt á sjúkrahús eftir að bíll fór út af veginum á Akranesvegamótum. Tvennt fékk að fara heim að lokinni skoðun. Einum var hins vegar haldið eftir á sjúkrahúsinu til skoðunar. Sá hafði orðið fyrir höfuðmeiðslum og þótti því rétt að hafa eftirlit með viðkomandi, en ekki var þó talið að um alvarleg meiðsl væri að ræða, að sögn lögreglu.

Bíllinn fór út af veginum þegar honum var ekið af Akranesvegi inn á Vesturlandsveg. ■

Fumac skápar
Stærðir frá 78x30x81 sm til 78x30x221 sm

Verð áður frá 16.900 kr.
Verð nú 12.900 kr.

25% afsláttur
Þú sparar allt að 9.000 kr.

Þú færð betri vinnuaðstöðu hjá Pennnanum
Frábært verð - meiri gæði og vönduð þjónusta

Kinnarps®

Aukabúnaður á mynd:
Framplata á skrifborði, stólar og fartölva

Kinnarps vinnustöðvar
Stærðir frá 180x180 sm til 180x260 sm

Verð áður frá 66.204 kr.
Verð nú 49.653 kr.

25% afsláttur
Þú sparar 16.551 kr.

Kinnarps skrifborðsstóll
- KN 5222 með örmum

Verð áður 59.547 kr.
Verð nú 39.900 kr.

33% afsláttur
Þú sparar 20.547 kr.

[5] Öllum stólum hjá Pennanum fylgir 7 daga reynslutími og 5 ára ábyrgð að lágmarki.

OPINBERA.IS

PENNINN

Penninn Hallarmúla 4, sími 540 2000, **Reykjavík** • Penninn-Bókval, Hafnarstræti, 91-93, sími 461 5050, **Akureyri**
Penninn TRS, **Selfossi** • Penninn, **Keflavík** • Bjarg, **Akranesi** • Penninn, **Vestmannaeyjum** • Penninn, **Ísafirði** • **www.penninn.is**

24 stundir

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? HARALDUR BRIEM SÓTTVARNARLÆKNIR

Allir hraustir hjá landlækni

Þannig lagað er allt gott að frétta, það er farið að draga úr inflúensunni, við sjáum það núna," segir Haraldur Briem sóttvarnarlæknir. Hann bætir því við að flensan hafi ekki valdið truflunum á starfsemi landlæknisembættisins. „Hér hafa menn bara verið ansi hraustir. Við höfum sloppið mjög vel og lítið um fjarvistir." Slæmu fréttirnar eru hins vegar þær að svonefndar RS-veirusýkingar eru á uppleið en það eru öndunarvegssýkingar sem fara illa í lítil börn. „Þetta hefur angrað barnadeildina mjög mikið."

Embætti landlæknis hefur hafið útgáfu nettímaritsins Farsóttafréttir og er Haraldur ritstjóri þess. „Já, við ætlum að reyna að vera með svona fréttabréf og segja frá því sem er efst á baugi. Síðan slengjum við oft líka upp aðalfrétt dagsins á fréttasíðunni." Farsóttafréttir eru bæði fyrir almenning og fagfólk enda segir Haraldur ritið skrifað með þeim hætti að það eigi að vera skiljanlegt öllum. „Síðan gefum við þetta út á ensku líka. Það hefur verið spurt talsvert erlendis frá hvað sé að gerast hér og til að mæta þessari þörf verður þetta bæði á ensku og íslensku. Menn eru að skrifa svona farsóttafréttir víða um heim og við ætlum að reyna að standa okkur líka."

Ísland er lítið og frekar einangrað land og því telur Haraldur að mörgum leiki hugur á að vita hvernig sjúkdómar breiðast út hér. „Við erum líka í erlendu samstarfi og þurfum að veita upplýsingar um þessi mál." ■

HARALDUR BRIEM

SVONA ERUM VIÐ

65.576 SKIPTU UM LÖGHEIMILI Á SÍÐASTA ÁRI
Heimild: Hagstofan

SJÓNARHÓLL

MEINTUR ÖLVUNARAKSTUR EIÐS SMÁRA

HREFNA JÓHANNESDÓTTIR

Fyrirmynd alls konar fólks

„Ég er nú ekki vön að skipta mér af málum annarra en hann verður að passa hvað hann gerir," segir Hrefna Jóhannesdóttir, knattspyrnukona úr KR, um meintan ölvunarakstur Eiðs Smára Guðjohnsen.

Hún bendir á að hann sé íþróttamaður ársins og fyrirmynd fótboltafólks og alls konar fólks úti í bæ og sem slíkur þurfi hann að gæta sín mjög vel. „Hins vegar finnst mér þetta vera hans einkamál en hann virðist ekki eiga neitt einkalíf, sem er örugglega ömurlegt," segir Hrefna.

Henni finnst málið hafa verið blásið fullmikið upp í fjölmiðlum og meðal manna og ítrekar þá skoðun sína að allir eigi rétt á sínu einkalífi.

„Ég er vitaskuld alfarið á móti því að fólk aki undir áhrifum áfengis. En mér finnst samt sem áður að ekki þurfi allir að frétta af því sem Eiður Smári gerir, þó það sé þannig," segir Hrefna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HUNDATÍSKAN KYNNT
Smáhundurinn Tallulah skartar hér fallegri regnkápu en bleikar og grænar hundaflíkur eru í tísku þetta vorið. Árleg hundatískusýning fer fram um þessar mundir í New York.

Þetta var kannski ekki alltaf nákvæmt hjá mér

Í 65 ár stóð Friðjón Guðmundsson á Sandi í Aðaldal vaktina fyrir Veðurstofu Íslands. Þrisvar á dag las hann af mælunum og sendi skeyti suður. Nú er Friðjón fluttur á dvalarheimilið Hvamm á Húsavík og fylgist með veðrinu út um gluggann.

FRIÐJÓN GUÐMUNDSSON LÍTUR Á MÆLANA AÐ SANDI
Honum er minnisstætt blíðviðrisárið 1939. „Það ár var með þeim bestu. Þá var öndvegistíð svo að segja allt árið."

„Jú, það er nú dálítið sérstakt að vera hættur, ég var nefnilega búinn að vera svolítið lengi," segir Friðjón Guðmundsson, bóndi og veðurathugunarmaður til 65 ára. Hann hefur hreiðrað um sig á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík, og unir hag sínum bærilega. „Ég hef það svona sæmilegt og finnst ágætt að vera hér. Ég þekki nú ekki marga en einhverja þó."

Aðeins rúm vika er síðan Friðjón flutti frá Sandi á Hvamm svo segja má að hann sé enn að átta sig á vistaskiptunum. Viðbrigðin eru nokkur því hann fæddist á Sandi og bjó þar í 85 ár, ef undan eru skildir tveir vetur sem hann varði til búfræðináms á Hvanneyri.

Tvítugur varð hann veðurathugunarmaður og tók við því starfi af Heiðreki bróður sínum. Í 65 ár las hann af mælunum þrisvar á dag og sendi upplýsingarnar á Veðurstofu Íslands, sem fyrstu árin var til húsa í Landssímahúsinu við Austurvöll, þá í Sjómannaskólanum á Rauðarárholtinu og loks við Bústaðaveginn þar sem hún er nú.

„Maður er orðinn svolítið fullorðinn og maður verður víst svolítið seinn í svifum þegar maður eldist," segir Friðjón en neitar því að verkið hafi verið erfitt og lýjandi undir það síðasta. Hann viðurkennir hins vegar að það séu nokkur viðbrigði að hætta. „Maður verður bara að sætta sig við það. Það er ekki annað að gera." Veðurathuganir útheimta mikla viðveru því lestur af mælum fer fram þrisvar á dag. Friðjón upplýstrar að hann hafi ekki alltaf gætt ýtrustu nákvæmni í störfum. „Ég þurfti eiginlega að vera alltaf við en það var nú alls ekki svo. Ég var oft fjarverandi á daginn. En þá var einhver fyrir mig eða þá að ég kannski svona freistaðist til að áætla þetta eitthvað. Þetta var kannski ekki alltaf nákvæmt hjá mér."

Friðjón segir veðrið í vetur og þá sérstaklega á nýársnótt með því versta sem hann man enda sannkallað óveður. „Það var aftaka stórhríð og ekkert skyggni." Árið 1939 ríkti á hinn bóginn mikil blíða. „Það ár var með þeim bestu. Þá var öndvegistíð svo að segja allt árið."

Friðjón hélt fáeinar kýr að Sandi en Heiðrekur bróðir hans hafði þar kindur á sínum búskaparárum. Það var raunar hann sem fyrstur hóf veðurathuganir á Sandi árið 1932 en Friðjón tók við árið 1940. „Heiðrekur bróðir spekúleraði mikið í veðri og faðir okkar líka. Báða dreymdi fyrir veðrum en ekki mig," segir Friðjón og bætir við að veðrið á Húsavík sé ágætt þessa dagana. „Það er fínasta veður en svolítill snjór yfir. Hér er yfirleitt góð tíð."

bjorn@frettabladid.is

ANNA M. Þ. ÓLAFSDÓTTIR
Segir styrktarfyrirtæki greiða utanaðkomandi kostnað við átak Hjálparstarfs kirkjunnar þar sem ungu fólki gefst kostur á að breyta um lífsstíl og greiða andvirði kóks og súkkulaðis í skólaferðalag barna á Indlandi.

Hjálparstarf:

Hjálp í stað sælgætisáts

Í fyrsta sinn er hægt að gefa nauðstöddum fé með SMS-skilaboðum. Hjálparstarf kirkjunnar hvetur ungt fólk til að breyta hugarfari sínu.

Anna M. Þ. Ólafsdóttir, fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfisins, segir markmiðið að vekja fólk á aldrinum 16 til 24 ára til umhugsunar um hvort það vilji vera manneskjur sem láti sig aðra varða eða ekki.

„Fyrir tveimur mánuðum var gerð Gallup-könnun sem sýndi að þessi aldurshópur vissi lítið um hjálparstarf," segir Anna: „Það er kynnt í sunnudagaskólum og við fermingarfræðslu, en fólk til fertugs virðist verða útundan samkvæmt könnuninni."

Tilfinningakorti frá Hjálparstofnun kirkjunnar verður dreift í framhaldsskólum og háskólum landsins næstu daga. Í kortinu má sjá að fyrir gos og súkkulaði að verðmæti 299 krónur kemst skólabarn á Indlandi í heilsdagsskólaferðalag með rútu. Stefnt er að slíkri ferð í skólum samtakanna fyrir SMS-ágóðann. - gag

Sverrir Sv. Sigurðsson skrifaði um Vatnajökulsþjóðgarð 1995:

Fékk hugmyndina haustið '92

Sverri Sv. Sigurðssyni viðskiptafræðingi fannst undarlegt að lesa grein Fréttablaðsins á laugardag um Vatnajökulsþjóðgarð. Ekki vegna þess sem þar stóð heldur vegna þess sem ekki stóð. Hans var hvergi minnst þegar tilurð þjóðgarðsins var rakin.

„Ég fékk þessa hugmynd haustið 1992 og sannfærðist um að svona stórt svæði gæti komið sér vel fyrir markaðssetningu landsins. Áætlunin var fullmótuð um mitt ár 1993 og hugmyndir um svæðið sjálft og útlínur þess voru tilbúnar seinni hluta árs 1994. Í ársbyrjun 1995 birtust svo þrjár greinar eftir mig í Mogganum," segir Sverrir.

En þar lét hann ekki staðar numið því í framhaldinu sendi hann þingmönnum og fleirum hefti með tillögu um friðun Vatnajökuls, sendi hugmynd sína í hugmyndasamkeppni og ritgerðarsamkeppni og skrifaði að lokum grein um tengt efni í minningarbók um Eyjólf Konráð Jónsson, alþingismann og ritstjóra.

Sverrir er ekki fúll þó að nafni hans hafi ekki verið haldið á lofti í tengslum við málið síðustu ár og segir fullkomlega eðlilegt að þáttur hans í málinu hafi gleymst. „Já, já, það er að sjálfsögðu eðlilegt því ég hélt mig til baka á meðan málið var að þróast. Ég dró mig alveg í hlé 1998. Það er engin fýla, alls ekki," segir hann en bendir réttilega á að sagan sé ekki öll sögð þegar hans þáttur er ekki getið. - bþs

SVERRIR SV. SIGURÐSSON VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR
Sverrir tók myndina sjálfur þegar umhverfisráðherra og fleiri undirrituðu samning um stækkun Skaftafellsþjóðgarðs á síðasta ári. Vatnajökull er í bakgrunni.

Hjördís Jónsdóttir í Bolungarvík er myndefnið á blaðaljósmynd ársins 2004:

Spurði hvort ég væri ekki eins og asni

„Ég var að tala við son minn og sá mann með rör framan á sér og hugsaði með mér hvort þetta væri útlendingur,“ segir Hjördís Jónsdóttir í Bolungarvík. Hún er myndefnið á blaðaljósmynd ársins 2004 sem Ragnar Axelsson, ljósmyndari á Morgunblaðinu, tók í október á síðasta ári.

„Ég hélt bara áfram að tala og var ekkert að spá í þetta meira fyrr en ég kom til baka og heyrði að þetta var Íslendingur. Svo sagðist hann vera frá Morgunblaðinu og spurði hvort hann mætti birta myndina. Ég spurði á móti hvort ég væri ekki eins og asni en hann sagði nei. Ég var að vinna við að beita þegar þetta var og það er ekkert spennandi að láta taka af sér mynd í beitningafötum.“

Hjördís hafði staðið lengi við balann og skrapp frá til að hringja í son sinn. „Ég var að beita sex bala og er engin beitningamanneskja en ég var þrjósk og hélt áfram. Ég er svona einn og hálfan tíma með balann og það þykir mjög lélegt,“ segir Hjördís.

Hún sló á þráðinn til sonar síns og átti við hann ágætt samtal. „Við vorum bara að ræða málin, ég var ekkert að skamma hann, ég talaði bara við hann eins og mömmur gera.“ Eftir á að hyggja hefur hún áhyggjur af svipnum á sér á myndinni. „En svona er maður víst í framan þegar maður er að tala um alvarleg mál. Maður er ekki með neinn fíflasvip.“

Hjördís segir marga hafa óskað henni til hamingju eftir að myndin var valin blaðaljósmynd ársins. „Það eru alls konar fíflalæti í kringum þetta. En það er gaman að fá svona athygli.“ Hún klippti myndina út úr Morgunblaðinu en segist hálf fúl. „Mér finnst að þeir eigi að senda mér almennilega mynd af þessu. En ég er svo sem ekkert miður mín.“

Helsta ánægja Hjördísar með myndina snýr að framtíðinni. „Þessi mynd er sönnun fyrir barnabörnin um að amma þeirra hafi einhvern tíma beitt sex bala í róður,“ segir hún og hlær. **- bþs**

MYND/RAGNAR AXELSSON

HJÖRDÍS MEÐ SONINN Á LÍNUNNI
„Við vorum bara að ræða málin, ég var ekkert að skamma hann, ég talaði bara við hann eins og mömmur gera.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞORSTEINN J. VILHJÁLMSSON
„Það raunalega í þessu er að það virðist ekkert hægt að gera.“

Ný mynd Þorsteins Joð:

Heimildarmynd um ömmurán

Tilraunir frændsystkinanna Ásu Torfadóttur og Tómasar Hermannssonar til að ná sambandi við aldraða ömmu sína eru raktar í nýrri heimildarmynd Þorsteins J. Vilhjálmssonar. Myndin heitir Ása amma og er sýnd í nokkrum hlutum í sjónvarpstímaritinu thorsteinnj.is.

Ása amma er á heimili dóttur sinnar en dóttirin meinar Ásu yngri og Tómasi, eins og öðrum ættmennum, að hitta gömlu konuna.

„Þetta er heimildarmynd um þetta mál út frá sjónarhóli Ásu yngri og Tómasar. Þetta er vitaskuld ofurviðkvæmt enda innan fjölskyldu en það er vel þess virði að fjalla um málið í almennu samhengi, til dæmis hvernig gamalt fólk fær að lifa sína síðustu ævidaga,“ segir Þorsteinn J.

Vinnsla myndarinnar hófst síðsumars 2004 en þá höfðu Ása, Tómas og fleiri reynt að hitta Ásu ömmu um nokkurt skeið.

En hvernig endar þessi saga? „Sem betur fer leysist málið,“ segir Þorsteinn. „En það breytir því ekki að það vakna spurningar um hver það er sem gætir hagsmuna gamals fólks. Ef grunur leikur á að illa sé farið með dýr eru sérstakir aðilar látnir vita en í svona málum virðist ekkert hægt að gera. Og það er það raunalega við þetta.“ **- bþs**

SIBU klæðningarefni

Þín hugmynd:
- innréttingar
- útstillingar
- afgreiðsluborð
- verslanir
- heimili
- banka o.fl.

- Auðveld uppsetning
- Margar tegundir

STRÖND ehf.
Suðurlandsbraut 10 - Sími 533 5800
www.simnet.is/strond

FEBRÚAR TILBOÐ
Á NISSAN HJÁ INGVARI HELGASYNI

NISSAN
SKIPT_um væntingar

NISSAN ALMERA

Kraftur og mýkt einkennir Nissan Almera. Stjórnstöðin styðst við hina einstöku Nissan tækni til að tryggja auðvelda og eðlilega stjórn. Hönnuðir okkar hafa mótað útlit bílsins til að ná fram straumlínulaga lögun og umgjörðin er dregin fram með kröftugum fram- og afturljósunum.

Almera 1,8i
– Sjálfskiptur
– Aksturstölva
– Tölvustýrð miðstöð
– 116 hestöfl
– 4 dyra

Listaverð: 1.940.000 kr.
Tilboðsverð: 1.749.000 kr.
Afsláttur: 191.000 kr.
21.133 kr. á mán.*

NISSAN MICRA iPod

Nettur, sparneytinn, fallegur og frábærlega hannaður. Hlaðinn tækninýjungum, hreinn draumur í umgengni og miklu stærri að innan en utan – enda rúmbesti bíllinn í sínum stærðarflokki. Og best af öllu: hann er algerlega iPod-samhæfður og þú færð iPod mini í kaupbæti!

Visia 1,2i
– Beinskiptur
– 80 hestöfl
– 3–5 dyra
– iPod mini

www.apple.is

iPod mini
iPod mini fylgir öllum Nissan Micra iPod sem keyptir eru í febrúar 2005.

Verð frá 1.390.000 kr.
15.102 kr. á mán.*

Aukahlutir á mynd: álfelgur og topplúga

www.nissan.is
Nánari upplýsingar um Nissan bílaflotann hjá Ingvari Helgasyni færðu á www.nissan.is

*Bílalán VÍS með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a	Eyrarlandi 1	Sæmundargötu 3	Holtsgötu 52	Dalbraut 2b	Víkurbraut 4	Búðareyri 33	Sindragötu 3	Óseyri 5
800 Selfossi	530 Hvammstanga	550 Sauðárkróki	260 Njarðvík	300 Akranesi	780 Höfn í Hornafirði	730 Reyðarfjörður	400 Ísafjörður	603 Akureyri
482-3100	451-2230	453-5141	421-8808	431-1376	478-1990	474-1453	456-4540	461-2960

Fíton/SÍA F101819

FBL-GREINING: ÁHRIFIN Á REYÐARFIRÐI

Verslunarmiðstöðin Molinn verður opnuð í mars

Áhrifin af framkvæmdunum á Reyðarfirði eru smám saman að koma í ljós. Búast má við að áhrifin verði mun meiri beint og óbeint á samfélagið á fjörðunum þegar upp verður staðið en þau áhrif sem framkvæmdirnar á Kárahnjúkum hafa á Egilsstöðum. Það hefur nú þegar komið í ljós og eru framkvæmdirnar þó aðeins nýhafnar og engan veginn komnar á fullt skrið.

Hver verða áhrifin á fólksfjöldann?
Íbúum mun snarfjölga, bæði vegna framkvæmdanna og eins þegar álverið verður komið í fulla starfsemi. Nú þegar hefur íbúum fjölgað nokkuð þar sem framkvæmdir eru hafnar við nýja höfn og álversstæði auk þess sem verið er að reisa vinnubúðir. Alcoa býst við að um 750 ný störf skapist í álverinu, þjónustu og iðnaði og að störfin verði 100-125 í lok næsta árs. Þetta fólk kemur af svæðinu en líka er búist við að fólk alls staðar að af landinu komi til starfa fyrir austan. Verktakafyrirtækið Bechtel ræður hundruð manna í framkvæmdirnar á næstu mánuðum og misserum. Bechtel gerir ráð fyrir að ráða Íslendinga auk þess sem forsvarsmenn fyrirtækisins hafa lýst yfir að þeir vonist til að geta brúað bilið með Pólverjum. Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri býst við að íbúum fjölgi um 1.200 eða 40 prósent fram til 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í VEIÐIFLUGUNNI Á REYÐARFIRÐI
Verslun hefur aukist og mun aukast eftir því sem líður á hafnar- og álversframkvæmdirnar í Reyðarfirði, veltan hefur aukist stórkostlega og bjartsýnin í samræmi við það. Björgvin Pálsson stýrir Veiðiflugunni.

Hvernig koma áhrifin fram?
Velta í viðskiptum á svæðinu hefur aukist, t.d. hjá Veiðiflugunni sem er alhliða íþrótta- og útivistarbúð á Reyðarfirði, og bjartsýni manna í takt við það. Fyrstu dyrnar í verslunarmiðstöðinni Molanum á Reyðarfirði verða opnaðar í mars þegar Krónan opnar verslun enda búast menn við að aukinn íbúafjöldi auki viðskiptin á svæðinu. Fleiri verslanir og þjónustufyrirtæki opna síðan í nýja húsnæðinu.
Fasteignaverð hefur snarhækkað í Fjarðabyggð síðustu misseri. Mikið framboð er af nýjum blokkaríbúðum og verið er að gera upp nýjar íbúðir á Reyðarfirði. Þá má búast við að eftirspurn eftir húsnæði í öðrum hlutum sveitarfélagsins, t.d. í Neskaupstað, aukist um leið og eftirspurnin eftir vinnukrafti eykst.

360 gráður

SPURT & SVARAÐ
FERÐAMENN Í SURTSEY

HJÁLMAR ÁRNASON

Mikið aðdráttarafl

Hjálmar Árnason, alþingismaður Framsóknarflokksins, hefur lagt tvær fyrirspurnir fyrir umhverfisráðherra um Surtsey og aðgang ferðamanna að henni. Reglugerðarbreytingu þarf til að heimila slíkar ferðir.

Telur þú að heimila eigi skoðunarferðir í Surtsey?
Já, ég er hlynntur því, en þær verða að vera undir strangri eftirliti þannig að þessum einstöku rannsóknum sem þar hafi verið gerðar verði ekki spillt. Þess vegna þarf að gera þetta mjög varlega. Spurningin er hvenær menn telja að það sé orðið tímabært að leyfa þetta, sem mundi verða mjög mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn.

Hefurðu komið þangað sjálfur?
Ég var þarna árið 1963 meðan á gosinu stóð með föður mínum heitnum en hann var einn þeirra sem vöktuðu svæðið. Ég fékk að vera þarna einn dag og sjá þessi stórkostlegu umbrot. Mér rennur því blóðið til skyldunnar.

Stjórnmálaflokkar hafi ekki bein afskipti af RÚV

Menntamálaráðherra ætlar að afnema afnotagjöld og breyta jafnframt fyrirkomulagi Ríkisútvarpsins. Pólitískt skipað útvarpsráð heyrir hugsanlega sögunni til – í það minnsta bein afskipti stjórnmálaflokka af rekstri Ríkisútvarpsins.

FRÉTTASKÝRING
FRUMVARP UM RÍKISÚTVARPIÐ

SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR
BLAÐAMAÐUR

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur skýrt frá því að afnotagjöld Ríkisútvarpsins verði afnumin og stofnunin fjármögnuð með öðrum leiðum. Þá er í skoðun að breyta fyrirkomulagi útvarpsráðs, sem nú er skipað fulltrúum stjórnmálaflokkanna, í þá veru að stjórnmálaflokkar munu ekki lengur hafa bein afskipti af rekstri Ríkisútvarpsins.

Páll Þórhallsson, fyrrum lögfræðingur í fjölmiðladeild Evrópuráðsins, hefur sagt við Fréttablaðið að staða Ríkisútvarpsins sé sú sama og tíðkist í löndum Austur-Evrópu og Evrópuráðið hefur verið að reyna að koma á betri veg. Hann sagði að tryggja þurfi sjálfstæði Ríkisútvarpsins hér á landi og koma ætti á fót sjálfstæðri stofnun sem sjái um að úthluta útvarpsleyfum og hafa eftirlit með starfsemi útvarpsstöðva.

„Í þeim löndum Austur-Evrópu þar sem þetta er ekki í lagi hefur Evrópuráðið reynt að hvetja til þess að komið verði á fót fyrirkomulagi á útvarpsráði þar sem ríkisstjórnarmeirihlutinn er ekki með meirihluta. Fremur ættu frjáls félagasamtök að skipa þriðjung meðlima til að tryggja að ekki geti eitt stjórnmálaafl eða ríkisstjórnarmeirihluti ráðið ferðinni í slíku ráði," sagði Páll.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RÍKISÚTVARPIÐ EFSTALEITI
Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa sérfræðingar á sviði Evrópulaga, almannaútvarps og ríkisstyrkja ítrekað lagt það fram við yfirvöld, allt frá árinu 1991, að skilgreina þurfi skyldur RÚV, en íslensk stjórnvöld hafi verið treg til að bregðast við því þangað til nú.

Viðbrögð við ESA-rannsókn

Síðstliðið vor barst íslenska ríkinu kæra frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, varðandi innheimtu áskriftargjalda Ríkisútvarpsins. Ástæða þótti til að kanna hvort RÚV hefði rétt á að innheimta skylduáskriftargjöld og fá um leið rekstrarfé af auglýsingatekjum, en einnig hvort ríkisstyrkjum til Ríkisútvarpsins væri varið á lögmætan hátt og í samræmi við skyldur Ríkisútvarpsins.

Af því tilefni sagði Amund Utne, yfirmaður ríkisstyrkjanefndar ESA, við Fréttablaðið að ríkisstyrkir til almenningsútvarps þurfi að vera í réttu hlutfalli við kostnaðinn við að sinna skyldum almenningsútvarps. „Á Íslandi er vandamálið hins vegar það að hvorki hefur verið skilgreint hvað felst í orðinu ríkisstyrkir né hvað nákvæmlega má skilgreina sem skyldur Ríkisútvarpsins," sagði hann. Því þurfi að skilgreina hlutverk RÚV áður en komast megi að niðurstöðu um nákvæmlega í hvað megi verja ríkisstyrkjum til stofnunarinnar.

Ekkert athugavert við ríkisstyrki til almenningsútvarps

„Það er ekkert athugavert við að ríkisstyrkir séu notaðir til að fjármagna almenningsútvarp. Það er þó alltaf vafaatriði þegar almenningsútvarp sem fjármagnað er með afnotagjöldum á einnig að keppa á auglýsingamarkaði," sagði Utne.

Hann segir að meginhluti fjármögnunar RÚV sé með afnotagjöldum. „Spurningin er hins vegar sú hvort mögulegt sé að tekjurnar af afnotagjöldunum séu notaðar í annað en það sem einungis megi skilgreina sem skyldur almenningsútvarps. Það er eitt af því sem við munum skoða," sagði Utne.

Að sögn Utne er staða RÚV ekki einstök í Evrópu. ESA er einnig að skoða málefni norska ríkissjónvarpsins um þessar mundir og er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með málefni almenningsútvarps í nokkrum Evrópulöndum í skoðun.

Skilgreina þarf skyldur RÚV

„Við höfum spurt íslensk yfirvöld að því hvort fjármunum til Ríkisútvarpsins sé varið í annað en það sem flokka megi sem skyldur Ríkisútvarpsins. Til þess að geta svarað því þarf að skilgreina betur skyldur RÚV," sagði Utne.

AMUND UTNE
Formaður ríkisstyrkjanefndar Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Utne segir það alltaf vafasamt þegar almenningsútvarp sem fjármagnað sé með afnotagjöldum sé einnig að keppa á auglýsingamarkaði.

„ESA hefur tileinkað sér viðmiðunarreglur fyrir ríkisútvarp sem eru sambærilegar reglum Evrópusambandsins. Í reglunum eru ákvæði um hvernig skilgreina megi ríkisstyrki til þessara stofnana. Það er svo sem í góðu lagi að veita styrki til ríkisútvarps. Það má hins vegar spyrja að því hvað eru ríkisstyrkir og hvað ekki. Eru áskriftargjöld ríkisstyrkir? Við þurfum að skera úr um það," sagði hann.

PÁLL ÞÓRHALLSSON
Fyrrverandi lögfræðingur hjá Evrópuráðinu. Páll segir að ekkert stjórnmálaafl ætti að geta ráðið ferðinni í útvarpsráði. Menntamálaráðherra hefur skoðað hvaða breytingar megi gera á útvarpsráði.

Ríkisstyrkir til almenningsútvarps þurfa að vera í réttu hlutfalli við kostnaðinn við að sinna skyldum þess. Tekjur af afnotagjöldum RÚV voru rúmir tveir milljarðar á árinu 2003 og auglýsingatekjur voru um 850 milljónir. Samkvæmt viðmiðunarreglum ESA ætti kostnaður RÚV vegna skyldna vegna almenningsútvarps því að vera tveir milljarðar, en kostnaður við dagskrárgerð var alls rúmir tveir milljarðar – hið sama og kostnaður við dagskrárgerð Stöðvar 2 á sama tímabili.

Fimmtán ára krafa

Afnám afnotagjalda er einn liður í því að tryggja að RÚV standist viðmiðunarreglur ESA. Þá þarf samkvæmt þeim að skilgreina hlutverk stofnunarinnar, líkt og menntamálaráðherra hyggst nú gera með nýju frumvarpi um starfsemi RÚV sem lagt verður fram nú á vorþingi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa sérfræðingar á sviði Evrópulaga, almannaútvarps og ríkisstyrkja ítrekað lagt það fram við yfirvöld, allt frá árinu 1991, að skilgreina þurfi skyldur RÚV, en íslensk stjórnvöld hafi verið treg til að bregðast við því þangað til nú.

Viðmiðunarreglurnar gera ráð fyrir að takmarka verði þá opinberu fjármögnun sem tryggja eigi að almenningsútvarpið fái sinnt þeim skyldum sem skilgreindar hafi verið. Þá þarf að meta hversu mikil þörf er á þjónustu í almannaþágu og hve hlutfall hennar eigi að vera. Þá verði að meta hvort þjónustan feli í sér of mikil framlög frá ríkinu.

Jafnframt er talið nauðsynlegt að halda aðgreindum fjárhag til verkefna sem flokkast undir skylduhlutverk RÚV og annarra verkefna. ■

DENCON
Club8Company

Rafstillanleg borð
Frá 89.900.-

skrifstofu húsgögn

Rafstillanleg borð
Sannkölluð heilsubylting

Fundarborð Tilboð
49.900.-

Dencon skrifstofuhúsgögn frá Danmörku

Skilrúm
Í öllu stærðum og gerðum

Fundarborð
í öllum stærðum

Tilboð
22.900.-

Team 11
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Stillanlegir armar.

Tilboð
29.900.-

Optimum N
Hæðarstilling á setu og baki.
Veltanlegt bak og seta.
Dýptarstilling á setu.
Stillanlegir armar.

Tilboð
27.900.-

Mesz II
Flottur í fundarherbergið.
Leðurseta, leðurarmar.

Tilboð
19.900.-

Mesz
Glæsilegur stóll með leðursetu.

Tilboð
7.900.-

Sitio
Þægilegur stóll á góðu verði.

INNX

InnX innréttingar ehf
Faxafen 8 · Sími 577 1170
innx@innx.is · www.innx.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.857 **+0,21%** **Fjöldi viðskipta:** 263 **Velta:** 1.806 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Fiskimarkaður Ísl.	7,67%	**Jarðboranir**	-0,95%
Síminn	2,56%	**HB Grandi**	-0,63%
Kögun	1,06%	**Íslandsbanki**	-0,40%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 42,30 +0,48% ... Atorka 6,35 +0,79% ... Bakkavör 26,90 – ... Burðarás 13,65 +0,37% ... Flugleiðir 13,85 +0,73% ... Íslandsbanki 12,30 -0,40% ... KB banki 528,00 +0,19% ... Kögun 47,50 +1,06% ... Landsbankinn 14,70 +0,68% ... Marel 55,00 +0,73% ... Medcare 6,27 – ... Og fjarskipti 3,83 +0,52% ... Samherji 11,20 – ... Straumur 10,20 +0,49% ... Össur 86,50 -% -

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Peningaskápurinn…

Ríkið nýtur bankanna

Matsfyrirtækið Standard and Poor's hækkaði lánshæfismat íslenska ríkisins vonum seinna að margra mati. Margir voru orðinir langeygir eftir því að Íslendingar nytu þeirra endurbóta sem orðið hafa í efnahagslífinu. Athygli vekur að sterkari fjármálafyrirtæki eru meðal röksemda fyrir hækkuðu lánshæfismati ríkisins. Bankarnir hafa nýtt styrk sinn til þess að ráðast inn á íbúðalánamarkaðinn, en nú bregður svo við að styrkur þeirra nýtist ríkinu einnig. Margir njóta þessa nýja lánshæfismats og meðal þeirra er auðvitað keppinautur bankanna á íbúðalánamarkaði, Íbúðalánasjóður, en lán sjóðsins njóta ríkisábyrgðar. Því má segja að styrkur bankanna bíti í skottið á sér með því að bæta lánshæfismat Íbúðalánasjóðs, sem bankarnir telja að myndi án ríkisábyrgðar líklega heldur versna við uppgreiðslur og samkeppni.

Hekla í höfn

Það fór eins og flestir bjuggust við að eignarhald bifreiðaumboðsins Heklu breyttist fyrir aðalfund fyrirtækisins í gær. Straumur og Tryggingamiðstöðin eru ekki lengur í hluthafahópnum. Tryggvi Jónsson, forstjóri félagsins, hefur í þeirra stað fengið til liðs við sig hóp fjárfesta. Frosti Bergsson, sem leiddi Opin kerfi um árabil, bætist í hópinn. Hjörleifur Jakobsson, forstjóri olíufélagsins Essó, og Egill Ágústsson hjá Íslensk-amerísku eru einnig meðal hluthafa, ásamt Tryggva. Óvissu um eignarhald Heklu hefur því verið eytt í bili. Nú er verkefni eigendanna að nýta sér kaupgleði þjóðarinnar, sem er með mesta móti um þessar mundir.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 fóru í gær yfir fimm prósent eignarhlut í Landsbankanum og Kögun.

Sparisjóðabanki Íslands hagnaðist um 806 milljónir í fyrra samanborið við 163 milljónir árið 2003.

Nafnávöxtun á eignum Lífeyrissjóðs Norðurlands var 17,8 prósent í fyrra og raunávöxtun var 13,3 prósent. Þetta er næstbesta ávöxtun í sögu sjóðsins eftir því sem segir í fréttatilkynningu.

FTSE vísitalan í Lundúnum hækkaði í gær um 0,34 prósent. Í Þýskalandi hækkaði Dax um 0,36 prósent. Í Tókíó hækkaði Nikkei um 0,12 prósent.

Góð afkoma hjá BNbank í Noregi

Norski bankinn BNbank, sem Íslandsbanki hefur keypt, hagnaðist um ríflega tvo milljarða króna á síðasta ári. Þetta er 145 milljóna króna aukning hagnaðar frá árinu 2003.

Fjármálaeftirlitið í Noregi samþykkti þann 21. janúar kaup Íslandsbanka á BN bankanum en samþykki norska fjármálaráðuneytisins liggur ekki enn fyrir.

Ekki er talið líklegt annað en að ráðuneytið láti kaupin óátalin.

Í frétt frá Íslandsbanka í Kauphöll Íslands kemur fram að hagnaður BN bankans á fjórða ársfjórðungi var 46 milljónir norskra króna en á þeim ársfjórðungi féll til kostnaður við ráðgjöf vegna yfirtökutilboðs Íslandsbanka.

- þk



Aðalfundur Landssíma Íslands hf. verður haldinn miðvikudaginn 23. febrúar 2005, kl. 17.00 í húsnæði félagsins að Ármúla 25, Reykjavík.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.
2. Tillögur til breytinga á gr. 26.1 og 26.2 í samþykktum félagsins.
3. Tillaga um heimild til handa stjórn félagsins til að kaupa hluti í félaginu samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.
4. Önnur mál löglega fram borin.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins fela í sér að í stað 3/4 hluta greiddra atkvæða þurfi 2/3 hluta greiddra atkvæða á hluthafafundi til að samþykkja breytingar á samþykktum félagsins eða ákvarðanir um verulegar breytingar í rekstri þess.

Dagskrá fundarins, tillögur og ársreikningur félagsins liggja frammi á skrifstofu Símans, Ármúla 25, hluthöfum til sýnis viku fyrir aðalfund. Ársreikning Símans verður einnig að finna á heimasíðu fyrirtækisins, **www.siminn.is**

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Stjórn Símans

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

SAMSTARF OG VERKASKIPTING Kauphöllin og Fjármálaeftirlitið fást við svipaða þætti í eftirliti með verðbréfamarkaði. Hlutverk þeirra eru ólík og til þess að koma í veg fyrir tvíverknað og auka skilvirkni lögðu forstjórarnir, þeir Þórður Friðjónsson og Páll Gunnar Pálsson, fram yfirlýsingu um samstarf og verkaskiptingu.

Skerpt á verkaskiptingu eftirlits

Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin hafa skerpt á verkaskiptingu og samvinnu við eftirlit á verðbréfamarkaði. Markmiðið er að auka skilvirkni og tryggja samræmd viðbrögð við brotum á reglum um verðbréfaviðskipti. Síst meira er talið af brotum hér en í nágrannalöndum okkar.

Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands hafa skýrt meginþætti í verkaskiptingu sín í millum í eftirliti með verðbréfamarkaði. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, og Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, kynntu yfirlýsingu um verkaskiptingu í eftirliti með viðskiptum á markaði.

Markmið yfirlýsingarinnar er að verkaskipting og ábyrgð hvors um sig sé skýr og tvíverknaði haldið í lágmarki. Fjármálaeftirlitið og Kauphöllin leggja áherslu á skilvirkni í rannsókn og meðferð eftirlitsmála og að tryggð verði samræmd viðbrögð þegar upp koma mál sem líkur eru til að hafi mikla þýðingu á fjármálamarkaði.

Þórður og Páll segja samstarf þessara aðila hafa verið gott, en menn hafi viljað skerpa á verkaskiptingunni og efla samstarf milli Kauphallarinnar og Fjármálaeftirlitsins. „Það á bæði við um Kauphöllina og Fjármálaeftirlitið að við keppum mjög að því að vera samkeppnishæf; þá er ég að tala um trúverðugleika, stöðugleika og góðan verðbréfa- og fjármálamarkað," segir Páll Gunnar. Hann segir slíkt þegar hafa skilað sér þannig að álit erlendra matsfyrirtækja og alþjóðlegra stofnana hafi farið batnandi á íslenskum fjármálamarkaði. Þar hafi verið nefnt að eftirlit á fjármálamarkaði hafi eflst.

Almenna reglan í samstarfi þessara aðila er að Kauphöllin vísar málum til Fjármálaeftirlitsins, sem í ákveðnum tilvikum vísar málum áfram til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra. Fjármálaeftirlitið hefur lýst vilja sínum til þess að stjórnvaldssektum sé beitt í ríkari mæli. Páll Gunnar bendir á mikilvægi þess að markaður fái hratt og örugglega skilaboð um brot á reglum. Ferill slíkra mála í gegnum rannsókn taki langan tíma jafnvel þótt allt gangi eins vel og mögulegt er. Stjórnvaldsektir séu því skilvirkara tæki til að auka aðhald á markaði og efla traust.

Þórður segir að þau mál sem mest áberandi eru í umræðunni séu mál sem lúta að innherjaviðskiptum og mál sem lúta að yfirtöku fyrirtækja. „Þetta eru mál sem verða alltaf fyrirferðarmikil í umræðunni. Við gerum okkur ekki vonir um að svona yfirlýsing leysi slík mál. Þetta er hins vegar liður í að efla eftirlitsstarfsemina."

Bæði Kauphöllin og Fjármálaeftirlitið eru í alþjóðasamstarfi og bera starfsemi sífellt saman við kollega sína í öðrum löndum. Þeirra mat er að brot og annmarkar á markaði séu síst meiri hér en annars staðar. „Það að umræða er um mál tengd verðbréfamarkaði er fremur til marks um að fjölmiðlar og greiningardeildir fylgist betur með markaðnum. Það er jákvætt og þýðir ekki að slík mál séu í verra horfi hér en annars staðar," segir Páll Gunnar.

haflidi@frettabladid.is

Síminn hagnaðist um 3,1 milljarð

Fyrirtækið greiðir 6,3 milljarða í arð á þessu ári og hefur greitt tæpa tólf á síðustu þremur árum.

Síminn hagnaðist um 3,1 milljarð króna á síðasta ári samanborið við 2,1 milljarð árið 2003. Stjórn félagsins mun gera tillögu um að níutíu prósenta arður verði greiddur til hluthafa.

Hlutafé í Símanum nemur rétt rúmlega sjö milljörðum króna og því mun arðgreiðslan kosta félagið ríflega sex milljarða. Á síðustu þremur árum hefur Síminn greitt hluthöfum sínum 10,8 milljarða í arð en íslenska ríkið á 99 prósent hlutafjár í félaginu.

Hin háa arðgreiðsla mun lækka eigið fé í Símanum en hlutfall eigin fjár í fyrirtækinu er óvenjulega hátt, tæplega sextíu prósent um síðustu áramót. Með lækkun eigin fjár í félaginu er líklegt að fleiri eigi möguleika á að bjóða í fyrirtækið þegar það verður selt.

Framlegð í rekstrinum, fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði, lækkar úr 39,3 prósentum í 38,1 prósent.

Greiningardeild Landsbankans sagði í Vegvísi í gær að uppgjörið benti til þess að innri vöxtur í félaginu hefði verið neikvæður á fjórða ársfjórðungi auk þess sem gagnrýnt var að í ársreikningnum væri ekki að finna upplýsingar um rekstur Íslenska sjónvarpsfélagsins, sem rekur Skjá einn, en í því félagi ræður Síminnn meirihluta.

- þk

allt

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	9.19	13.42	18.06
AKUREYRI	9.11	13.26	17.43

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er miðvikudagur 16. febrúar, 47. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

Smáauglýsingar
byrja í dag á bls. 4

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

Vegna flutnings er til sölu Rainbow ryksuga ásamt fylgihlutum, er sem ný. Verð aðeins 89 þús. Uppl. í s. 696 4533.

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

visir

nám o.fl.
Meistaranám í blaðamennsku
BLS. 2

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ragnheiður með Ikea-stólana sem hún hannaði upp á nýtt á þjóðlegan og heimilislegan hátt.

Saumaði í seturnar með ull

Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir er 23 ára nemi í þrívíðri hönnun í Listaháskólanum. Hún vinnur nú að gerð BA-ritgerðar um Blythe-dúkkur.

„Ég ætlaði alltaf í eitthvert listnám og var fyrst að spá í arkitektadeildina í Listaháskólanum en eftir kynningu í skólanum valdi ég þrívíða hönnun og sé ekki eftir því," segir Ragnheiður Ösp. Hún er nú á lokasprettinum í námi sem snýst um hönnun nytjahluta sem miðað er við að fari í fjöldaframleiðslu.

Ragnheiður kveðst bæði vinna að sköpuninni á verkstæðum skólans og í þrívíddarforritum í tölvum. „Reyndar er mikil tískubylgja núna í því að fara beint í handavinnuna og ég er meira á þeirri línu. En í raninni fer þetta eftir námskeiðum, stundum er lögð áhersla á tölvuna og stundum á verkstæðisvinnuna," segir hún. Sem dæmi um viðfangsefni nefnir hún „Ikea-verkefni" sem öllum var sett fyrir á síðustu haustönn „Við áttum að velja okkur hlut í Ikea og breyta honum á persónulegan hátt. Ég fékk mér tvo kolla og boraði í seturnar þannig að ég gæti saumað krosssaumsmynstur í þær," segir hún og sýnir stólana, sem eru í senn nýmóðins og gamaldags.

Nú situr Ragnheiður við að skrifa BA-ritgerð um Blythe-dúkku sem á sérstaka sögu sem hún lýsir í örstuttu máli fyrir blaðamanni. „Blythe kom fyrst á markað 1972 en er með svo stóran haus og stór augu að hún var tekin úr framleiðslu eftir eitt ár því börn voru hrædd við hana. Svo var byrjað að búa hana til aftur 2001 og þá bara fyrir safnara."

Ragnheiður segir flesta Íslendinga í þessu fagi fara í meistaranám erlendis og síðan í vinnu þar í framhaldinu og reiknar með að feta þá slóð líka. „Það er heilmikið að gerast í skólum í Hollandi og Bretlandi og reyndar líka Danmörku og Svíþjóð," segir hún og bætir við að lokum: „Ég býst fastlega við að fara eitthvert út og reyna fyrir mér þar."

gun@frettabladid.is

Rimaskóli sigursæll

Rimaskóli sigraði með yfirburðum á fjölmennu Íslandsmóti barnaskólaskáksveita sem var haldið um síðustu helgi.

Mikill keppnisandi ríkti hjá krökkunum á barnaskólaskákmótinu.

Alls tóku 25 sveitir þátt í Íslandsmóti barnaskóla í skák þar sem tefldar voru níu umferðir. Sveit Rimaskóla hlaut 35 vinninga, sveit Salaskóla í Kópavogi varð í 2. sæti með 27, 5 vinninga og í þriðja sæti lenti sveit Barnaskóla Vestmannaeyja sem hlaut 25 vinninga. Sigursveitina í Rimaskóla skipa þau Hjörvar Steinn Grétarsson, Sverrir Ásbjörnsson, Hörður Aron Hauksson og Júlía Rós Hafþórsdóttir og varamaður er Júlía Guðmundsdóttir.

Rimaskóli er einnig Norðurlandameistari og vann með þessum sigri rétt til að taka þátt í Norðurlandamóti barnaskólasveita í Noregi næsta haust. Þar mun hann freista þess að verja titil sinn fyrir Íslands hönd. ■

LIGGUR Í LOFTINU
í námi

Úr viðjum vanans – námskeið um jafnrétti, kynmótun og kynferðislegt ofbeldi verður haldið hjá Endurmenntun Háskólans á föstudag og laugardag næstkomandi og svo 10. júní. Námskeiðið er einkum ætlað grunn- og framhaldsskólakennurum en á jafnframt erindi við allt fagfólk sem starfar með börnum og unglingum. Á námskeiðinu er farið yfir eðli og umfang kynferðislegs ofbeldis og tengslin milli kynmótunar og kynferðislegs ofbeldis skoðuð.

Heimasíðan kennsla.is var opnuð formlega síðastliðinn laugardag. Þar er boðið upp á námskeið á vegum MyPocket Productions í ýmsu því sem gleymdist að kenna fólki í hefðbundnu námi svo sem skapandi skrifum, dansi, hvað er list (eða er það list að leysa vind í baði) og svo mætti lengi telja. MyPocket Productions er framleiðslu- og fræðslumiðstöð í eigu listamannanna Þorvaldar Þorsteinssonar og Helenu Jónsdóttur.

Kosovo á krossgötum er yfirskrift fyrirlestrar sem Jón Guðni Kristjánsson fréttamaður heldur á fræðslufundi Félags Sameinuðu þjóðanna á fimmtudag. Þar rekur hann sögu Kosovo í ljósi núverandi stöðu þar, með áherslu á þá atburðarás sem hófst í kjölfar loftárása NATO árið 1999 og verkefni Sameinuðu þjóðanna í héraðinu að stríði loknu. Enn fremur fjallar hann um starfsreynslu sína sem fjölmiðlafulltrúi öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu á svæði þar sem ólík þjóðernisbrot búa saman. Fyrirlesturinn er haldinn í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna að Skaftahlíð 24 í Reykjavík og hefst klukkan 17.

Skattskil og virðisaukaskattur eru viðfangsefnin á námskeiði sem haldið er í Símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Farið er yfir hagnýt atriði sem varða skattskil einstaklinga með atvinnurekstur, svo sem launagreiðanda í staðgreiðslu, tekjuskráningu og reikningaútgáfu, rekstrarkostnað og skattframtalið, auk þess sem fjallað er um virðisaukaskattinn, útskatt og innskatt, skattskyldu, undanþágur, skattverð og þess háttar. Einnig verður farið í rafræn skattskil. Innifalið í gjaldinu er „Handbók um virðisaukaskatt" auk annarra námskeiðsgagna, kaffi og meðlæti.

nam@frettabladid.is

Það er góð námstækni að vinna skipulega á hverjum degi.
Það er mikilvægt að rifja námsefnið reglulega upp og taka glósur í kennslustundum. Hollt mataræði, hreyfing og nægur svefn bætir svo enn árangurinn í námi.

Líkamsnudd námskeið

með ilmolíum, þrýstinuddi, pólun og jóga öndun/slökun.
Kennslan er yfir tvær helgar 26-27. febrúar og 12-13. mars.
Heilsusetur Þórgunnu Egilsgötu 30
Skráning í símum 552 1850 eða 896 9653 og sjá heilsusetur.is

Lithimnulestur
Með David Calvillo
Miðvikudag, fimmtudag og föstudag

Lithimnulestur er gömul fræðigrein þar sem upplýsingar um heilsufar, mataræði og bætiefni eru lesnar úr lithimnu augans.

Á miðvikudag, fimmtudag og föstudag mun David Calvillo vera með lithimnulestur í Heilsubúðinni, Góð heilsa gulli betri. Njálsgötu 1, uppl. og tímapantanir í s:586-1463 og 561-5250

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Aukin ökuréttindi
Nú er rétti tíminn til að afla sér nýrra atvinnumöguleika !

Kennt er á leigu-, vöru- og hópferðabifreið, einnig vörubifreið með eftirvagni.

Skólinn býður uppá nútíma kennsluaðstöðu og reynda kennara.
Innritun alla miðvikudaga, áfangakerfi.

Einnig eru í boði námskeið í vistakstri fyrir einstaklinga og hópa.

Sími 567-0300
Þarabakka 3 109 Reykjavík
Netfang mjodd@bilprof.is
www.bilprof.is

Þorfinnur Ómarsson, umsjónarmaður námsins, og Kolbrún Eggertsdóttir, deildarstjóri framhaldsnáms við HÍ.

Markmiðið að efla fagþekkingu fréttamanna

Háskóli Íslands býður upp á tveggja ára MA-nám í blaða- og fréttamennsku sem er í senn hagnýtt og fræðilegt.

Nemendur fá kennslu og þjálfun í störfum við helstu fjölmiðla landsins ásamt því að læra um stöðu Íslands í alþjóðakerfinu, íslenskt samfélag og stjórnkerfið, klassískar kenningar á sviði fjölmiðlunar, vinnubrögð og siðareglur, svo eitthvað sé nefnt. Kolbrún Eggertsdóttir er deildarstjóri framhaldsnáms við Háskóla Íslands. „Markmiðið með náminu er fyrst og fremst að efla fagþekkingu og færni þeirra sem starfa við fjölmiðla. Nemendur hafa lokið BA- eða hliðstæðu námi með fyrstu einkunn, en námið er í raun sprottið upp úr námi í hagnýtri fjölmiðlun, en er nú komið á MA-stig. Það má því gera ráð fyrir að hinir verðandi blaðamenn hafi þegar tileinkað sér öguð akademísk vinnubrögð og ætla má að fjölbreyttur og ólíkur bakgrunnur blaðamanna, ásamt öflugri fagþekkingu á sviði fjölmiðlunar, stuðli að frekari framþróun íslenskra fjölmiðla.“

Þorfinnur Ómarsson er umsjónarmaður námsins ásamt því að sinna kennslu. Hann telur námið hafa gengið vel í öllum meginatriðum. „Við búum að þeirri reynslu sem skapaðist með námi í hagnýtri fjölmiðlun og var reynt að efla námið á öllum helstu sviðum, auk þess sem kröfurnar hafa aukist verulega. Vitaskuld má alltaf gera betur og mér finnst sérstaklega vanta aðstöðu fyrir nemendur til að sinna nútímafjölmiðlun. Nemendur ættu að hafa aðstöðu til að spreyta sig í umbroti blaða, vefsíðugerð, upptökum og klippingu fyrir sjónvarp, svo eitthvað sé nefnt,“ segir Þorfinnur.

Borgaryfirvöld unnu vafalaust í góðri trú þegar þau leiddu saman borgarfulltrúa, embættismenn, kaupmenn og þekktan áhugamann um húsvernd við undirbúning hins nýja deiliskipulags. En hér er um svo mikilvægt og viðkvæmt svæði í borginni að ræða að kalla hefði átt miklu fleiri til samráðs. Borgarbúar hefðu átt að fá tækifæri til að kynna sér málið rækilega og segja skoðun sína áður en niðurrifsskipulagið var samþykkt. Vonandi sér borgarstjórn að sér og endurskoðar áform sín um Laugaveginn í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið. Niðurrif húsanna tuttugu og fimm væri menningarsögulegt slys. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hvar er frumvarpið?

Ekkert bólar enn á frumvarpi heilbrigðisráðherra um tóbaksvarnir sem boðað var í þingmálaskránni sem fylgdi stefnuræðu forsætisráðherra í haust. Upphaflega minntist Jón Kristjánsson á þetta frumvarp í ræðu sem hann flutti á málþingi Lýðheilsustöðvar um reykingar sem haldið var í sumar sem leið. Þá sagði hann að frumvarp um bann við reykingum á veitingastöðum, sambærilegt við lög sem Írar og Norðmenn hafa sett, væri í undirbúningi í heilbrigðisráðuneytinu og yrði lagt fram í vetur. Ýmsir hallast að því að andstaða í þingflokki sjálfstæðismanna tefji framgang málsins. Munu þingmenn flokksins hafa áhyggjur af því að rekstrargrundvöllur veitingastaða verði ótryggur ef þar má ekki reykja. Þeir virðast síður leiða hugann að rétti starfsfólks veitingastaða til reyklauss umhverfis.

Gæti skipt um skoðun

Þegjandi samkomulag virðist vera um það meðal Samfylkingarfólks að barátta Össur Skarphéðinssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um formennsku í flokknum fari hljótt þar til nær dregur að þeirri örlagastund að atkvæðaseðlar verði póstlagðir til flokksmanna. Kosningin hefst í apríl og tekur einn mánuð og verða úrslitin kynnt á landsfundi Samfylkingarinnar í maí. Friðartíminn hefur gefið Stefáni Jóni Hafstein, formanni framkvæmdastjórnar, tækifæri til að setja saman persónulega stefnuskrá sem hann ætlar að kynna á fundi í Iðnó á föstudaginn. Lesa má ritgerð hans á vefsíðunni stefanjon.co.is og tekur höfundurinn fram að hún sé enn í vinnslu. „Með því að birta þessa ritgerð og þar með hugsanlega umdeildar skoðanir á stjórnmálum vil ég leggja mitt af mörkum í umræðuna um stjórnmál, lýðræði og verkefni stjórnmála framundan. Með því að gefa hana út á heimasíðunni en ekki prenti gef ég kost á athugasemdum og jafnvel því að ég skipti um skoðun ef einhver sannfærir mig þar um áður en hún verður prentuð,“ segir Stefán.

gm@frettabladid.is

Gjaldfrjálsir leikskólar

Stöðugt hefur dregið úr skilunum milli leikskóla og grunnskóla undanfarin ár. Uppbygging leikskólanna var og er jafnréttismál, sem Reykjavíkurborg hefur mjög borið fyrir brjósti. Nú er svo komið að 96% fimm ára barna í Reykjavík ganga í leikskóla og fimm ára deildir í grunnskólum. Á landinu öllu gengu um 40% barna að sex ára aldri í leikskóla árið 1991, en nú er hlutfallið um 71%, samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands. Þá hefur Reykjavíkurborg gengið á undan í faglegum metnaði í leikskólastarfinu og þá sérstaklega að tengja saman leik- og grunnskólastarfið þannig að samfella verði í skólagöngunni.

Það er ekki síst í ljósi þessara staðreynda að Reykjavíkurborg reið á vaðið síðastliðið haust og fór að bjóða fimm ára börnum upp á gjaldfrjálsa skólagöngu í þrjár stundir á dag. Með því var gefinn tónn í líflega umræðu, sem meðal annars hefur átt sér stað í sölum Alþingis. Þar var á dögunum til umræðu þingsályktunartillaga þingflokks VG um að ríki og sveitarfélög leiti leiða til að gera leikskólagöngu gjaldfrjálsa í áföngum og fleiri þingmenn hafa látið málið til sín taka.

Samkvæmt samantekt Morgunblaðsins fyrir um mánuði er leikskólaþjónusta á Íslandi einna ódýrust í Reykjavík. Miðað við átta stunda dvöl með fullu fæði er almennt gjald í leikskólum Reykjavíkurborgar um 28 þ. kr. á mánuði en annars staðar á höfuðborgarsvæðinu fer leikskólagjald allt upp í 31 þ. kr. Ef barnið er 5 ára er gjaldið hinsvegar tæpar 20 þ. kr. hér í höfuðborginni. Fyrir sams konar þjónustu og í fyrra dæminu greiða forgangshópar í Reykjavík um 15 þ. kr., en um 11,5 þ. kr. ef um er að ræða fimm ára barn. Til samanburðar er meðalgjald þessa hóps í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu 22 þ. kr. á mánuði.

Hin hliðin á öflugri þjónustu Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga er vitaskuld fjármálahliðin. Nú kann það að vera að íbúar og fulltrúar þeirra í stjórn einhverra sveitarfélaga hafi alls engan áhuga á að lækka leikskólagjöldin, en í ljósi umræðunnar um það hvernig ríkið skiptir skatttekjum milli sín og sveitarfélaganna er það auðvitað ákaflega misjafnt hversu langt þau sveitarfélög, sem hug hafa á að feta í fótspor Reykjavíkurborgar, geta gengið.

Að búa vel að börnum og barnafólki er höfuðatriði í stefnu borgarinnar og hefur talsvert fé verið lagt í að mæta þörfum barnafjölskyldna. Ekki er það eingöngu í rekstri leikskóla heldur ekki síður í grunnskólunum, frístundaheimilum og með stuðningi við öflugt íþrótta- og tómstundastarf frjálsra félagasamtaka.

Umboðsmaður barna vakti máls á því fyrir skömmu að sum börn væru hugsanlega of lengi á leikskólanum sínum dag hvern. Það er okkur foreldrum holl áminning um rétta forgangsröðun í lífinu að gefa okkur tíma með börnunum okkar, en foreldrar hafa mismikið val í þessum efnum. Við þekkjum trúlega flest einstætt foreldri í fullri vinnu með barn á leikskólaaldri. Það er ódýrt að standa í pontu á Alþingi og segjast telja „að flest börn hafi ekkert að gera að heiman fyrr en þau eru orðin þriggja ára“ eins og Pétur Blöndal lét út úr sér á dögunum. Það virðist talsvert einfaldara lífið innan veggja Alþingishússins en utan þeirra. Reykjavíkurborg leggur sig fram um að létta undir með því barnafólki sem býr í raunveruleikanum. ■

LEIKSKÓLABÖRN Á VÖLVUBORG
Borgarstjóri segir að leikskólaþjónusta sé ódýrust í Reykjavík.

UMRÆÐAN
LEIKSKÓLAR

STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR
BORGARSTJÓRI

Samkvæmt samantekt Morgunblaðsins fyrir um mánuði er leikskólaþjónusta á Íslandi einna ódýrust í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Eitt gagnaflutningsnet fyrir alla

UMRÆÐAN
SÍMINN

JÓN BJARNASON
ALÞINGISMAÐUR VINSTRI GRÆNNA

Hér með er skorað á íbúa landsins, sveitarfélög og samtök þeirra, félög, fyrirtæki og stjórnmálamenn að taka nú höndum saman og stöðva söluferli Símans og krefjast þess að grunnnet fjarskipta í landinu verði sameinuð í eitt öflugt landsnet í opinberri eigu.

Grunnnet fjarskipta í landinu eru enn sem komið er að langmestu leyti í eigu opinberra aðila, þ.e. Símans, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar. Það liggur alveg ljóst fyrir að verði Landssíminn seldur með grunnnetinu eins og nú horfir mun verða til í landinu tvöfalt, að hluta til einkavætt gagnaflutningskerfi með gríðarlegum tilkostnaði. Bætist þá við mikil offjárfesting og sóun í fákeppnisumhverfi sem einkavæðing Landssímans mun beinlínis stuðla að. Samkeppnin kemur þá til með að snúast fyrst og fremst um þéttbýlustu svæði landsins og veruleg hætta á að fólk í öðrum byggðarlögum verði afskipt nema til komi sérstakur ríkisstuðningur og há notendagjöld til að knýja fram lágmarksþjónustu. Miklu vænlegri kostur er að einkaaðilar geti keppt um að veita þjónustu á jafnræðisgrundvelli á grunnneti sem taki til landsins alls og tryggi landsmönnum öllum sambærilega, fyrsta flokks þjónustu án tillits til búsetu. Þingmenn Vinstri grænna hafa því gert kröfu um það á Alþingi að vinna við sölu Landssímans verði stöðvuð og kannaðir verði möguleikar á að sameina öll grunnnet fjarskipta í landinu í eitt öflugt gagnaflutningsnet.

Mikilvægi fjarskiptanetsins er eins og vegakerfisins, tengir landsmenn saman og skapar grundvöll fyrir hin fjölbreyttu samskipti sem er grunnur jafnræðis í búsetu og atvinnurekstri um allt land. Væri vel hægt að hugsa sér hliðstæða skipan á með fjarskiptanetið, öflugt flutningskerfi í opinberri eigu, sem allir geta nýtt sér á jafnréttisgrunni. Vegagerðin fer með uppbyggingu, viðhald og þjónustu við vegakerfið ásamt sveitarfélögunum. Það væri tilvalið að koma hliðstæðri skipan á fyrir fjarskiptin. Við markaðsvæðingu raforkukerfisins var þó valið hafa eitt flutningsnet raforku sem aðilar greiddu fyrir aðgang að.

Grunnnet fjarskiptanna er nánast allt nú í opinberri eigu. Því er ríki og sveitarfélögunum í lófa lagið að sameina þessi þjónustufyrirtæki í eitt. Hér með er skorað á íbúa landsins, sveitarfélög og samtök þeirra, félög, fyrirtæki og stjórnmálamenn að taka nú höndum saman og stöðva söluferli Símans og krefjast þess að grunnnet fjarskipta í landinu verði sameinuð í eitt öflugt landsnet í opinberri eigu, sem veiti öllum aðgang á jafnréttisgrunni og nái til allra landsmanna óháð búsetu. ■

Til varnar forsætisráðherra

UMRÆÐAN
FORSÆTISRÁÐHERRA

GUÐMUNDUR G. ÞÓRARINSSON
VERKFRÆÐINGUR

Þessi grein er rituð til þess að mótmæla því harðlega sem ég nú heyri víða í borginni að forsætisráðherra hafi farið yfir um sem kallað er í sjónvarpsviðtalinu. Hann sagði aðeins sannleikann og sannleikurinn er sagna bestur.

Fyrir nokkru gaf Steingrímur Hermannsson fyrrverandi forsætisráðherra út þá yfirlýsingu í fjölmiðlum að Halldór núverandi forsætisráðherra ætti bara að segja sannleikann, það hefði gefist sér best. Þessi ráð voru gefin vegna dapurlegrar niðurstöðu í könnunum um vinsældir Halldórs. Nú hefur Halldór farið að ráðum fyrirrennara síns og sagt í sjónvarpsviðtali sannleikann um tilurð ákvarðanatöku í Íraksmálinu og frá málsatvikum sem að baki liggja. Raunar hefði Halldór mátt fara fyrr í smiðju til Steingríms, sem um árabil var vinsælasti stjórnmálamaður Íslendinga.

Af máli Halldórs mátti skilja að Bandaríkjamenn hefðu beitt Íslendinga þrýstingi þótt hann segði það ekki beint, en þeir sem ekki geta lesið milli línanna eru ekki læsir þó þeir þekki alla stafina. Fram kom að maður kom frá bandaríska sendiráðinu og gerði boð fyrir Halldór, sem þá stýrði fundi ríkisstjórnar. Halldór sagðist hvorki hafa talað við Bush né sendiherrann en varð að fara út af ríkisstjórnarfundi til þess að tala við manninn. Ég tel alveg áreiðanlegt og raunar hafið yfir allan vafa að þessi maður hafi verið sendur af sendiherranum. Þessi maður virðist hafa beitt Halldór þrýstingi. Og hvað átti Halldór að gera? Ekki gat hann látið manninn bíða. Stjórnmálamenn verða oft að taka stórar ákvarðanir á stuttum tíma og Halldór reis undir ábyrgðinni. Hann tók í hvelli tvær ákvarðanir. Önnur var að ráðast með Bandaríkjamönnum á Írak og hin var að segja engum frá því. Ja, nema Davíð. Þessar ákvarðanir rökstuddi Halldór með því annars vegar að ef maður gerir eitthvað fyrir menn þá eru þeir líklegri til að gera eitthvað fyrir mann í staðinn og hins vegar með því að auðvitað hefði það verið stefnubreyting í utanríkismálum Íslendinga ef þeir hefðu ekki staðið að innrásinni með Kananum. Halldór sagði eðlilega að hann myndi ekki þessa atburðarás alla nákvæmlega enda ekki tími til að bóka né skrá hjá sér neitt varðandi málið. Það kom Halldóri í opna skjöldu að Bandaríkjamenn sögðu svo frá öllu saman. Hann skýrði frá því að hann hefði látið koma fram við fréttamenn að hann hefði verið mjög óánægður með að Bandaríkjamenn skyldu leka þessu. Hann hafði ekki mótmælt við Bandaríkjamenn sjálfa enda þarf þess ekki. Hann sagði að Bandaríkjamenn fylgdust mjög vel með öllu sem hann segði og létu þýða það. Ekkert hefur komið fram um að Bandaríkjamenn hafi fengið vitneskju um óánægju Halldórs og læðist að mönnum sá óþægilegi grunur að málið hafi farið fram hjá þeim og þeir fylgist alls ekki eins vel með því sem Halldór segir og Halldór hefur álitið. Sérstaklega ber að þakka Morgunblaðinu viðleitni þess til að vekja athygli á afrekum Framsóknarflokksins og ráðherra hans á undanförnum árum. Þessi fjölskyldupólitík Morgunblaðsins hefur ráðið mestu um að fylgi Framsóknarflokksins hefur frá kosningum aðeins þrisvar farið niður í 8% á landsvísu. Halldór hefur að vísu sjálfur lent í 3,8% en allir vita að þar er ekki við Morgunblaðið að sakast. Í nýlegu viðtali í blaðinu segir forsætisráðherra frá því að hann sé stoltur af verkum sínum. Ég vona svo sannarlega að Bandaríkjamenn hafi látið þýða það.

Þessi grein er rituð til þess að mótmæla því harðlega sem ég nú heyri víða í borginni að forsætisráðherra hafi farið yfir um sem kallað er í sjónvarpsviðtalinu. Hann sagði aðeins sannleikann og sannleikurinn er sagna bestur. Hann var beittur þrýstingi af manni sem sendur var af bandaríska sendiherranum. Hann veit, þó hann gæti ekki gert grein fyrir því í stuttu sjónvarpsviðtali, að ef maður gerir eitthvað fyrir annan er líklegt að sá hinn sami verði manni vinveittur. Halldór er stefnufastur og er ekki líklegur til að taka 60° beygju með utanríkisstefnu Íslendinga og neita að ráðast með Bandaríkjamönnum inn í Írak. Og það var komið aftan að honum með því að segja frá málinu. Í lok viðtalsins sagði forsætisráðherra frá því að það hefði oft verið erfitt að taka ákvarðanir fyrir þjóðina. Hann hefur haft vindinn í fangið og staðið í öldurótinu. En ég er viss um að hann sagði sannleikann og ég heyri á mörgum að þeir dást ofurlítið að þeim kjarki sem þarf til þess að láta slíkt og þvílíkt frá sér fara. ■

Kátt er í höllinni

UMRÆÐAN
STJÓRNMÁL

ERNA V. INGÓLFSDÓTTIR
HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Jón og Gunna verkakona, ásamt lífeyrisþegum og öryrkjum, kunnu sér ekki læti og hoppa og dansa alla daga. Ástæðan? Jú, ráðamenn þjóðarinnar hafa heldur betur dottið í lukkupottinn og þar af sjö heldur betur. Ofan á sínar milljóna króna tekjur á mánuði hafa þeir nú fengið 2-400 þúsund krónur í viðbót með nýju eftirlaunalögunum. Þessir sjö stóru græddu enn meira en verið hefði vegna skattalækkana á meðan Jón og Gunna höfðu heilar 270 krónur upp úr krafsinu. Það stendur þó allt til bóta og nú er kátt í koti og höll.

Þar sem þetta er svo óheyrileg vitleysa hafa þessir sjö viljugu ákveðið að gefa bæði skattalækkunina plús 400 þúsundirnar til þeirra lægst launuðu. Svo kemur auðvitað allur þingmannaskarinn, með Halldór í broddi fylkingar, endurskoðar sín eigin laun og hækka skattleysismörkin upp í 110 þúsund krónur til þess að fylgja launavísitölunni.

Úr því að allir ætla að vera svona góðir ætlar Reykjavíkurborg að endurskoða tillögur um að gefa börnum, unglingum og gamalmennum frítt í strætó, því það gefur augaleið að með færri bílum á götum borgarinnar minnkar slysatíðni. Það þarf ekki að gera mislæg gatnamót í Kringlumýri og mengun minnkar stórlega. Sem sagt allir í strætó.

Ríkið lækkar stórlega lyfjaverð til gamalmenna. Amma á elliheimilinu fær langþráða hækkun á dagpeningum sínum sem nú er 700 krónur á dag. Hún getur farið að gauka að barnabörnunum smá gjöfum sér og þeim til ánægju. Þingmenn hætta að eyða dýrmætum tíma okkar kjósenda í að rífast um Íraksmálið. Með eða á móti hinnum viljugu þjóðum, og strika Ísland einfaldlega út af listanum.

Bush verður svo hrifinn af Davíð fyrir að vera svona mikill foringi, að þora að standa upp í hárinu á honum með útstrikuninni, að hann lætur herinn vera kyrran í Keflavík. Suðurnesjamenn una glaðir við sitt og Davíð verður kosinn aftur í næstu kosningum. Ekki sízt vegna þess að af því að hann stendur auðvitað fyrir því, þótt hann sé bara utanríkisráðherra, að færeyska fiskveiðikerfinu verði komið á hér. Þó með smábreytingum því að nú heitir það hið íslenzka fiskveiðikerfi. Við Íslendingar verðum fyrirmynd annarra þjóða og getum sagt Evrópusambandinu að svona eigi að stjórna.

Höfundur á sæti í miðstjórn Frjálslynda flokksins.

AF NETINU

Sátt Halldórs og Bjarna

Í Atómstöðinni er Búi Árland, fulltrúi hins menningarlega kapítalisma, látinn vera sannfærður um að kapítalisminn sé glataður. Sagan hefur kveðið upp sinn dóm. Halldór Laxness kvað sjálfur upp sinn dóm þegar hann sagði frá því að hann hefði horft upp á það þegar saklaus kona var fangelsuð í Moskvu, glæpur sem hann þagði yfir í 25 ár, og hélt á meðan ótrauður fram málstað þeirra sem fangelsuðu hana. Eftir að hann snerist tóku margir hann í sátt og viðurkenndu snilli hans sem rithöfundar. Um það þarf ekki að deila að þeir sem höfðu skömm á öfgafullum skoðunum Halldórs áttu erfitt með að viðurkenna hæfileika hans. Bjarni Benediktsson snerist algerlega á band Halldórs, svo mjög að árið 1967 lét hann það berast til Halldórs að hann myndi styðja hann byði hann sig fram til forseta. Halldór þekktist ekki boðið, en það sýndi að gamlar deilur voru uppgerðar. Það er engin ástæða til þess að aðrir rjúfi nú þá sátt sem Halldór og Bjarni náðu sín á milli meðan báðir lifðu.

Benedikt Jóhannesson á heimur.is

Átaksvika vegna heimilisofbeldis 14. – 21. febrúar

BÝRÐU VIÐ ÓFBELDI Á HEIMILINU?

1717

Hringdu í **1717** – Hjálparsíma Rauða krossins

Við hlustum á þig
Við upplýsum um úrræði
Við bendum þér á leiðir út úr vandanum

1717 - Hjálparsími Rauða krossins er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem finnst þeir vera í vanda og þurfa einhvern til að tala við. Símtal í 1717 er gjaldfrjálst og kemur hvergi fram á símreikningum.

Síminn er bakhjarl 1717 - Hjálparsíma Rauða kross Íslands.

Rauði kross Íslands

IAIN MENZIES BANKS (1954-)
fæddist þennan dag.

„Rökvísin mótar framtíðina, en hjátrúin sýkir nútímann.“

Iain M. Banks, einn vinsælasti rithöfundur Skota, skrifar hefðbundnar skáldsögur og vísindaskáldsögur. Hann merkir vísindaskáldsögurnar með M-inu í nafni sínu, en skrifar bara Iain Banks undir hinar. Hann sér eftir að hafa byrjað á þessu, enda líti hann á báðar tegundir skáldsagna sem jafngildar. Bæði formin kalli á ímyndunarafl, frásagnargáfu og ritfærni.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST

Kolanámumenn myrkvuðu England

Árið 1972 lýstu yfirvöld orkumála í Bretlandi því yfir að frá og með þessum degi yrðu mörg heimili og fyrirtæki án rafmagns frá sex stundum og upp undir níu klukkustundir á dag. Orkuskorturinn var kominn til vegna verkfalls kolanámumanna sem staðið hafði í sex vikur, en þeir kröfðust hærri launa. Til að auka þrýsting á stjórnvöld sátu þeir um orkuver og eldsneytisstöðvar og hindruðu aðgang að þeim.

Verkfallið hafði gífurleg áhrif á daglegt líf í Bretlandi: fyrirtækjum var lokað, vinnuvikan var stytt í þrjá daga og fjölda fólks var sagt upp störfum. Um það leyti sem gripið var til rafmagnsskömmtunar hélt dagblaðið Times því fram að 1,2 milljónum verkamanna hefði verið sagt upp störfum. Imperial Chemical Industries, eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins, sagði til dæmis upp, með viku fyrirvara, 60 þúsund verkamönnum sem fengu laun greidd vikulega. Fyrirtækið sagði uppsagnirnar gerðar í forvarnarskyni.

Aðfaranótt 19. febrúar náðist loks samkomulag, en launahækkanirnar þýddu kostnaðarauka upp á um og yfir 100 milljónir punda. Kolanámumenn sneru aftur til starfa 25. febrúar eftir sjö vikna verkfall og voru þá með hæst

16. FEBRÚAR 1972

launuðu verkamönnum landsins. Námumenn gripu enda ekki aftur til verkfallsvopnsins aftur fyrr en í mars árið 1984. Það verkfall stóð í heilt ár og var að öllum líkindum lengsta og skaðlegasta launadeila í iðnsögu Bretlands.

MERKISATBURÐIR

1808 Frakkar ráðast inn í Spán.
1918 Dover-höfn í Englandi verður fyrir sprengjuárás þýsks kafbáts í fyrri heimsstyrjöldinni.
1936 Vinstrisinnar fara með sigur af hólmi í kosningum á Spáni. Viðbrögð hersins leiða til borgarastyrjaldarinnar á Spáni.
1937 Wallace H. Carothers, efnafræðingur hjá Du Pont, fær einkaleyfi á næloni.
1951 Verkfall strætisvagnstjóra hefst í Reykjavík og stendur til 21. mars.
1959 Fidel Castro tekur við völdum á Kúbu eftir að Fulgencio Batista hafði verið settur af.
1970 Yfirvöld í Moskvu segja araba munu fá „nauðsynlegan stuðning“ í deilum við Ísraela.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Arnór Þorkelsson
málari frá Arnórsstöðum, Skipasundi 87,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 9. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

Hulda Ingvarsdóttir, Ingþór Arnórsson, Guðný Sigurbjörnsdóttir, Sigríður Arnórsdóttir, Svavar Þórhallsson, afabörn og langafabörn.

†

Elskulegur faðir minn, bróðir okkar og afi,
Valgeir Gottskálk Magnússon

andaðist að heimili sínu, Hrafnistu, Hafnarfirði, miðvikudaginn 9. febrúar. Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 18. febrúar klukkan 15.

Magnús Skúlason, Guðrún Magnúsdóttir, Hulda Hansen, Sigríður Johnsen og barnabörn.

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,
Sigurbjörg Bjarnadóttir
Bakkabakka 4a, Neskaupstað,

lést af slysförum á Kanaríeyjum 10. febrúar, jarðarförin auglýst síðar.

Hjörtur Árnason, Bjarni Jóhannsson, Ingigerður Sæmundsdóttir, Gyða María Hjartardóttir, Jóhann G. Kristinsson, Lára Hjartardóttir, Sigurður Indriðason, Birna Bjarnadóttir, Guðmundur Bjarnason og barnabörn.

15% afsláttur
af legsteinum
gegn staðgreiðslu
í janúar og febrúar

Sendum myndalista

MOSAIK
Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is

TÍMAMÓT: HÆSTIRÉTTUR 85 ÁRA

Var áratugum saman í óhentugu húsnæði

Í dag eru 85 ár frá því að Hæstiréttur tók til starfa. Stofnun Hæstaréttar var mikilvægur áfangi í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, enda færðist þá æðsta dómstigið inn í landið, en fram að þeim tíma höfðu landsmenn öldum saman þurft að notast við Hæstarétt í Danmörku. Um leið og þessi breyting var gerð hér fækkaði dómstigunum í tvö, þar sem Landsyfirréttur var lagður niður.

„Sjálfsagt má segja að þetta hafi verið einn áfangi af allnokkrum á þessu tímabili,“ segir Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar. „Kannski áfangi sem menn, eins og eðlilegt er, veittu kannski ekki jafn mikla eftirtekt og fullveldinu, en hafði þó mjög mikil áhrif á stöðu þessa ríkis, að hafa sitt eigið dómsvald innanlands.“ Dómskerfið skipar enda mikilvægan sess í stjórnskipan landsins sem ein af þremur greinum ríkisvaldsins. „Þannig að jafn mikilvægt er að hafa þennan þátt innanlands og það er að hafa hér framkvæmda- og löggjafarvaldið.“

Við stofnun var Hæstarétti búið aðsetur til bráðabirgða í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Þar var hann til húsa í tæpa þrjá áratugi við mjög bág skilyrði. Á vef réttarins kemur fram að dómhúsið við Lindargötu hafi svo verið reist á árunum 1946 til 1948 og flutt þar inn í byrjun árs 1949. „Enda þótt sú bygging hafi útlitslega kosti var hún frá upphafi gölluð, bæði tæknilega og skipulagslega séð, auk þess sem afar óviðeigandi er, að um húsnæðisleg tengsl sé að ræða milli Hæstaréttar og Stjórnarráðs Íslands,“ segir í samantekt Garðars Gíslasonar hæstaréttardómara.

Markús Sigurbjörnsson, tekur undir að gamla dómhúsið hafi að mörgu leyti verið óhentugt. „Ég var þar eitthvað um tvö ár, en húsið var orðið mjög illa farið af viðhaldsleysi. Svo hefur það sjálfsagt ekki verið of vel úr garði gert til að byrja með, fyrir utan svo að allt var skipulagið einhvern veginn óhentugt,“ sagði hann, en tekið var að huga að nýjum stað fyrir réttinn árið 1986. Árið 1991 skipaði þáverandi dómsmálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, nefnd sem gera átti tillögur um framtíðarlausn á húsnæðismálum Hæstaréttar. Nefndin skoðaði nokkra kosti en að lokum var ákveðið að byggja yfir réttinn. Í maí 1993 var svo efnt til samkeppni um nýbyggingu Hæstaréttar í samráði við Arkitektafélag Íslands og tók Þorsteinn Pálsson fyrstu skóflustunguna að núverandi húsnæði réttarins 15. júlí 1994. Byggingarframkvæmdum var svo lokið tveimur árum síðar, 31. júlí 1996.

Markús segir ekki standa til að halda sérstaklega upp á afmæli Hæstaréttar að þessu sinni, en haldið var veglega upp á 50 ára afmæli réttarins og svo aftur 75 ára afmælið. „En þann sama dag lagði dómsmálaráðherra hornstein að nýja húsinu,“ sagði Markús og taldi ekki alveg loku fyrir það skotið að splæst yrði í köku á kaffistofunni í dag. „Þetta er vissulega mikill dýrðardagur, að verða orðinn 85 ára,“ sagði hann og hló. „En því miður er þetta víst bara eins og hver annar vinnudagur.“ ■

HÆSTIRÉTTUR VIÐ LINDARGÖTU
Hæstiréttur árið 1920
Fyrstu hæstaréttardómararnir voru fimm. Dómstjóri var Kristján Jónsson, landsyfirréttardómari og fyrrverandi ráðherra. Einnig komu úr Landsyfirréttinum Halldór Daníelsson og Eggert Briem. Aðrir dómarar voru skipaðir Lárus H. Bjarnason prófessor og Páll Einarsson bæjarfógeti í Reykjavík.
Fyrsta málið sem Hæstiréttur dæmdi í, að því er fram kemur í Íslandi í aldanna rás 1900-2000, snerist um rekaviðardrumb, metinn á 65 krónur. Hæstiréttur staðfesti dóm undirréttar um rekarétt bæjarins Bjargs í Setbergsfjöru þar sem drumbinn rak á land, frostaveturinn 1918. Sveinn Björnsson, bóndi á Setbergi, hafði tekið drumbinn til handargagns og var dæmdur til að greiða hann Ingibjörgu Þorsteinsdóttur á Bjargi, auk þess að greiða 75 krónur í málskostnað.

AFMÆLI

Svanhildur Sigurðardóttir myndhöggvari er sextug í dag.

Björn Thoroddsen gítarleikari er 47 ára í dag.

Guðjón Már Guðjónsson, frumkvöðull í upplýsingatækni, er 33 ára í dag.

Vala Flosadóttir stangarstökkvari er 27 ára í dag.

JARÐARFARIR

13.00 Benedikta Þorláksdóttir, Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Kirkjulundi 8, Garðabæ, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju.
13.00 Halldóra Helgadóttir, Hrafnistu, Reykjavík, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju.
13.00 Sigríður Gísladóttir, hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, áður Safamýri 48, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.
13.30 Elín Friðriksdóttir, Furulundi 6c, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.
15.00 Jón Guðjónsson, frá Vestri-Dysjum, Garðabæ, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu.
15.00 Sigurjón Magnússon, vélstjóri og húsasmíðameistari frá Friðheimi í Mjóafirði, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.
15.00 Trausti Bergsson verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju. Um leið fer fram minningarathöfn um bróður hans Smára Bergsson sem lést sl. sumar.

ANDLÁT

Birgir Árnason, Straumnesi, Skagaströnd, lést miðvikudaginn 2. febrúar. Útförin hefur farið fram.
Aðalsteinn Sigurðsson, bifvélavirki, Njálsgötu 47, Reykjavík, lést þriðjudaginn 8. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.
Sigurbjörg Bjarnadóttir, Bakkabakka 4a, Neskaupstað, lést fimmtudaginn 10. febrúar.
Helga Jónína Dagbjartsdóttir, Hrafnistu, Reykjavík, áður Bergstaðastræti 48a, lést föstudaginn 11. febrúar.
Margrét Gísladóttir Blöndal, frá Seyðisfirði, Hlíðarhúsum 3, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Eir, föstudaginn 11. febrúar.
Þórdís Guðmundsdóttir, hjúkrunarheimilinu Eir, lést föstudaginn 11. febrúar.
Samúel J. Valberg, húsgagnabólstrarameistari, áður Kambsvegi 34, lést laugardaginn 12. febrúar.
Sigfús Guðni Sumarliðason, frá Ólafsvík, lést laugardaginn 12. febrúar.
Sigríður Jónsdóttir Trampe, frá Litla-Dal, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, lést laugardaginn 12. febrúar.
Stefán Björgvin Guðmundsson, frá Dratthalastöðum, lést laugardaginn 12. febrúar.
Ása Lilja Arnórsdóttir, Elliheimilinu Grund, Reykjavík, lést sunnudaginn 13. febrúar.
Halla Gísladóttir, Hólmgarði 45, Reykjavík, lést sunnudaginn 13. febrúar.
Lilja Halldórsdóttir, Hlíf 1, Ísafirði, lést sunnudaginn 13. febrúar.
Magnús Einar Finnsson, Eikarlundi 16, Akureyri, lést sunnudaginn 13. febrúar.
Guðmundur Magnússon, Vogatungu 27a, Kópavogi, lést á Sunnuhlíð í Kópavogi mánudaginn 14. febrúar.

AEG ÞVOTTADAGAR

NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN OG ÞURRKARINN FRÁ **AEG**

EFTIRSÓTTASTA PAR LANDSINS

AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði

LAVAMAT 76820 ÍSLAND

• Taumagn: 6 kg • Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín. • Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu • Mjög hljóðlát og sparneytin vél • Þvottahæfni: **A+** • Þeytivinduafköst: **A** • Orkuflokkur: **A** • 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi • Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka • 3ja ára ábyrgð

Kr. 90.000,-

AEG barkalaus þurrkari
með íslensku stjórnborði

LAVATHERM 57820 ÍSLAND

• Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær • Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig • Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig • Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun • Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann • Gaumljós fyrir vatnstank, lógsigti og þéttibúnað • Stórt hurðarop - 33 sm

Kr. 85.914,-

Í TILEFNI AEG ÞVOTTADAGA BJÓÐUM VIÐ PARIÐ Á KR. 159.000,-

Ítarleg notendahandbók á íslensku fylgir báðum tækjunum.

Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á tilboðsverði!

BRÆÐURNIR ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON SMÁRALIND

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

sport
sport@frettabladid.is

Við veltum því fyrir okkur...

... hvort aganefnd HSÍ þurfi ekki að endurskoða vinnureglur sínar þegar leikmenn sjálfir furða sig á því hversu væga dóma þeir hljóta en þeir hafa hingað til vælt yfir of hörðum dómum. Roland Valur Eradze svo gott sem hló að dómi aganefndar yfir sjálfum sér í gær enda fannst honum dómurinn hreinlega of vægur. Þetta er annar dómur aganefndar í vetur sem vekur furðu margra og ætti skrípaleikurinn í kringum mál Ingólfs Axelssonar og Þórs að vera flestum í fersku minni. Steininn tekur samt gjörsamlega úr þegar leikmenn sjálfir telja að þeir eigi að fara í lengra leikbann en aganefnd dæmir þá í.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

13 14 15 **16** 17 18 19

Miðvikudagur

LEIKIR

- 18.00 **Haukar** og **Stjarnan** mætast á Ásvöllum í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 19.15 **Grindavík** og **Njarðvík** mætast í Grindavík í 1. deild kvenna í körfubolta.
- 19.15 **ÍR** og **HK** mætast í Austurbergi í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.15 **ÍBV** og **Þór Ak.** mætast í Vestmannaeyjum í DHL-deild karla í handbolta.
- 20.00 **Valur** og **Haukar** mætast í Valsheimilinu í DHL-deild karla í handbolta.

SJÓNVARP

- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.20 **Bestu bikarmörkin hjá Chelsea** á Sýn.
- 20.15 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Liverpool** og **Olympiakos** í meistaradeildinni í fótbolta.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- 22.20 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 23.15 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.

Arsenal um helgina:

Enginn enskur

FÓTBOLTI Arsene Wenger, stjóri Arsenal, vakti mikla athygli þegar hann teflti fram 16 manna liði sem eingöngu var skipað erlendum leikmönnum þegar liðið mætti Crystal Palace. Þetta er í fyrsta sinn í sögu ensku knattspyrnunnar sem engan Englending er að finna í leikmannahópnum. „Ég kíki ekki á vegabréf manna heldur horfi ég frekar til hæfileika og hugarfars viðkomandi. Svo var Sven-Göran Eriksson á leiknum. Á hvern ætli hann hafi verið að horfa?“ spurði Wenger með húmorinn í lagi. ■

Ég var heppinn

Roland Valur Eradze var dæmdur í tímabundið leikbann vegna óíþróttamannslegrar hegðunar í leik ÍBV og ÍR. Það kemur verulega á óvart að Roland segir bannið of vægt og að hann sé í raun heppinn að sleppa svona vel.

HANDBOLTI Upp úr sauð í leik ÍR og ÍBV í undanúrslitum SS-bikarsins um síðustu helgi. Landsliðsmarkverðinum Rolandi Val Eradze ofbauð frammistaða dómara leiksins, missti algjörlega stjórn á skapi sínu, þrumaði boltanum upp í loft og fékk fyrir vikið beint rautt spjald. Þá sveiflaði hann hendinni glæfralega í átt að Gísla Jóhannssyni dómara og þegar hann var teymdur á brott af félaga sínum í liðinu hrækti hann í átt að Gísla.

Aganefnd HSÍ tók málið fyrir í gær og eftir langa yfirlegu var Roland dæmdur í tímabundið bann frá 17. febrúar til 7. mars. Þetta bann jafngildir þriggja leikja banni því Roland getur leikið með ÍBV gegn Þór í kvöld en missir af leikjum gegn KA, HK og Haukum.

Get ekki kvartað

„Þetta er bara þriggja leikja bann þannig að ég get ekki kvartað,“ sagði Roland nánast hlæjandi í samtali við Fréttablaðið í gær þegar dómurinn var borinn undir hann. Hláturinn hvarf fljótt þegar spurt var út í frammistöðu dómaranna en Roland vandar dómarapari leiksins, Gísla Jóhannssyni og Hafsteini Ingibergssyni, ekki kveðjurnar.

„Hegðun mín í leiknum var mjög slæm og langt frá því að vera til fyrirmyndar. Ástæðan fyrir þessari hegðun var sú að dómararnir voru skelfilegir og allir dómar féllu ÍR í hag.

Ég fékk bara nóg af þessari vitleysu á endanum og sprakk. Það er ekki boðlegt að hafa svona lélega dómara í svona mikilvægum leik. Engu að síður lékum við ekki vel en þegar við vorum að komast á skrið gripu dómararnir í taumana á ný. Ég tel að þar með hafi þeir haft áhrif á gang og hugsanlega niðurstöðu leiksins.“

Þeir voru margir sem áttu von á því að Roland fengi mjög þungan dóm og Roland sjálfur var einn þeirra. Hann segir dóm aganefndar vera mjög furðulegan.

„Þessi dómur kemur mér verulega á óvart. Ég átti von á því að fá mun þyngri dóm þar sem ég missti algjörlega stjórn á mér. Ég get ekki neitað því að mér finnst ég hafa verið heppinn því ég slepp furðuvel frá þessu máli,“ sagði Roland Valur Eradze, markvörður ÍBV.

henry@frettabladid.is



LUKKUNNAR PAMFÍLL Roland Valur Eradze furðar sig á dómi aganefndar þar sem hann taldi sig eiga skilið lengra leikbann en hann fékk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild kvenna

GRÓTTA/KR–VALUR	20–19

Mörk Gróttu/KR: Arna Gunnarsdóttir 9, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 4, Eva Margrét Kristinsdóttir 3, Arndís María Erlingsdóttir 2, Gerður Rún Einarsdóttir 2.
Mörk Vals: Arna Grímsdóttir 5, Díana Guðjónsdóttir 5, Ágústa Edda Björnsdóttir 5, Lilja Hauksdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 2.

FRAM–FH	25–32

Mörk Fram: Eva H. Haraldsdóttir 8, Sigurbjörg Jóhannesdóttir 6, Sara Sigfúsdóttir 4, Sara Sigfúsdóttir 4, Elísa Ósk Viðarsdóttir 3, Þórey Hannesdóttir 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2,
Mörk FH: Dröfn Sæmundsdóttir 9, Gunnur Sveinsdóttir 7, Sigrún Gísladóttir 4, Sigurlaug Jónsdóttir 5, Bjarný Þorvarðardóttir 3, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 3, Hildur Pálsdóttir 1.

STAÐAN

HAUKAR	16	14	1	1	477–369	29
ÍBV	**16**	**13**	**0**	**3**	**469–408**	**26**
STJARNAN	16	8	2	6	404–379	18
VALUR	**17**	**9**	**0**	**8**	**411–412**	**18**
FH	17	6	4	7	451–476	16
GRÓTTA/KR	**17**	**5**	**0**	**12**	**385–430**	**10**
VÍKINGUR	16	4	0	12	384–422	8
FRAM	**17**	**3**	**1**	**13**	**382–467**	**7**

1. deild karla

STJARNAN–GRÓTTA/KR	24–28

Mörk Stjörnunnar: Arnar Theódórsson 6, Björn Óli Guðmundsson 3, Þórólfur Nielsen 3, Vilhelm Sigurðsson 3m Gunnlaugur Garðarsson 2, Gísli Björn Björnsson 2, Kristján Kristjánsson 2, Guðmundur Guðmundsson 2, Jakob Sigurðarson 1.
Mörk Gróttu/KR: Kristinn Björgúlfsson 8, Brynjar Hreinsson 5, Daníel Grétarsson 5, Hörður Gylfason 4, Kristján G. Þorsteinsson 3, Davíð Hafþórsson 1, David Kekelia 1, Þorleifur Á. Björnsson 1.

FRAM–SELFOSS	25–27

Mörk Fram: Guðjón Drengsson 4, Stefán Stefánsson 2, Guðmundur Arnarson 1, Jón Pétursson 6, Hjálmar Vilhjálmsson 5, Ingólfur Axelsson 6, Jóhann G. Einarsson 1.
Mörk Selfoss: Ramunas Kalendauska 8, Ramunas Mikalonis 8, Atli Kristinsson 3, Hörður Bjarnason 2, Haraldur Þorvarðarson 2, Andri Már Kristjánsson 2, Gylfi Már Ágústsson 1, Jón Þór Þorvarðarson 1.

STAÐAN

FH	4	4	0	0	116–95	8
FRAM	**4**	**2**	**0**	**2**	**104–102**	**4**
AFTURELD.	4	2	0	2	118–113	4
GRÓTTA/KR	**4**	**2**	**0**	**2**	**99–102**	**4**
SELFOSS	4	1	0	3	107–120	2
STJARNAN	**4**	**1**	**0**	**3**	**99–113**	**2**

DAGSKRÁ MIÐVIKUDAGINN 16. FEBRÚAR

7:00 GÓÐAN DAG SIGURÐUR G. TÓMASSON
Kemur þjóðinni á fætur með fréttum og spjalli.
Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti.

9:00 DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR OG RAGNHEIÐAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Lífið í landinu, menning, listir, fróðleikur og viðtöl.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

12:00 FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigmundar Ernis Rúnarssonar og Sigurjóns M. Egilssonar.

13:00 HRAFNAÞING
Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
Fréttir kl. 13:30 og 14:00.

14:00 ER ÞAÐ SVO?
Í umsjón Ólafs B. Guðnasonar.
Fréttir kl. 15:00.

15:00 ALLT & SUMT MEÐ HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR
Dægurmálaþáttur.
Fréttir á 30 mínútna fresti.

18:00 Á KASSANUM
Yfirlit dagsins með Illuga Jökulssyni.

18:30 FRÉTTIR OG ÍSLAND Í DAG

19:30 19:30 Góðan dag (e) | 21:00 Dagmál (e) | 23:30 Hádegisútvarpið (e)
00:10 Hrafnaþing (e) | 01:00 Er það svo? (e) | 01:55 Allt & sumt (e)
04:20 Á kassanum (e) | 04:50 Dagmál (e)

ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Enski framherjinn **Michael Owen** þvertekur fyrir það að hann vilji segja skilið við spænska stórliðið Real Madrid. Sögur herma að kappinn sé mjög ósáttur við spilatímann sinn hjá Madrid. „Þó svo að ég vilji spila fleiri mínútur þýðir það ekki að ég vilji fara frá Madrid. Ég er alveg sáttur við að vera varamaður," sagði **Owen**. **Vanderlei Luxemburgo**, knattspyrnustjóri Madrid-liðsins, skildi afstöðu **Owens** vel. „**Ronaldo** og **Raul** munu ekki hefja hvern einasta leik þannig að **Owen** má búast við að leika meira á næstunni," sagði **Luxemburgo**.

Samkvæmt öruggum heimildum mun **Gary Bettmann**, forseti íshokkídeildarinnar NHL, efna til blaðamannafundar í kvöld þar sem hann mun formlega lýsa því yfir að deildinni verði aflýst í vetur. Félög leikmanna og liðseigenda hafa reynt að ná sáttum án árangurs síðan að þeir síðarnefndu ákváðu að efna til verkfalls 18. september síðastliðinn. Þetta verður í annað sinn síðan 1893 sem úrslitakeppnin um Stanley Cup bikarinn fellur niður en það gerðist einnig árið 1919 vegna farsóttar.

Steve Nash skoraði 19 stig og gaf 18 stoðsendingar þegar lið hans, Phoenix Suns, lagði Utah Jazz að velli, 136-128, í NBA-körfuboltanum í fyrrinótt. Til marks um hið háa stigaskor leiksins má nefna að Jazz skoraði 43 stig gegn 38 stigum Suns í lokafjórðungnum. Þetta var hæsta stigaskor leiks í vetur í NBA. **Amare Stoudamire** var stigahæstur á vellinum með 42 stig og 12 fráköst en tveir lykilmenn Jazz, **Andrei Kirilenko** og **Carlos Boozer**, meiddust undir lok fyrri hálfleiks.

Málinu lokið af hálfu Chelsea

Eiður Smári Guðjohnsen og Jose Mourinho hafa rætt saman og ákveðið að meintur ölvunarakstur Eiðs heyri fortíðinni til. Eiður braut ekki agareglur félagsins og verður ekki sektaður.

FÓTBOLTI Hagir Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Celsea standa óhaggaðir þrátt fyrir að hann hafi verið staðinn að verki við meintan ölvunarakstur aðfaranótt sunnudags. Eiður og Jose Mourinho, hinn afar strangi knattspyrnustjóri liðsins, ræddu saman á æfingu á mánudag og ákváðu í sameiningu að málið heyrði sögunni til og að öll orka þeirra sem koma að félaginu á einn eða annan hátt ætti að fara í að tryggja liðinu enska meistaratitilinn – ekki í óþarfa eftirmála á meintu agabroti Eiðs. Mourinho mun hafa aðvarað Eið á fundi þeirra á mánudag en síðan hafi þeir skilið sáttir.

Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins mun Eiður Smári ekki verða sektaður um 50 þúsund pund, eins og breska pressan hélt fram í gær, einfaldlega vegna þess að Eiður braut ekki agareglur. Eiður kveðst saklaus af öllum ásökunum um ölvunarakstur en viðurkennir að hafa fengið sér tvö vínglös fyrr um kvöldið. Blástursmæling sem gerð var á staðnum sýndi Eið alveg á mörkum leyfilegs áfengismagns og kveðst hann sannfærður um að blóðprufa sem tekin var skömmu síðar sanni sakleysi hans. Niðurstöðu þeirrar prufu er hins vegar ekki að vænta fyrr en í næsta mánuði þannig að þangað til er málið í biðstöðu.

Athygli vekur að Eiður Smári hefur hvergi komið fram og sagt sína hlið málsins og sökum þess hafa fjölmiðlar í Englandi gefið sér skotleyfi við að fylla upp í eyðurnar. Ljóst þykir að Eiður hafi brotið agareglur félagsins en hann var stöðvaður á bifreið sinni vegna þess sem lögreglan tilgreindi í skýrslu sinni sem „skringilegt ökulag" klukkan 5.20 aðfaranótt sunnudags.

Í þykkum lagabálki sem Mourinho færði leikmönnum fyrir tímabilið segir skilmerkilega að leikmenn eigi að vera komnir heim til sín fyrir miðnætti á hefðbundnum degi en kvöldið fyrir frídag sé leikmönnum leyfilegt að vera úti til klukkan tvö. Mourinho gaf leikmönnum sínum tveggja daga frí eftir sigurleikinn gegn Everton og hefði Eiður því með réttu átt að vera kominn heim til sín rúmum þremur klukkustundum áður en hann var stöðvaður. Enn fremur segir að séu þessar reglur brotnar muni leikmaður verða sektaður um einnar viku laun.

Með hliðsjón af þessari reglu og þeirri staðreynd að Eiður mun ekki fá sekt verður ekki annað ályktað en að Mourinho hafi gefið sínum mönnum leyfi til að sletta eilítið úr klaufunum eftir gott gengi að undanförnu og ákveðið að horfa framhjá agareglunum í þetta skipti. Einnig er rætt um að það hafi komið Eiði til góða að vera í miklu uppáhaldi hjá stjóranum sínum. Hann var fyrsti leikmaðurinn sem boðinn var nýr og endurbættur samningur í stjóratíð Mourinho, auk þess sem hann situr í leikmannaráði Chelsea. Allt er þetta sagt hafa hjálpað Eiði til að ná fram þeirri lausn sem úr hefur orðið, að málinu verði gleymt, í stað þess að hann fái svipaða meðferð og Rúmeninn Adrian Mutu, sem rekinn var frá félaginu í haust fyrir brot sem reyndar er ekki samanburðarhæft við það sem Eiður er sakaður um að hafa framið.

vignir@frettabladid.is

EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Var aðvaraður af Jose Mourinho fyrir athæfi sitt en verður ekki sektaður.

Abel Resino, sá sem á heimsmetið í að halda hreinu:

Vona að Cech slái ekki metið

FÓTBOLTI „Ég hef átt þetta met í mörg ár. Ég er mjög stoltur af því og mig dauðlangar að halda því," segir Abel Resino, fyrrverandi markvörður Atletico Madrid og sá markvörður sem flestar mínútur hefur leikið án þess að fá á sig mark.

Resino fékk ekki á sig mark með Atletico í ótrúlegar 1.275 mínútur á sínum tíma og þarf Petr Cech, hinn tékkneski markvörður Chelsea, ekki að spila nema sjö hálfleiki til viðbótar án þess að fá á sig mark til að slá metið – eða nákvæmlega 315 mínútur. Cech heggur nærri metinu með hverri mínútu sem hann spilar en hann hefur nú haldið hreinu í síðustu 10 deildarleikjum Chelsea og hefur ásamt vörn liðsins náð að mynda að því er virðist ókleifan múr.

„Cech er frábær markvörður með frábæra vörn fyrir framan sig. En hvort þetta er besta vörn í heimi læt ég nú liggja milli hluta," segir Resino með hrokann að vopni. Hann kveðst þó ekki munu verða bitur fari svo að Cech slái metið. „Met eru skráð til þess að þau séu brotin. Ég mun óska honum til hamingju ef hann nær því en ég minni á að aðrir markmenn hafa komist nálægt metinu en mistekist á endanum. Ég óska honum alls hins besta en ég vona að honum mistakist líka. Ég vil eiga þetta met áfram," segir Resino, sem augljóslega leggur mikið upp úr athyglinni sem fylgir því að vera í heimsmetabókunum.

- vig

ENGINN KEMST FRAMHJÁ OKKUR Petr Cech og John Terry fallast í faðma eftir að hafa haldið hreinu gegn Everton um síðustu helgi

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér **500 Vildarpunkta** að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

ICELANDAIR Vildarklúbbur icelandair.is/vildarklubbur

Hertz
50 50 600 • hertzerlendis@hertz.is





STUÐ MILLI STRÍÐA : Alla! Alla!

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR VELTIR FYRIR SÉR BANDARÍSKRI HUGSUN.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Við Íslendingar tölum mjög mikið um Bandaríkin og pirrum okkur á því hvernig Kanarnir virðast vera að valta yfir litla skerið okkar með öllum McDonald's- og Kentucky Fried-unum sínum. Ég er samt ekki svo viss um að við séum að verða neitt amerísk. Að minnsta kosti tekur það ansi langan tíma fyrir kæruleysislega og sakleysislega hugsun okkar að hverfa. Við skiljum ennþá börnin okkar eftir í barnavögnum fyrir utan búðirnar og höfum ekki minnstu áhyggjur. Í sumar var ég yfir mig hissa yfir að fá ekki að taka vasahnífinn minn með mér í handfarangri í flugvélina á leið út. „Haa?? Má ég ekki taka hann með? En ég ætlaði ekkert að drepa neinn, ég ætlaði bara að skræla epli!“

Það er nú óskandi að kuldaleg og steríl hugsun Kananna berist ekki hingað og þurrki út alla barnavagna fyrir utan búðir. Hegðun þeirra er að sjálfsögðu lituð af hræðslu við hryðjuverkaárásir og stríð en á það til að rugla Íslendinga í ríminu. Frændi minn var til dæmis handtekinn á flugvelli í Bandaríkjunum fyrir það eitt að fara inn á klósett með barnið sitt og skipta á því. Auðvitað var snarlega kallað á lögreglu þegar MAÐUR fór inn á klósett með UNGBARN. Augljóslega eitthvað stórhættulegt á seyði.

Einnig var það á bandarískum flugvelli sem maður einn var á ferðalagi með konu sinni að nafni Aðalheiður. Þau urðu svo óheppin að verða viðskila og brá maðurinn á það ráð að kalla hátt nafn konu sinnar. Hann stóð því á miðjum bandarískum flugvelli og öskraði: „Alla! Allaaaa! Aaaallaaa!!“... að sjálfsögðu var hann keyrður niður í gólfið og handtekinn hið snarasta. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB

KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

Vetrartilboð
baðinnréttingar
- Fjölbreyttasta úrval landsins

25% - 35% afsláttur af baðinnréttingum

Scanbath Collection

Orsk

Breidd 90 cm

Kon

Breidd 80 cm

Nr. 33

Breidd 80 cm

Nr. 24

Breidd 130 cm

Dimk

Breidd 100 cm

Nr. 12

Breidd 120 cm

Venice

Breidd 40 cm

Roma

Breidd 40 cm

Florence

Breidd 40 cm

Regio

Breidd 45 cm

TB-003

Blöndunartæki

TH-003

Blöndunartæki

TH-005

Blöndunartæki

TB-006

Blöndunartæki

TF-002 / 006

Blöndunartæki

www.design.is @ 2005

INNRÉTTINGAR & TÆKI

Margar fleiri gerðir í boði - www.i-t.is

Ármúla 31 • 108 Reykjavík • S. 588 7332
www.i-t.is • jensen@i-t.is
Opið: Virka daga frá kl. 9-18, Laugardaga 10-14

JAMIE FOXX
Ray
FRUMSÝND Á FÖSTUDAG
Háskólabíó

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
★★★ - S.V. MBL.
Meet the Fockers
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

HLAUT TVENN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
★★★★ - H.J., MBL
★★★★ - V.E., DV
★★★½ - kvikmyndir.com
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
MILLION DOLLAR BABY
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 b.i. 14

Leonardo DiCaprio
A MARTIN SCORSESE FILM
AVIATOR
11 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
★★★★ - HJ, MBL. ★★★★ - Ó.Ö.H. DV
★★★★ - Baldur, Popptíví ★★★1/2 - Kvikmyndir.is
★★★ - Ó.H.T. Rás 2
Sýnd kl. 6 og 9.10

ALEXANDER Sýnd kl. 5.45 og 9 b.i. 14
LANGA TRÚLOFUNIN Kl. 5.30 & 10.15 b.i. 16
OCEAN'S TWELVE Sýnd kl. 8

CLOSER SMÁRABÍÓ CLOSER
Frumsýnd 17. febrúar. Frumsýnd 17. febrúar.

FLIGHT OF THE PHOENIX
"Mögnuð spennumynd um baráttu upp á líf og dauða."
Kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára
Sýnd í LÚXUS kl. 5.30, 8 og 10.30

FRÁ FRAMLEIÐANDA TRAINING DAY
13
Þeir þurfa að standa saman til að halda lífi! Frábær spennutryllir!
★★★ Ó.Ö.H. DV
★★★ S.V. Mbl
Kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

Svakalega flott ævintýra-spennumynd með hinni sjóðheitu Jennifer Garner
Kl. 3.40, 5.50, 8 og 10.10 B.i. 14 ára

Svakalegt tímamót
Kl. 4, 6, 8 og 10

Dolby DTS THX SÍMI 564 0000 - www.smarabio.is

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
ÁLFABAKKI

WHITE NOISE
Yfirnáttúrulegur spennutryllir af bestu gerð sem vakið hefur gríðarleg viðbrögð og slegið rækilega í gegn í USA og víðar.
VARÚÐ: YKKUR Á EFTIR AÐ BREGÐA.
Sýnd kl. 6, 8.15, og 10.30 B.i. 16

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
★★★ - S.V. MBL.
Meet the Fockers
Sýnd kl. 4, 5.30, 8 og 10.30
Sýnd í LÚXUS VIP kl. 5.30, 8 og 10.30

Bangsímon og Frillinn
Sýnd kl. 3.45 og 6.20 m. ísl. tali
WALT DISNEY KYNNIR splunkunýtt ævintýri um Bangsímon sem þú átt eftir að "fríla" í botn!

ALEXANDER Sýnd kl. 8.15 B.i. 14
TEAM AMERICA Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 14
LEMONY SNICKETT'S Sýnd kl. 3.45, 6, 8.15 og 10.30
THE INCREDIBLES m. ísl. tali sýnd kl. 3.45 og 6 Sýnd m. ens. tali sýnd kl. 3.45
ÁLFABAKKI ☎ 587 8900 www.sambioin.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
EDITH PIAF
SALA HAFIN
Á SÝNINGAR Í APRÍL!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
ÖXIN OG JÖRÐIN - *Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.*
10. sýn. fim. 17/2 **örfá sæti laus**, 11. sýn. fös. 25/2 **nokkur sæti laus**, lau. 5/3. **Sýningum fer fækkandi.**
MÝRARLJÓS - *Marina Carr*
3. sýn. fös. 18/2 **örfá sæti laus**, 4. sýn. sun. 20/2 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fim. 24/2 **örfá sæti laus**, 6. sýn. sun. 27/2 **örfá sæti laus**.
DÝRIN Í HÁLSASKÓGI - *Thorbjörn Egner*
Lau. 19/2 kl. 14:00 **uppselt**, sun. 20/2 kl. 14:00 **uppselt**, **aukasýning lau. 26/2 kl. 14:00**, sun. 27/2 kl. 14:00 **uppselt**. **Síðustu sýningar.**
EDITH PIAF - *Sigurður Pálsson*
Lau. 19/2 **uppselt**, lau. 26/2 **uppselt**, fös. 4/3 **uppselt**, fös. 11/3 **uppselt**, fös. 18/3 **uppselt**, sun. 20/3 **örfá sæti laus**, lau. 2/4, sun. 3/4.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
NÍTJÁNHUNDRUÐ - **Kaffileikhús** - *Alessandro Barrico*
Lau. 19/2 **örfá sæti laus**, lau. 26/2. **Sýningum fer fækkandi.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00
BÖNDIN Á MILLI OKKAR - *Kristján Þórður Hrafnsson*
Sun. 20/2 **örfá sæti laus**, fim. 24/2 **nokkur sæti laus**. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

VODKAKÚRINN
Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR
Lau. 19/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Lau. 26/02 2005 kl: 20:00 Sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga
www.vodkakurinn.is og www.midi.is

Brotið
eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Frumsýning 19/2 uppselt
Fös 25/2 nokkur sæti laus
Lau 26/2
Sun 27/2
Upplýsingar og miðapantanir í síma **555 2222**
www.hhh.is

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

HÍBÝLI VINDANNA
leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar
Fi 17/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 19/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 25/2 kl 20
Lau 26/2 kl 20, Fö 4/3 kl 20,
Lau 5/3 kl 20, Su 13/3 kl 20
Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20

HÉRI HÉRASON
e. Coline Serreau
Sýningar halda áfram eftir páska.

LÍNA LANGSOKKUR
e. Astrid Lindgren
Su 20/2 kl 14
Su 27/2 kl 14
Su 6/3 kl 14 - **Aukasýning** *Síðustu sýningar*

HOUDINI SNÝR AFTUR
Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

SEGÐU MÉR ALLT
e. Kristínu Ómarsdóttur
Forsýning í kvöld kl 20 - kr. 1.000
Aðalæfing Fi 17/2 kl 13 - kr. 1.000
Frumsýning fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20

BELGÍSKA KONGÓ
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Fi 17/2 kl 20, Su 20/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20,
Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
Allra, allra síðustu sýningar

AUSA eftir Lee Hall
Í samstarfi við LA.
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 6/3 kl 20
Ath: Miðaverð kr. 1.500

SVIK
eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
Su 20/2 kl 20, Su 27/2 kl 20, Fi 3/3 kl 20

AMERICAN DIPLOMACY
eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við Hið lifandi leikhús.
Aðalæfing Mi 23/2 kl 20 - kr. 1.000
Frumsýning Fi 24/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS.
Fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**, Fö 25/2 kl 20,
Mi 2/3 kl 20

VESTURFARARNIR - NÁMSKEIÐ
Í samstarfi við Mími - símenntun
Í kvöld - Helga Ögmundardóttir
Mi 23/2 - Böðvar Guðmundsson
Innifalið: Boð á Híbýli vindanna

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA - UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI
Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið - kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

Tenórinn
Sun. 20. feb. kl. 20 örfá sæti
Sun. 27. feb. kl. 20
Sýningum fer fækkandi

Vetrarhátíð - Grímuball
Bardukha og Andrea Jónsdóttir laugardaginn **19. febrúar**.

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:
Ástandið
Sögur kvenna frá hernámsárunum
Miðvikudagur 16/2 kl.14.00
Sunnudagur 20/2 kl.14.00
Miðvikudagur 23/2 kl.14.00

IÐNÓ
Miðasala í síma 562 9700
www.idno.is

Ávaxtakarfan í AUSTURBÆ
Sun 20.Feb kl.14:00 örfá sæti laus
Sun 27.Feb kl.13:30 örfá sæti laus
Sun 27.Feb kl.16:30 örfá sæti laus
Sun 06.Mars kl.13:30 örfá sæti laus
Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 alla daga
www.midi.is
www.avaxtakarfan.is

TOSCA
Landsbankinn
3. sýn. 18. feb. kl **20 – Uppselt** • 4. sýn. 20. feb. kl. **19 – Uppselt**
5. sýn. 25. feb. kl. **20 – Örfá sæti laus** • 6. sýn. 27. febrúar kl. **19 – Örfá sæti laus**
7. sýn. 4. mars kl. **20 – Örfá sæti laus** • 8. sýn. 6. mars kl. **19 – Örfá sæti**
9. sýn.12. mars kl. **19 – Örfá sæti laus.**
Ekki er hleypt inn í salin eftir að sýningin hefst
Tosca – Vetrarkvöld með Puccini og Verdi, í Laugarborg mið. 23. febrúar kl. 20.30
Elín Ósk Óskarsdóttir, sópran, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, tenór og Kurt Kopecky, píanó flytja aríur og dúetta úr Toscu og úr öðrum óperum eftir Puccini og úr óperum eftir Verdi.
Miðasala á netinu: www. opera.is
www.opera.is | midasala@opera.is | **Sími miðasölu: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasalan er opin kl. 14–18 virka daga, kl. 13–18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR
13 14 15 **16** 17 18 19

Miðvikudagur

FYRIRLESTRAR

☐ 12.15 **Sveinn P. Jakobsson**, jarðfræðingur NÍ, flytur fræðsluerindi: „Íslensku eldstöðvakerfin í nýju ljósi", á Hrafnaþingi Náttúrufræðistofnunar, í sal Möguleikhússins á Hlemmi, Reykjavík.

☐ 16.00 **Hlynur Kristinsson** flytur fyrirlestur um meistaraprófsverkefni við verkfræðideild Háskóla Íslands, í stofu 261, VR II, Hjarðarhaga 2-6. Ritgerðin fjallar um hönnun pípuleiðar í landslagi.

☐ 16.30 **Sigurður Gylfi Magnússon** fjallar um minni, minningar og sögu á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri, sem haldið er í stofu L201 á Sólborg við Norðurslóð.

FUNDIR

☐ Í Norræna húsinu verður haldin ráðstefna undir heitinu **„Öll heimsins börn ... í Reykjavík"** þar sem flutt verða fjölmörg stutt erindi um ýmis verkefni sem Reykjavíkurborg, Alþjóðahúsið og fleiri hafa staðið að og tengjast þjónustu við erlend börn og ungmenni.

BÆKUR

☐ 17.15 **Steinunn Jóhannesdóttir** spjallar um ritun Reisubókar Guðríðar Símonardóttur í Amtsbókasafninu á Akureyri. Hún fjallar um aðferð og aðföng við ritun Reisubókarinnar, sýnir myndir sem tengjast bókinni og svarar spurningum áheyrenda.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Pete Doherty er alveg furðu lostinn á **Kate Moss** fyrir að hafa hætt með sér. „Ég trúi því varla að Kate hafi gert mér þetta. Eina ástæðan fyrir því að ég er að reyna að losna við eiturlyfjafíknina er sú að ég elska hana svo mikið," sagði hann. Kate hætti með stráknum eftir að innilegar myndir af þeim birtust í dagblaði. „Pete er virkilega langt niðri. Kate reiddist mjög þegar hann talaði um samband þeirra í fjölmiðlum. Þegar myndirnar birtust svo fannst henni nóg komið," sagði heimildarmaður.

SPÍTALASKIPIÐ
NEMENDALEIKHÚSIÐ
eftir Kristínu Ómarsdóttur
ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR !!!
Fim. 17. feb. kl. 20 - örfá sæti laus -
Fös. 18. feb. kl. 20
Lau. 19. feb. kl. 20
Miðaverð 1000 kr.
LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Sýnt í Smiðjunni - Sölvhólsgötu 13
552-1971 - leiklistardeild@lhi.is

FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
KRINGLAN

Yfirnáttúrulegur spennutryllir af bestu gerð sem vakið hefur gríðarleg viðbrögð og slegið rækilega í gegn í USA og víðar.
VARÚÐ: YKKUR Á EFTIR AÐ BREGÐA.
Sýnd kl. 6, 8 og 10.10 B.i. 16

HLAUT TVENN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
★★★★ - H.J., MBL
★★★★ - V.E., DV
★★★½ - kvikmyndir.com
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
MILLION DOLLAR BABY
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 14

Sýnd kl. 6 m. ísl. tali Sýnd kl. 6 og 8 m. ensku tali
KRINGLAN ☎ 588 0800 www.sambioin.is

CLOSER REGNBOGINN CLOSER
Frumsýnd 17. febrúar. Frumsýnd 17. febrúar.

"Mögnuð spennumynd um baráttu upp á líf og dauða."
Sýnd kl. 8 og 10.30 B.i. 14 ára

Annette Bening & Jeremy Irons
Stórskemmtileg mynd þar sem Annette Bening fer á kostum
1 Tilnefning til Óskarsverðlauna
Annette Bening sem besta leikkona
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20

5 Tilnefningar til Óskars-verðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og handrit.

★★★★ Þ.Þ FBL
SIDEWAYS
„Fullkomlega ómissandi mynd" S.V. MBL ★★★★★
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 14 ára

★★★ – MMJ kvikmyndir.com ★★★★ – Ó.H.T. Rás 2
Sýnd kl. 5.30 og 8



★★★ NMJ Kvikmyndir.com
★★★★ SV Mbl
Sýnd kl. 5.40 & 10.30 B.i. 14 ára
Dolby

JAMIE FOXX
Ray FRUMSÝND Á FÖSTUDAG
LAUGARÁS BÍÓ – bara lúxus

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
★★★ - S.V. MBL.
★★★ - kvikmyndir.is

Kl. 3.50, 5.55, 8 og 10.15

★★★★ - HJ, MBL. ★★★★ - Ó.Ö.H. DV
★★★★ - Baldur, Popptíví
★★★1/2 - Kvikmyndir.is
★★★ - Ó.H.T. Rás 2
11 tilnefningar til Óskarsverðlauna, þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og leikari.
Sýnd kl. 4, 6 og 10

Miðaverð 500 kr.

SÝND kl. 4 ÍSL.TAL - ATH! VERÐ 500 KR.
www.laugarasbio.is

Sungið til sigurs

TÓNLIST

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

Frumsýning í Gamla bíói á uppfærslu Íslensku óperunnar á óperunni Tosca eftir Giacomo Puccini

NIÐURSTAÐA: Í heild er þetta mjög vel heppnuð sýning sem allir ættu að fara á, þótt ekki væri nema til að heyra Elínu Ósk syngja „Vissi d'arte", Jóhann Friðgeir „E lucevan le stelle" og Ólaf Kjartan „Va Tosca". Þá bifast jafnvel steinhjörtu.

TOSCA OG CAVARADOSSI Elín Ósk og Jóhann Friðgeir í hlutverkum sínum í Íslensku óperunni.

Leiklistin lýsir veruleika mannsins. Tónlistin hefur sinn eigin veruleika. Þegar þetta tvennt kemur saman í óperunni verður til nýr heimur, afar heillandi. Í heimi óperunnar eru þeir hlutir sjálfsagðir og eðlilegir sem í veruleika mannlífsins yrðu taldir fáránlegir. Söguþráðurinn í óperunni Tosca er ekki ýkja trúverðugur og yfirharmrænn er hann. Í höndunum á tónsnillingi eins og Puccini er þessi saga fullkomin, sem efniviður í óperu. Allt hugsanlegt er mögulegt. Látum oss njóta þess.

Ástin í mynd afbrýðiseminnar fær hina skapmiklu og fögru Toscu til að trúa hinum grimma og rengja hinn trygglynda. Grimmdin nær út yfir gröf og dauða en Tosca er of saklaus til að vita það. Samt gerist hún morðingi. Þetta er efni í drama.

Þótt óperur Puccinis séu ekki ýkja margar er hann eitt mesta óperuskáld sögunnar. Hann er afar gott tónskáld. Í verkum hans kemur saman krómatísk hljómfræði Wagners og hin göfuga ítalska hefð sunginnar laglínu. Allt tónlistarlegs eðlis sem nýtist í leikverki hefur Puccini á valdi sínu, en lengst nær hann í aríunum. Hver sá sem kynnist aríum Puccinis ber þær í sálinni upp frá því. Þær eru tónlist af því tagi sem virðist alltaf hafa verið til einhvers staðar í víddum almælisgeims og beðið þess að Puccini kæmi og drægi þær fullskapaðar upp úr hatti sínum. Ofan á allt saman er Puccini leikhúsmaður. Hin dramatíska framvinda er ær hans og kýr. Allt þetta er nú til sýnis og heyrnar á fjölum Gamla bíós.

Sviðið í Gamla bíói er þröngt, hljómburður er þurr og salurinn lítill. Allt er þetta satt en lítið verður þess vart að það sé sýningunni á Toscu til tjóns. Leikstjórinn, Jamie Hayes, leikmyndahönnuðurinn Will Bowen og hljómsveitarstjórinn Kurt Kopecky leysa viðfangsefni sín á listrænan hátt með hugviti. Leikmyndin er einföld og snjöll. Leikstjórinn velur túlkunarleið hins napra raunveruleika. Nálægðin í hinum litla sal er þar samherji hans og til undirstrikunar. Þurr hljómburður er skýr hljómburður og hljómsveitarstjórinn hafði gott vald á styrkjafnvægi hljómsveitar og söngvara og aldrei voru erfiðleikar á að heyra þótt stundum gengi mikið á.

Óperusýning stendur og fellur sem söngnum. Í Toscu eru þrjú hlutverk mikilvægust. Elín Ósk Óskarsdóttir syngur titilhlutverkið. Hún hefur sungið hlutverkið áður og mátti heyra að hún þekkir það vel. Tosca Elínar hefur dýpt og trúverðugleika sem hrærði alla viðstadda. Söngur hennar var frábærlega góður jafnframt því sem hún sýndi dramatíska túlkun í besta gæðaflokki. Jóhann Friðgeir Valdimarsson er Cavaradossi. Þessi ungi söngvari hefur það sjaldgæfasta af öllu sjaldgæfu í tónlist, fallega tenórrödd. Hann söng hlutverk sitt með miklum glæsibrag og dró upp sannfærandi mynd. Ólafur Kjartan Sigurðsson brást ekki aðdáendum sínum í hlutverki hins illa Scarpia. Söngur hans var mjög góður og túlkunin hófsöm, sem gerði karakterinn enn frekar ógnvekjandi.

Hljómsveitin leikur veigamikið hlutverk í Toscu og skilaði hún því mjög vel. Sama má segja um aðra einsöngvara sem komu við sögu. Kórinn átti innlegg sem ekki var sérlega fyrirferðarmikið en vel af hendi leyst. Í heild er þetta mjög vel heppnuð sýning sem allir ættu að fara á, þótt ekki væri nema til að heyra Elínu Ósk syngja „Vissi d'arte", Jóhann Friðgeir „E lucevan le stelle" og Ólaf Kjartan „Va Tosca". Þá bifast jafnvel steinhjörtu.

Stúdentaleikhúsið kynnir
Þú veist hvernig þetta er
-aukasýningar-
Stúdentaleikhúsið

„áhugaverðasta leikhúsið á landinu" – H.Ó. MBL.
„eitthvað það fyndnasta og naprasta sem ég hef séð" – I.J. DV

Í kvöld. kl. 20
Allra síðasta sýning

Sýnt í TþM, Hólmaslóð 2
Miðapantanir í síma 659 3483
studentaleikhusid@hotmail.com

BÍÓTILBOÐ
Frá kl. 8 til 11 á kvöldin
McOstborgari + McSjeik miðstærð

399 kr.
i'm lovin' it

DYNAPAC
Traustur tækjabúnaður

Víbratorar og dælur Jarðvegsþjöppur Malbikunarvélar Fræsarar
KRAFTVÉLAR
Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur
Sími 535 3500 · Fax 535 3509
www.kraftvelar.is

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Verð áður 2.710.000
Verð nú 2.440.000

=270.000
króna gengishagnaður

Hagstætt gengi og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða Subaru á stórlækkuðu verði. Nýttu þér einstakt tækifæri áður en gengið hækkar á ný. Öflug 2,0 lítra vélin og fullkomið fjórhjóladrif tryggja að þú kemst örugglega á leiðarenda og ekki spillir ríkulegur staðalbúnaður. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!

LEGACY

Verð á mán 28.267,-*

IMPREZA
Verð frá: 1.990.00 kr.
Verð á mán: 23.052 kr.*

FORESTER
Verð frá: 2.430.000 kr.
Verð á mán: 28.123 kr.*

Í samstarfi við SP-FJÁRMÖGNUN
*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkróki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376
Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960	Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	

Fíton/SÍA

VIÐ TÆKIÐ : Að kunna sig

FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER ORÐINN LEIÐUR Á GASPRANDI STJÓRNMÁLAMÖNNUM

Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um stjórnmál. Fannst gaman að því þegar stjórnmálamenn tókust á, jafnvel rifust um hitt og þetta. Skilningur minn varð kannski ekki meiri á eftir, en það var gaman að þessu. Svo sá ég Kastljósið í gær. Þar sátu þeir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, og Eiríkur S. Jóhannesson, forstjóri Og Vodafone, gegnt hvor öðrum og voru á öndverðum meiði. Engu að síður hvorki rifust þeir né gripu fram í hvor fyrir öðrum. Leyfðu hinum að klára og biðu eftir því að þeir fengju að taka til máls. Í gegnum kollinn á mér flaug sú hugmynd að tveir menn gætu setið andspænis hvor öðrum án þess að belgja sig út og rífast.

Mig rámaði þá allt í einu í það sem mér var kennt þegar ég var lítill, að það væri ókurteisi að grípa fram í. Getur verið að þegar stjórnmálamenn mæta í vinsælu spjallþættina, *Sunnudagsþáttinn* og *Silfur Egils*, kunni þeir ekki almenna kurteisi? Mér varð hugsað til spjalls Illuga Gunnarssonar og Guðmundar Árna Stefánssonar á sunnudaginn var. Fannst þetta hreinlega fyndið. Hvorki þáttarstjórnandinn né viðmælandinn gat unað því að hinn hefði orðið og urðu þeir því báðir að taka orðið af hinum. Hvorugur gat hreinlega beðið eftir því að fá að tjá sig. Úr varð karp sem ég fékk engan botn í, þó að málefnið hafi vissulega verið forvitnilegt.

Það hlýtur að vera hægt að sleppa því að grípa fram í.

Ég gat ekki heyrt hvað Illugi hafði fram að færa, né hvað Guðmundur hafði að segja, enda kappkostuðu báðir tveir að kafsigla hinn með frammíköllum. Úr varð farsi, í stað málefnalegrar umræðu sem átti sér þó stað í Kastljósinu. Það var þó ekki þáttarstjórnanda Kastljóssins að þakka, heldur kunnu báðir viðmælendurnir sig. ■


▶ 21.00 *Lífsstíll*

ÓP. Þau Kristján Ingi, Ragnhildur Steinunn og Þóra fjalla um allt sem viðkemur áhugamálum unga fólksins.

▶ 21.45 *Gaman*

SUPERNANNY. Nýr myndaflokkur um ofurfóstruna Jo Frost en hún lætur óþekka krakka ekki komast upp með neitt múður.

▶ 22.00 *Drama*

THE MOUNTAIN. David Carver ánafnar yngri syni sínum, David, stærstu skíðaparadís landsins en fjölskyldan er ekki sátt við það.

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (8:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (20:42)

18.30 **Líló og Stitch (19:28)** (Lilo & Stitch)
18.54 **Víkingalottó**
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljósið**
20.00 **Gettu betur (2:7)** Spurningakeppni framhaldsskólanna í beinni útsendingu. Í þessum þætti eigast við Menntaskólinn í Kópavogi og Verzlunarskóli Íslands.
21.00 **Óp** Þáttur um áhugamál unga fólksins.
21.25 **Regnhlífarnar í New York (5:10)** Textað á síðu 888 í Textavarpi.
22.00 **Tíufréttir**
22.20 **Handboltakvöld**
22.40 **Nektarmyndir á Viktoríutímanum** (The Victorian Nude) Heimildarmynd um nekt í breskri myndlist á dögum Viktoríu drottningar.

23.40 Mósaík **0.15** Kastljósið **0.35** Dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey (e) **10.20** Ísland í bítið

12.00 Neighbours **12.25** Í fínu formi **12.40** Two and a Half Men **13.05** The Osbournes **13.30** Whose Line is it Anyway **13.55** Idol Stjörnuleit **15.25** Idol Stjörnuleit **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Ísland í dag**
19.35 **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
20.00 **Strákarnir** Nýr þáttur með Sveppa, Audda og Pétri.
20.30 **You Are What You Eat (5:8)** (Mataræði) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á þessu sviði og hefur komið mörgum til aðstoðar.
20.55 **Supernanny (1:3)** (Ofurfóstran) Nýr myndaflokkur um ofurfóstruna Jo Frost en hún lætur óþekka krakka ekki komast upp með neitt múður.
21.45 **Life Begins (5:6)** (Nýtt líf) Breskur myndaflokkur frá höfundi Cold Feet.
22.35 **Oprah Winfrey** (Ricky Martin Travels To Meet Tsunami Orphans)Gestir Opruh koma úr öllum stéttum þjóðfélagsins en fræga fólkinu þykir mikilsvert að koma fram í þættinum.

23.20 The Land Girls **1.05** American Pie 2 (Bönnuð börnum) **2.55** Fréttir og Ísland í dag **4.15** Ísland í bítið (e) **5.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

17.45 Bingó (e)

18.30 **Innlit/útlit (e)**
19.30 **Borðleggjandi með Völla Snæ (e)**
20.00 **Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.
21.00 **America's Next Top Model** Leitin að þriðju ofurfyrirsætunni er hafin og að þessu sinni keppa 14 gullfallegar stúlkur um hinn eftirsótta titil Næsta ofurfyrirsætan.
22.00 **The Mountain – Fjallið** Fjölskyldufaðirinn David Carver byggði upp glæsilegustu og stærstu skíðaparadís landsins á viljanum einum saman, sem nú má muna fífil sinn fegri. Þegar hann deyr kemur hann fjölskyldunni í opna skjöldu með því að ánafna hinum uppreisnagjarna David yngri veldi sitt.

22.45 **Jay Leno**
23.30 Judging Amy (e) **0.15** Óstöðvandi tónlist

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Net (BB) **8.00** The Big One **10.00** Iceage **12.00** Matilda **14.00** Love Stinks **16.00** The Big One **18.00** Iceage **20.00** Matilda **22.00** Rookie of the Year **0.00** Love Stinks **2.00** The Net (BB) **4.00** Rookie of the Year (e)

OMEGA

18.00 Joyce Meyer **18.30** Fréttir á ensku **19.30** Ron Phillips **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce Meyer **22.00** Ewald Frank **22.30** Joyce Meyer **23.00** Fréttir **0.00** Um trúna og tilveruna

AKSJÓN

20.00 Snowcross 2004 5/5 **21.00** Níubíó. The Big Twist

MIÐVIKUDAGUR 16. FEBRÚAR

STÖÐ 2 BÍÓ
KL. 18.00
ICEAGE

Á ísöld eru margar hættur og þegar lítið barn verður viðskila við ættbálk sinn er ekki von á góðu. Margar stjörnur ljá persónum rödd sína.

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
19.15 Snooker: Masters London United Kingdom **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Golf: U.S. P.G.A. Tour At&t Pebble Beach **23.15** Golf: the European Tour **23.45** All Sports: Wednesday Selection

BBC PRIME
18.30 EastEnders **19.00** Location, Location, Location **19.30** Design Rules **20.00** Safe as Houses **21.00** We Got a New Life **22.00** Red Cap **22.50** Murder in Mind **23.45** Black Cab **0.00** American Visions **1.00** The Whirl of Vanity Fair **2.00** Pacific Studies

NATIONAL GEOGRAPHIC
18.30 Demolition Squad **19.00** Dogs with Jobs **19.30** Insects from Hell **20.00** Snake Killers – Honey Badgers of the Kalahari **21.00** Frontlines of Construction **22.00** Marine Machines **23.00** Battlefront **23.30** Battlefront **0.00** Frontlines of Construction **1.00** Marine Machines

ANIMAL PLANET
18.30 Big Cat Diary **19.00** Sharks in a Desert Sea **20.00** Journey of the Giant **21.00** Emergency Vets **21.30** Hi-Tech Vets **22.00** Killing for a Living **23.00** Pet Rescue **23.30** Breed All About It **0.00** Vets in Practice **0.30** Emergency Vets **1.00** Sharks in a Desert Sea

DISCOVERY
18.30 A 4X4 is Born **19.00** Mythbusters **20.00** Industrial Revelations – The European Story **20.30** Industrial Revelations – The European Story **21.00** Hitler's Doctors **22.00** The Real Rasputin **23.00** Forensic Detectives **0.00** Europe's Secret Armies **1.00** War of the Century

MTV
19.00 MTV Making the Movie **19.30** Making the Video **20.00** Punk'd **20.30** Jackass **21.00** Top 10 at Ten **22.00** The Lick **23.00** Pimp My Ride **23.30** Dirty Sanchez

VH1
19.30 Then & Now **20.00** When Super Models Ruled the World **21.00** Angelina Jolie Fabulous Life Of **21.30** Donld Trump Fabulous Life Of

E! ENTERTAINMENT
18.30 Extreme Close-Up **19.30** Behind the Scenes **20.00** E! Entertainment Specials **21.00** Celebrities Uncensored **22.00** Scream Play **23.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **0.30** Dr. 90210

CLUB
18.45 Crimes of Fashion **19.15** Design Challenge **19.40** The Roseanne Show **20.25** Cheaters **21.10** Men on Women **21.35** My Messy Bedroom **22.00** Sex Tips for Girls **22.30** Spicy Sex Files

BBC FOOD
18.30 Dinner in a Box **19.30** Ready Steady Cook **20.00** Rick Stein's Food Heroes **21.00** Can't Cook Won't Cook **21.30** Chalet Slaves **22.30** Ready Steady Cook

CARTOON NETWORK
14.10 Ed, Edd n Eddy **14.35** Codename: Kids Next Door **15.00** Dexter's Laboratory **15.25** The Cramp Twins **15.50** The Powerpuff Girls **16.15** Megas XLR **16.40** Samurai Jack **17.05** Tom and Jerry **17.30** Scooby-Doo

JETIX
14.15 Digimon I **14.40** Spiderman **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

VIÐ MÆLUM MEÐ...

AMERICA'S NEXT TOP MODEL *SKJÁREINN* **kl. 21.00**

Hver verður næsta ofurfyrirsæta?

Sigurvegari í síðustu þáttaröð var Yoanna House.
Nú mætir Tyra Banks og fylgdarlið hennar aftur á skjáinn og heldur leitinni áfram að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna. Þetta er þriðja þáttaröðin sem gerð hefur verið í þessum frábæra raunveruleikaþætti en Skjár einn hefur sýnt þáttinn frá byrjun. Að þessu sinni keppa fjórtán stúlkur um titilinn. Þær eru eins mismunandi og þær eru margar og því erfitt að spá fyrir hver vinnur. Tyra og sérvaldir dómarar hennar leggja ýmsar þrautir fyrir stelpurnar í hverjum þætti og ákveða hver dettur út miðað við frammistöðu í þrautinni. Það er til mikils að vinna fyrir stelpurnar því sú sem vinnur fær fyrirsætusamning og myndir af sér í virtum tískublöðum. Hinar sem tapa þurfa þó ekki að örvænta þar sem margar af stúlkum síðustu þáttarða sem hafa ekki unnið hafa samt gert það gott í tískuheiminum.

Fjórtán stelpur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta Bandaríkjanna.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„Only demons should fear me... and you're not a demon are you?"

Svar: Þabbinn úr kvikmyndinni Frailty frá árinu 2001.



22.00 *Íþróttir*

OLÍSSPORT. Arnar, Hörður, Guðjón og Þorsteinn fjalla um helstu íþróttaviðburði hér heima og erlendis.

SÝN

17.00 Jing Jang **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

19.00 **Making of Finding Neverland**
19.20 **Bestu bikarmörkin** (Chelsea Ultimate Goals) Bikarveisla að hætti Chelsea en félagið hefur þrisvar sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).
20.15 **UEFA Champions League** (Liverpool – Olympiakos) Útsending frá síðari leik Liverpool og Olympiakos í A-riðli. Viðureign félaganna var í síðustu umferð Meistaradeildarinnar í desember sl. en Liverpool varð að vinna leikinn til að komast í 16 liða úrslit.
22.00 **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
22.30 **David Letterman**

23.15 Bandaríska mótaröðin í golfi

POPP TÍVÍ

7.00 Jing Jang 18.00 Fríða og Dýrið (e) **19.00** I Bet You Will (Veðmál í borginni) **19.30** Idol Extra (e) **20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.30** Gary the Rat (Good Execution) **22.03** Jing Jang **22.40** Real World: San Diego

MGM
19.30 Wisdom **21.20** He's My Girl **23.05** Along Came Jones **0.35** The Killing Streets **2.20** Conflict of Intrest **3.50** Caveman

TCM
20.00 King Solomon's Mines **21.40** Ride the High Country **23.10** Home From the Hill **1.35** The Angel Wore Red **3.15** Ivanhoe

HALLMARK
18.30 Early Edition **19.30** Law & Order Iv **20.15** Kidnapped: The Elizabeth Smart Story **21.45** State of Mind

DR1
19.00 Nationen **19.20** DR Dokumentar – Hvide verden **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Der var engang i Amerika **22.45** Onsdags Lotto **22.50** Arbejdsliv **23.20** Boogie

SV1
19.00 Packat & klart **19.30** Djurgalen **20.00** Alla säger I love you **21.40** Bakom Killinggängets Fyra nyanser av brunt **22.05** Rapport **22.15** Kulturnyheterna **22.25** Miraklet

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Góðan dag með Sigurði G. Tómassyni. **9.03** Dagmál Odds Ástráðssonar og Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.
12.15 Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni með Sigmundi Erni Rúnarssyni og Sigurjóni M. Egilssyni. **13.01** Hrafnaþing með Ingva Hrafni Jónssyni.
14.03 Er það svo með Ólafi B. Guðnasyni. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur. **17.59** Á kassanum með Illuga Jökulssyni.
19.30 Endurtekin dagskrá dagsins.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.05 Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Það rignir í Nantes **11.03** Samfélagið í nærmynd
12.50 Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan, Innstu myrkur **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.26** Spegillinn
19.00 Vítinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Þjóðbrók **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **22.15** Lestur Passíusálma **22.25** Óskrið sprengir kyrrðina
23.05 Fallegast á fóninn

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi
12.20 Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2
18.26 Spegillinn **20.00** Gettu betur **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt
0.10 Glefsur **1.03** Ljúfir næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið - Það besta úr vikunni **9.00** Gulli Helga
12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson (Íþróttir eitt) **16.00** Jói Jó
18.30 Kvöldfréttir Stöðvar 2 og Bylgjunnar **19.30** Bjarni Ólafur Guðmundsson - Danspartí Bylgjunnar.

ÚTVARP SAGA FM 99,4

09.03 Ólafur Hannibalsson **10.03** Símatími (Umsj. Arnþrúður Karlsd.) **11.03** Arnþrúður Karlsdóttir
12.25 Smáauglýsingar (Sími: 904-1994) **13.00** Íþróttafréttir **13.05** Á föstunni **14.03** Gústaf Níelsson **15.03** Þorgrímur Gestsson
16.03 Viðskiptaþátturinn: (Blaðamenn Viðskiptablaðsins) **17.05** Tölvur og tækni **18.00** Heil og Sæl **20.00** Endurflutningur

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is

HRÓSIÐ

... fá hetjurnar þrjár; Alexander Theódórsson, Arnar Þór Stefánsson og Róbert Heiðar Halldórsson. Alexander og Arnar björguðu lífi Róberts á laugardaginn var þegar gat hafði komið á lunga hans. Róbert komst undir læknishendur og er við fína heilsu.

3 SPURÐIR

Finnst þér rétt að afnema afnotagjöld á RÚV?

HEIÐAR AUSTMANN
þáttastjórnandi.

Horfi aldrei á RÚV

Já, alveg hispurslaust og eitthundrað og níutíu prósent! Ég fékk einmitt rukkun fyrir ári síðan í sambandi við afnotagjöld því ég á sjónvarp. En það er ekki fræðilegur möguleiki að ég borgi nema þeir lagi dagskrána. Ég horfi aldrei á RÚV og mér finnst því ekki að ég ætti að þurfa að borga fyrir það. Þetta er allt of gamaldags og það ætti að afnema þessi gjöld ekki seinna en strax.

ELMA DÖGG GONZALES
þáttastjórnandi.

Tala fyrir hönd ömmu og fjölskyldunnar

Ég er nú ekki búin að pæla mikið í þessu en ég er á móti þessum afnotagjöldum. Það er reyndar frekar stutt síðan ég fór að búa ein svo þetta hefur ekki snert mig mikið. En ég er á móti þessu og þá tala ég aðallega fyrir hönd ömmu minnar og fjölskyldu minnar því ég veit að þau eru örugglega ekki ánægð með þetta.

HUGRÚN HARÐARDÓTTIR,
ungfrú Ísland.

Horfi langmest á Skjá einn

Já, mér finnst það, alveg pottþétt. Mér fyndist allt í lagi að við fengjum að horfa á þetta efni sem þeir bjóða upp á frítt. Ég vil fá að velja það sjálf hvaða stöðvar ég kaupi og þar sem ég horfi frekar lítið á RÚV finnst mér að það ætti að afnema afnotagjöldin. Ég horfi langmest á Skjá einn, ég kíki kannski aðallega á fréttirnar á RÚV en lítið annað.



Lárétt: **2** lögun, **6** í röð, **8** þvottur, **9** fjanda, **11** dýramál, **12** skóflum, **14** taka höndum, **16** tveir eins, **17** læt af hendi, **18** hræðist, **20** sólguð, **21** góður matur.
Lóðrétt: **1** heill, **3** pot, **4** sterklega gerður, **5** grip, **7** trosnaðir þræðir, **10** keyra, **13** í æskublóma, **15** mjög, **16** bætti við, **19** slá.

Lausn

Lárétt: **2** form, **6** st, **8** tau, **9** ára, **11** mu, **12** rekum, **14** fanga, **16** jj, **17** gef, **18** óar, **20** ra, **21** krás.
Lóðrétt: **1** ósár, **3** ot, **4** rammger, **5** mun, **7** trefjar, **10** aka, **13** ung, **15** afar, **16** jóik, **19** rá.

[VEISTU SVARIÐ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Fangelsið á Akureyri.
2. Valur.
3. Alþýðusamband Íslands.

birta
» BETRI SJÓNVARPSDAGSKRÁ Á MIÐVIKUDÖGUM

ANNA FRIÐRIKSDÓTTIR: AMMA NÓA ALBÍNÓA HELDUR ÁFRAM AÐ HRELLA ÞRÖST LEÓ

Undirheimastríð á Þorlákshöfn

Stuttmyndin Car Jacking Granny var tekin upp í Þorlákshöfn í lok nóvember á síðasta ári fyrir sjónvarpsstöðina France 2. Verður hún sýnd víða um Evrópu á næstunni.

Myndin, sem er tíu mínútna löng, fjallar um hnefaleikakappa sem kemur til Íslands til að taka þátt í bardaga í undirheimunum. Leikstjóri er Lars Blumers sem er ungur og vinsæll leikstjóri búsettur í Frakklandi. Á meðal leikara eru Þröstur Leó Gunnarsson, Þjóðverjinn Mario Irrek, Anna Friðriksdóttir og Davíð Ólafsson. Þröstur leikur hnefaleikaþjálfara en Irrek fer með hlutverk boxarans. Anna leikur aftur á móti búðarþjóf sem fléttast inn í söguþráðinn.

Þröstur Leó og Anna hafa áður unnið saman í myndinni Nóa albínóa þar sem þau léku fremur sérstök feðgin. Blumers fékk nokkrar íslenskar kvikmyndir í hendurnar til að finna hentuga leikara fyrir myndina og heillaðist þá mikið af leik þeirra beggja í Nóa og réð þau til verksins. „Þetta gekk nokkuð vel, mér var að minnsta kosti talin trú um að það væri engin eftirsjá að því að fá mig til að leika í myndinni," segir Anna um hlutverk sitt. „Mér fannst þetta skemmtilegra en Nói. Þýski strákurinn sem var á móti mér var líka meiriháttar," segir hún. „Ég hafði líka gaman af því að hrekkja hann Þröst Leó."

Ítalskt kvikmyndafyrirtæki hefur keypt hlut í myndinni ásamt franska fyrirtækinu Numero 4. Kvikmyndamiðstöð Íslands kom að fjármögnun myndarinnar ásamt kvikmyndafyrirtækinu Radar, sem framleiddi myndina fyrir France 2.

Þess má geta að ljósmyndin sem fylgir greininni var tekin af Robert Crash sem var á sínum tíma meðlimur hljómsveitarinnar Eurythmics sem var upp á sitt besta á níunda áratugnum.

freyr@frettabladid.is

MYND: WWW.CRASH-ART.COM

AÐALLEIKARAR Mario Irrek, Anna Friðriksdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson í hlutverkum sínum í Car Jacking Granny.

Tröllakirkja hrífur Þjóðverja

„Á ljósmynd lítur hann út eins og maður ímyndar sér verstu sögupersónuna í skáldsögu hans, skeggjaður, svolítið uppblásinn, örlítið þokukenndur," segir Peter Urban-Halle í þýska dagblaðinu Berliner Zeitung. Hann er þarna að tala um rithöfundunn Ólaf Gunnarsson í ritdómi um Tröllakirkju.

Tröllakirkja kom út í Þýskalandi nýverið og Urban-Halle er greinilega býsna hrifinn af verkinu þrátt fyrir þessa kostulegu athugasemd um útlit höfundarins.

Hann er ekki einn um það, því undanfarið hafa birst í Þýskalandi nokkrir dómar um bókina, sem allir eru á eina lund. Menn hrífast af Tröllakirkju þar í landi.

Í dagblaðinu Frankfurter Allgemeine Zeitung segir Günter Brandorff til dæmis að Ólafur Gunnarsson sé sá íslenskra samtímahöfunda sem bækur hafa birst eftir í Þýskalandi, „sem hefur með einna áhrifamestum hætti tekið upp þráðinn frá hinum mikla starfsbróður sínum, Halldóri Laxness".

Tröllakirkja nefnist „Niemand wie Ich" á þýsku, og þýðir sá titill „Enginn eins og ég". Sagan fjallar um arkitekt sem fyllist hefndarhug eftir að syni hans er nauðgað.

EINS OG SÁ VERSTI Ólafur Gunnarsson, höfundur Tröllakirkju, hefur fengið góða dóma í Þýskalandi undanfarið.

BT Flatir dagar halda áfram

Kynntu þér frábær ADSL tilboð
BTnet

MEDION® V6 XXL TV

Vinsælasta tölvan kominn aftur!
Nú með Sjónvarpskorti, fjarstýringu og þráðlausu netkorti!

ATI Skjákort
RADEON 9800 XXL er öflugasta skjákortið í 9800 seríunni. Þökk sé enn meiri afkastagetu, öflugri 3 víddar og myndvinnslutækni.

MEDION V6 XXL TV
- Intel P4 3,0 GHz 512 KB (FSB800)
- ATI Radeon 9800 XL; 128 MB DDR
- 160 GB Harður diskur
- 16x DVDROM
- DVD Skrifari
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Innbyggt þráðlaust netkort
- 512 MB DDR (400 MHz - Dual)

HyperThreading
Eykur afköst örgjörvans um allt að 30% miðað við sambærilegan Intel Pentium örgjörva án HyperThreading.

Media Bay
Gerir þér kleift að lesa allar gerðir minniskorta. Allar mynd- og hljóðtengingar einnig að framan. Fire wire, 2 USB tengi, Smart Media/XD, Memory Stick, SD/MMC, Smart Card, Compact Flash, SVHS, Audio.

DVD skrifari
Auðvelt að afrita DVD myndirnar. Einnig rúma DVD diskar 7 sinnum meira gagnamagn en það sem gömlu diskarnir geyma.

Firewire
Gerir stafræna myndvinnslu að veruleika. Nú er leikur einn að færa myndskeið af stafrænni tökuvél og klippa í tölvunni.

Þráðlaust net
Tölvan kemur með innbyggðu þráðlausu netkorti

Tengdu við sjónvarp
Það er auðvelt að tengja tölvuna þína við sjónvarp. Nú getur þú spilað DVD myndir út af tölvunni meðan þú heldur áfram að vinna ritvinnslunni.

2 Drif auðvelda afritun
Auðvelt er að afrita DVD myndirnar. Einnig rúma DVD diskar um 7 sinnum meira gagnamagn en það sem eldri diskarnir geyma.

4.353*

Vinsælasta tölva á íslandi

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

VÍS 4.353*	12.999**	155.988
Tölvukaupalán 48 mán.	Vaxtalaust 12 mán.	Staðgreitt

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

VARÚÐ! Rugl tilboð

Losaðu þig við gamla hlunkinn!

Skilaðu gamla skjánum og fáðu...

10.000 kr upp í flatan skjá!
(Gildir einnig með tölvutilboðum)

MEDION MD 6155

19.999

~~29.999~~

MEDION® V6 CLAWHAMMER SE3

- AMD Athlon64 3000+
- ATI Radeon 9200 SE; 128 MB
- 160 GB Harður diskur
- 512 MB DDR PC3200 (400MHz)
- DVD Skrifari - Dual Layer

VÍS 3.420*	9.999**	119.988
Tölvukaupalán 48 mán.	Vaxtalaust 12 mán.	Staðgreitt

3.420*

Rugl verð

DVD skrifari
Auðvelt að afrita DVD myndirnar. Einnig rúma DVD diskar 7 sinnum meira gagnamagn en það sem gömlu diskarnir geyma.

DV ready
Nú er ekkert mál að tengja tökuvélina við tölvuna, klippa til og skrifa á DVD.

Innbyggður kortalesari
gefur þér þann möguleika að setja minniskort úr myndavélum beint í tölvuna. Aukin þægindi.

AMD64
Nýjasta tæknin frá AMD. 64 bita örgjörvinn er mjög afkastamikill.

ATI skjákort
Radeon 9200SE kortið ræður við alla nýjustu leikina.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR — SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAKPANKAR

SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

Gagnrýnandi fellur á prófi

Til er blaðamaður sem í hverri viku opinberar skoðanir sínar á vinnubrögðum kollega sinna, aðallega því sem blaðamanninum þykir ekki nógu vel gert. Eins og með svo marga finnst honum hann oftast vita betur. Þannig er því háttað að blaðamaðurinn skrifar í blað sem fer ekki víða, ekkert sérstaklega. Það er svo sem lofsvert að einhver sitji daga langa og finni að því sem aðrir gera. Kannski hefur einhver gaman af, og jafnvel einhver gott, en vísast fær blaðamaðurinn útrás með tjáningunni.

ÞAÐ SEM VARAST vildi hann, varð að koma yfir hann, kom í hugann þegar ég óvart sá blaðamanninn í sjónvarpsþætti flytja frétt um skaðleysi, eða því sem næst, óbeinna reykinga. Með einhvers konar reikningskúnstum komst blaðamaðurinn að því að starf flugfreyja væri í raun hættulegra en þeirra sem vinna á veitingahúsum, þar sem er reykt. Má vel vera að rétt sé, en ekki er hægt að byggja á fréttaúttektinni miklu einni saman.

Í REIKNINGSDÆMINU fann blaðamaðurinn út, samkvæmt einhverjum gefnum forsendum, að hætta á að látast af óbeinum reykingum væri svo og svo mikil, og kannski alls ekki mikil. Sem sagt, niðurstaðan var fengin. En gleymdist eitthvað? Ah, jú. Auðvitað þarf að taka tillit til þess að óbeinar reykingar eru ekki alltaf jafn miklar, og því ekki alltaf jafn hættulegar. Til dæmis eru þeir sem starfa á leikskólum, í kirkjum, sundlaugum og til dæmis á sjúkrahúsum ekki í eins mikilli hættu og þeir sem starfa á barnum þar sem meðaldrykkjubolti dregur í sig kannski hálfan annan pakka á einu kvöldi.

ÞAÐ GETUR verið auðvelt að vísa veginn og fara hann ekki sjálfur. Þeir sem hafa það starf sýnilegast að setja út á vinnubrögð annarra verða að gæta sín á einföldustu byrjendaþrautum. Formaður Blaðamannafélagsins sagði upp á fréttastofu þegar hann gleymdi tímamuni milli okkar lands og Ameríku, gagnrýni blaðamaðurinn heldur eflaust áfram að finna að öðrum þótt hann fatti ekki að óbeinar reykingar eru ekki alltaf eins. Við hin vitum að þær eru í mörgum myndum, mismiklar og mishættulegar. Hættulegastar þar sem þær eru mestar. ■

Taktu vinnuna með

Fyrsta flokks fartölvur á frábæru verði

Fríton/SIA/Dell

Dell™ Latitude™ D505 er byggð á Centrino™ tækninni frá Intel.® Þess vegna getur þú hætt að slá af kröfum þínum um vinnsluhraða, stöðugleika og tengimöguleika þótt hún sé svona létt og meðfærileg. Hún kemur einfaldlega í staðinn fyrir borðtölvuna þína og vinnur síst minna þó hún sé fallegri.

Dell™ Latitude™ D505

- Intel® Centrino™ með Intel® Pentium® M 725 örgjörva (1.6GHz 2MB L2 Cache) og Intel® PRO 2200 þráðlausu netkorti (802.11b/g)
- Microsoft® Windows® XP Professional
- 40GB harður diskur
- 512MB 333MHz vinnsluminni
- DVD/+RW geislaskrifari
- 15" XGA skjár (1024 x 768)
- Þyngd frá 2.3 kg
- 33 mm x 338 mm x 273 mm (h x b x d)

Verð **159.900,-** m/vsk

Dell prentarar kosta ennþá minna en venjulega ef þú kaupir Latitude™ fartölvu.

EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig.

DELL™

©2004 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra íhluta er einungis gilt þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell lógóið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation. Intel, Intel Inside lógóið, Intel Centrino, Intel Centrino lógóið, Pentium, Pentium III Xeon, Intel Xeon, Itanium, Intel SpeedStep, og Celeron eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjum Norður Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annarra. Microsoft og Windows eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra. Akveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni. Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notanda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft verður skýrt við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins, við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

TILBOÐSVERÐ Í TVÆR VIKUR

15% AFSLÁTTUR

BRIDGESTONE

BLIZZAK LOFTBÓLUDEKK

Dekkjaþjónusta Bridgestone í Lágmúla 9.

BRÆÐURNIR ORMSSON

DEKKJAVERKSTÆÐI LÁGMÚLA 9 SÍMI 530 2846

Nagladekk *skemma* götur, *menga* andrúmsloftið og *sletta* tjöru!